



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

ÁRSSKÝRSLA **2019**

**Útgefandi:** Háskólinn á Akureyri

**Ritstjórn:** Sólveig María Árnadóttir


**Prófarkalestur:** Finnur Friðriksson

**Ljósmyndarar:** Nenne Springer,  
Auðunn Nielsson, Daníel Starrason,  
Elvar Freyr Pálsson og myndir úr safni  
Háskólans á Akureyri

**Grafísk vinnsla:** Margrét Káradóttir

## EFNISYFIRLIT

Skipurit og stjórn .....	4
Reglur og stefnumál.....	7
Formáli rektors .....	8
Starfsfólk.....	11
Gæðamál .....	15
Góðvinir Háskólans á Akureyri.....	16
Heilbrigðisvísindasvið.....	19
Hug- og félagsvísindasvið .....	25
Miðstöð skólaþróunar – MSHA .....	33
Viðskipta- og raunvísindasvið.....	35
Miðstöð doktorsnáms .....	41
Rannsóknir við Háskólann á Akureyri.....	42
Fjármál og greining .....	44
Markaðs- og kynningarmál.....	46
Miðstöð alþjóðasamskipta.....	48
Rannsóknarþing norðursins – NRF .....	49
Nám og stúdentar .....	50
Nemendaskrá.....	55
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA .....	57
Bókasafn og upplýsingaþjónusta .....	60
Kennslumiðstöð KHA .....	63
Stúdentafélag Háskólans á Akureyri – SHA .....	64
Félagsstofnun stúdenta á Akureyri – FÉSTA .....	66
Símenntun Háskólans á Akureyri .....	67
Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri .....	68
Rannsóknamiðstöð ferðamála – RMF .....	70
Samningar .....	73
Eitt og annað.....	74
Ársreikningur 2019 .....	80
Brautskráningarræða rektors.....	82
Brautskráning frá Háskólanum á Akureyri.....	86
Brautskráðir, nafnalisti .....	88
Brautskráðir, hópmyndir .....	95
Lokaverkefni .....	98



Skipurit HA 2019. Samþykkt af háskólaráði 20. desember 2018

## STJÓRN

Yfirstjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan skólans. Háskólaráð hélt níu fundi frá janúar til desember.

Háskólafundur er haldinn að minnsta kosti einu sinni á ári. Hann er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar stúdenta, kennara og annars starfsfólks sitja háskólafundi. Háskólafundur var haldinn 5. júní 2019.

Framkvæmdastjórn sér um samræmingu á daglegum rekstri háskólans. Þar er farið yfir fjármál, áætlanagerð og uppgjör, tekna ákvarðanir um samstarfssamninga og rætt um framgang þróunarverkefna og nýsköpunar, auk samræmingar verkefna á milli einstakra akademískra skipulagseininga og háskólaskrifstofu. Í framkvæmdastjórn sitja rektor, sem er í forsæti, framkvæmdastjóri og forsetar fræðasviða. Þá sitja framkvæmdastjórnarfundir, með málfrelsi og tillögurétt, forstöðumaður fjármála og gæðastjóri háskólans, skv. reglum nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum.

Við háskólann starfar gæðaráð. Meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans.

Gæðaráð skipuðu árið 2019 gæðastjóri, sem var í forsæti, fulltrúar fræðasviða, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA og forstöðumaður nemendaskrár og enn fremur tveir fulltrúar stúdenta, tilnefndir af

Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri, og tveir fulltrúar sem starfsfólk tilnefndu, annar var fulltrúi akademísku starfsfólks og hinn fulltrúi starfsfólks við stjórnýsly og stoðþjónustu.

**Háskólaráð er skipað skv. lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum.**

**Háskólaráð var þannig skipað á fyrri hluta árs:**

Eyjólfur Guðmundsson rektor, formaður háskólaráðs  
Björn Ingimarsson, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra  
Hermína Gunnþórsdóttir prófessor, fulltrúi háskólasamfélagsins  
Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins  
Sólveig María Árnadóttir, fulltrúi stúdenta  
Brynhildur Pétursdóttir framkvæmdastjóri, fulltrúi háskólaráðs  
Finnbogi Jónsson framkvæmdastjóri, fulltrúi háskólaráðs

**Til vara:**

Lára Halldóra Eiríksdóttir kennari, fulltrúi mennta- og menningar-  
málaráðherra  
Edward H. Huijbens prófessor, fulltrúi háskólasamfélagsins  
Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður, fulltrúi háskólasamfélagsins  
Lísa Margrét Rúnarsdóttir, fulltrúi stúdenta  
Erla Björg Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri, fulltrúi háskólaráðs

## STJÓRN

---

### Nýtt háskólaráð tók til starfa í september, skipunartími er til september 2021:

Eyjólfur Guðmundsson rektor, formaður háskólaráðs

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, yfirmaður samskipta og samfélagsmála, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra

Birna G. Konráðsdóttir, verkefnastjóri hug- og félagsvísindasviðs, fulltrúi háskólasamfélagsins

Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður, fulltrúi háskólasamfélagsins

Sólveig María Árnadóttir, fulltrúi stúdenta

Katrín Björg Ríkarðsdóttir framkvæmdastjóri, fulltrúi háskólaráðs

Kristján Þór Magnússon bæjarstjóri, fulltrúi háskólaráðs.

Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent tók sæti í háskólaráði í nóvember í stað Birnu G. Konráðsdóttur sem lét af störfum við háskólann.

### Til vara:

Jón Helgi Pétursson, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra  
Rúnar Gunnarsson verkefnastjóri, alþjóðafulltrúi, fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristján Pétur Andrússon, fulltrúi stúdenta

Brynhildur Pétursdóttir framkvæmdastjóri, fulltrúi háskólaráðs

### Rektor:

Eyjólfur Guðmundsson

Staðgengill rektors á fyrri hluta árs var Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs. Rannveig Björnsdóttir, forseti Viðskipta- og raunvísindasviðs, var staðgengill frá 1. ágúst.

### Framkvæmdastjóri:

Hólmar Svansson

### Gæðastjóri:

Sigrún Magnúsdóttir til 31. ágúst

### Gæða- og mannauðsstjóri (ný staða):

Vaka Óttarsdóttir frá og með 1. september

### Fræðasvið og forsetar fræðasviða:

Háskólinn skiptist í þrjú fræðasvið skv. 7. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri, með síðari breytingum.

### Heilbrigðisvísindasvið:

Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir. Staðgengill á fyrri hluta árs var Gísli Kort Kristófersson. Sólrún Óladóttir tók við á haustmisseri.

### Hug- og félagsvísindasvið:

Anna Ólafsdóttir var starfandi forseti til 31. júlí. Elín Díanna Gunnarsdóttir er forseti fræðasviðsins frá og með 1. ágúst.

Staðgengill forseta á fyrri hluta árs var Laufey Petrea Magnúsdóttir en frá og með september Guðmundur Engilbertsson.

### Viðskipta- og raunvísindasvið:

Rannveig Björnsdóttir. Staðgengill forseta á fyrri hluta árs var Guðmundur Kr. Óskarsson.

Frá og með 1. ágúst var Hjördís Sigursteinsdóttir staðgengill forseta.

### Forstöðumaður Fjármála og greiningar:

Harpa Halldórsdóttir

### Forstöðumaður Nemendaskrár:

Starfsemi Nemendaskrár var til endurskoðunar. Þjónustuborð Nemendaskrár heyrði undir Markaðs- og kynningarsvið en önnur verkefni voru leyst í samvinnu skrifstofustjóra og Kennslumiðstöðvar HA. Nýr forstöðumaður Nemendaskrár var ráðinn vorið 2020.

### Forstöðumaður Markaðs- og kynningarmála:

Katrín Árnadóttir

### Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar HA – RHA:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

### Forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu:

Astrid Margrét Magnúsdóttir

### Forstöðumaður Miðstöðvar náms- og starfsráðgjafar:

Solveig Hrafnadóttir

### Forstöðumaður Kennslumiðstöðvar HA – KHA:

Auðbjörg Björnsdóttir

### Forstöðumaður Miðstöðvar doktorsnáms við Háskólann á Akureyri:

Lars Gunnar Lundsten

### Forstöðumaður Rekstrar fasteigna:

Gunnar Rúnar Gunnarsson

### Forstöðumaður Símenntunar við HA:

Elín Margrét Hallgrímsdóttir



# REGLUR OG STEFNUMÁL SAMÞYKKT Í HÁSKÓLARÁÐI 2019

---

Háskólaráð samþykkti þann 21. febrúar *breytingar á reglum um Vísindasjóð Háskólans á Akureyri frá 18. okt. 2010*. Breytingin lýtur að reglum um Rannsóknasjóð HA.

Þann 21. febrúar samþykkti háskólaráð jafnframt *Reglur um innritun nýrra stúdenta á 3. eða 4. námsári í hjúkrunarfræði við HA*.

#### **Háskólaráð samþykkti 24. apríl eftirfarandi um fjöldatakmörkun:**

*Fjöldatakmörkun í nám á 1. ári í hjúkrunarfræði við Heilbrigðisvísindasvið á vormisseri 2020.*

*Fjöldatakmörkun í nám á 1. ári í sálfræði við Hug- og félagsvísindasvið á vormisseri 2020.*

Þann 24. apríl samþykkti háskólaráð einnig *Reglur nr. 541/2019 um breytingu á reglum nr. 596/2014 um gjaldskrá Háskólans á Akureyri*.

Þá samþykkti háskólaráð einnig þann 24. apríl *Upplýsingaöryggisstefnu Háskólans á Akureyri og Persónuverndarstefnu Háskólans á Akureyri*.

Háskólaráð samþykkti 23. maí *Reglur um viðbrögð við einelti, ofbeldi, kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Háskólans á Akureyri*.

Háskólaráð samþykkti einnig 23. maí *Reglur vegna málefna fyrrverandi starfsmanna Háskólans á Akureyri á eftirlaunum*.

Háskólaráð samþykkti 24. október *Launastefnu Háskólans á Akureyri*.

Háskólaráð samþykkti þann 21. nóvember *breytingar á reglum um Vísindasjóð frá 18. okt. 2010*. Breytingin lýtur að reglum um Ferðasjóð HA.

Þann 21. nóvember samþykkti háskólaráð ennfremur *Skjalastefnu Háskólans á Akureyri*.

## FORMÁLI REKTORS

---

Árið 2019 markar tímamót í sögu Háskólans á Akureyri. Þegar lítið er til starfsemi skólans þá hefur hann aldrei haft fleiri stúdentna, sinnt meiri rannsóknnum né tekið viðtækari þátt á margvíslegum sviðum íslensks samfélags. Segja má að háskólinn hafi lokið unglingsárum sínum sem háskólastofnun og sé nú að hefja tímabil vaxtar og þroska sem mun leiða til þess að hann verður ein af helstu mennta- og rannsóknastofnunum íslensks samfélags. Þetta er mikill árangur sem náðst hefur á rétt rúmlega þrjátíu árum.

Starfsemi háskólans er hægt að skipta í þrjú megin svið. Í fyrsta lagi miðlar starfsfólk þekkingu í gegnum það nám sem fram fer á öllum þremur námsstigum háskóla – bakkalárnámi, meistaranámi og doktorsnámi. Í öðru lagi sinnir fræðafólk háskólans rannsóknnum og tekur þátt í innlendu og erlendu rannsóknarsamstarfi sem eykur á þekkingarbrunn okkar allra, og sú þekking verður síðan hluti af námi hvers stúdents við skólann. Í þriðja lagi nýtir svo starfsfólk háskólans þekkingu sína með ýmsum hætti í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki víða um land, ásamt því að taka þátt í að uppfærða almenning um þau fræði og vísindi sem stunduð eru við Háskólann á Akureyri.

Haustið 2019 voru 2466 stúdentar skráðir til náms við Háskólann á Akureyri – mesti fjöldi frá upphafi. Fjöldinn hefði verið enn meiri ef ekki hefði komið til strangra aðgangstakmarkana við flestar námsbrautir skólans. Þessar takmarkanir voru nauðsynlegar svo skólinn geti rekið sig innan marka fjárlaga en stjórnvöld hafa á síðustu árum valið að hækka framlag á hvern stúdent frekar en að fjölga stúdentum við íslenska háskóla. Þetta hefur komið sér illa fyrir Háskólann á Akureyri þar sem vinsældir skólans hafa aukist verulega frá árinu 2013. Það haust stunduðu 1568 stúdentar nám við HA og er því aukningin rétt tæplega 60% á þessu tímabili.

Í ljósi þess mikla álags sem hvílt hefur á starfsfólki skólans er það sérstaklega ánægjulegt að árið 2019 var jafnframt metár í birtingu rannsóknaniðurstaðna við skólann mælt samkvæmt stigamati opinberu háskólanna. Fræðafólk skólans skilaði í fyrsta sinn yfir 3000 rannsóknastigum í heildina, sem er veruleg aukning frá þriggja ára meðaltali rannsóknastiga, sem eru rétt rúmlega 2300 stig. Veruleg aukning er á milli árunna 2018 og 2019 eða tæp 20%. Þá var jafnframt ánægjulegt að fræðafólk skólans fékk úthlutað tveimur styrkjum frá Rannís og Horizon 2020, samtals að upphæð 35 milljónum króna til þriggja ára. Aukin sókn í samkeppnissjóði er lyklatríði til þess að unnt sé að fjármagna nám og rannsóknir doktorsnema á komandi árum. Í þessari ársskýrslu má lesa um rannsóknir á hverju fræðasviði ásamt því að sérstakur kafli fjallar um rannsóknir við skólann í heild sinni. Í þessum umfjöllunum sést glöggst hversu fjölbreytt rannsóknastarf er stundað við Háskólann á Akureyri.

Háskólinn á Akureyri telur það mikilvægt hlutverk sitt að koma þekkingu og fræðum sérfræðinga út til samfélagsins í heild sinni. Þannig tekur starfsfólk skólans þátt í margvíslegum verkefnum sem tengjast námi og kynningu á vísindum fyrir yngri skólastig, rekur vísindaskóla á sumrin og býður ungu fólki að kynna Íslenskum sjávarútvegi í gegnum sjávarútvegsskóla unga fólksins. Rannsakendur og ráðgjafar taka þátt í þróun skólastarfs á öllum skólastigum ásamt því að vinna greiningar á hinum ýmsu verkefnum út frá byggðafræðum og samfélagslegri þróun. Þannig kemst þekking fræðafólks HA beint til skila til samfélagsins. Rannsóknir, nám og hagnýting þessara þátta eru í raun lykillinn að velgengni landsins til framtíðar. Þetta þrennt verður því ekki slitið úr samhengi hvert við annað og allir háskólar verða að standa fyrir því að nýjasta þekking sé nýtt til þess að bæta samfélög heimsins í gegnum rannsóknir, í gegnum menntun einstaklinga og með því að taka þátt í samfélagslegri umræðu um málefni líðandi stundar.

Eitt af þeim málum sem því miður hefur ekki verið rætt nægilega mikið í samfélaginu eru forsendurnar fyrir þeim aðgangstakmörkunum sem Háskólinn á Akureyri hefur þurft að beita síðustu þrjú ár. Þrátt fyrir að tekin hafi verið ákvörðun um að frysta stúdentafjölda í íslensku háskólakerfi er það óviðunandi að skólanum sé ekki gert kleift að sinna þeim mikla fjölda sem hefur viljað sækja nám sitt við hann á síðustu árum. Háskólinn hefur jafnrétti sem eitt af sínum grunnildum og þar er jafnrétti til náms, óháð búsetu eða bakgrunni viðkomandi, lyklatríði. Aðgangstakmarkanir eru hins vegar ætíð þannig að það er líklegra að þeir sem tilheyra tilteknum forréttindahópum eigi greiðari aðgengi að námi, t.d. vegna fjárhagslegrar stöðu, námsárangurs á fyrri skólastigum eða fjölskylduaðstæðna. Þrátt fyrir að deildir skólans hafi lagt mikla vinnu í að





reyna að ná til breiðs hóps stúdenta er ýmislegt í lögum og reglugerðum sem gerir það erfitt að gæta jafnræðis við mat á stúdentum þegar að forgangs röðun stúdenta kemur. Þessu verður að breyta en það verður eingöngu gert með því að fram fari umræða í íslensku samfélagi um það hvort við viljum, og þá með hvaða hætti, takmarka aðgengi að háskólum landsins. Það er ekki hægt að láta Háskólann á Akureyri – einan opinberu háskólanna fjögurra – svara þeirri spurningu, sérstaklega í ljósi þess að skólinn hefur sinnt stúdentum utan höfuðborgarsvæðisins með því að bjóða upp á sveigjanlegt námsform. Það er von mín að háskólinn muni á næstu misserum fá tækifæri til þess að vaxa og þroskast enn frekar með dyggum stuðningi stjórnvalda þannig að sem flestir þeirra stúdenta sem vilja stunda nám við skólann fái tækifæri til þess.

Árið 2019 hefur verið viðburðaríkt ár fyrir Háskólann á Akureyri og er það ekki síst að þakka þeim sterka mannaúð sem hefur lagt grunninn að því háskólasamfélagi sem skólinn er í dag. Nú er hins vegar að koma að kynslóðaskiptum þar sem margir af frumkvöðlunum við stofnun skólans eru að komast á eftirlaun og ný kynslóð er farin að taka við. Það er mjög ánægjulegt að sjá hversu öflugir einstaklingar hafa fengist til starfa við skólann á síðustu misserum. Þetta fólk mun byggja á þeim sterka grunnni sem frumkvöðlar skólans hafa byggt og mun færa Háskólann á Akureyri nær því takmarki að verða ein af helstu mennta- og rannsóknastofnunum landsins.

Stúdentum og starfsfólki þakka ég gott samstarf á árinu 2019 – Háskóli er samfélag fólks og þið hafið sýnt með verkum ykkar og vinnu að draumur okkar fyrsta rektors, Haraldar Bessasonar, um öfluga háskólastofnun var alls ekki svo fjarlægur veruleiki. Í lokaorðum greinargerðar hans um stofnun háskóla á Akureyri ritaði hann „Hugmyndir um hærri háskólagráður eru enn á reiki. Þó má ætla að ekki þurfi lengi að biða til þess að stúdentar geti stefnt að meistara- og doktorsgráðum ...“

Og þangað erum við komin aðeins þrjátíu árum seinna. Það gerðum við með sameinuðum kröftum og þrautseigju. Við hlökkum til að takast á við þær áskoranir sem tímabil vaxtar og þroska stofnunarinnar mun leiða í ljós á leiðinni að verða helsta mennta- og rannsóknarstofnun íslensks samfélags.

*Með vinsemd og virðingu,  
Eyjólfur Guðmundsson, rektor*



## STARFSFÓLK

Rektor Háskólans á Akureyri veitti framgang samkvæmt reglum nr. 1010/2016 um framgang og ótímabundna ráðningu akademísks starfsfólks við HA.

Framgangur er veittur 1. júlí ár hvert og einnig er veittur framgangur við nýráðningu.

### Eftirtalið starfsfólk fékk framgang 1. júlí 2019:

Brynhildur Bjarnadóttir, framgangur í stöðu dósents við Hug- og félagsvísindasvið.

Hermína Gunnþórsdóttir, framgangur í stöðu prófessors við Hug- og félagsvísindasvið.

Sigrún Sigurðardóttir, framgangur í stöðu dósents við Heilbrigðisvísindasvið.

### Eftirtalið starfsfólk var í rannsóknarmissemi 2019:

Birna María B. Svanbjörnsdóttir lektor, vormissemi

Kristinn P. Magnússon prófessor, vormissemi

Margrét Hrönn Svavarsdóttir dósent, vormissemi

Sara Stefánsdóttir lektor, vormissemi

Elísabet Hjörleifsdóttir dósent, vormissemi

Gísli Kort Kristófersson dósent, haustmissemi

Guðmundur Kr. Óskarsson dósent, haustmissemi

Guðmundur Heiðar Frímansson prófessor, haustmissemi

Kjartan Ólafsson lektor, haustmissemi

Markus Meckl prófessor, haustmissemi

Oddur Þór Vilhjálmsson prófessor, haustmissemi

Ragnheiður Harpa Arnardóttir dósent, haustmissemi

Þorlákur Axel Jónsson aðjúnkt, haustmissemi

### Eftirtalið starfsfólk lauk doktorsprófi:



Valgerður S. Bjarnadóttir

Valgerður S. Bjarnadóttir varði doktorsritgerð sína á menntavísindasviði Háskóla Íslands þann 4. júní.

Ritgerðin heitir *The Complexities of Student Influence in Upper Secondary Schools in Iceland: Pedagogic Practice and Subject Hierarchies*.

Andmælendur við doktorsvörnina voru Lynn Davies, prófessor emeritus við University of Birmingham, og Michele Schweisfurth, prófessor við University of Glasgow. Leiðbeinandi var Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor á Menntavísindasviði HÍ, og meðleiðbeinandi var Elísabet Öhrn, prófessor við Göteborgs universitet. Valgerður er nýdoktor í verkefninu *Háskólar og lýðræði* við Háskólann á Akureyri.



Sean Michael Scully

Sean Michael Scully varði doktorsritgerð sína í líffræði við Háskóla Íslands þann 31. maí.

Ritgerðin heitir *Efnaskipti aínósýra og skyldra efna hjá Thermoanaerobactertegundum (e. Amino Acid and Related Catabolism of Thermoanaerobacter Species)*.

Andmælendur við doktorsvörnina voru Jessica Adams, vísindamaður við Aberystwyth University í Wales, og Pauline Vannier, sérfræðingur hjá Mátis ohf. Umsjónarkennari var Guðmundur Óli Hreggviðsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ og faglegur leiðtogi hjá Mátis ohf. Leiðbeinandi var Jóhann Örlygsson, prófessor við Háskólann á Akureyri. Sean Michael er aðjúnkt við Viðskipta- og raunvísindasvið HA.







## GÆÐAMÁL

Í september 2019 lauk Sigrún Magnúsdóttir störfum sem gæðastjóri háskólans og Vaka Óttarsdóttir tók við en þá sem gæða- og mannauðsstjóri. Að sama skapi breyttist starfsheiti og starfslýsing verkefnastjóra mannauðsmála og starfar hann nú sem verkefnastjóri gæða- og mannauðsmála. Með þessum breytingum gefst tækifæri til teymisvinnu auk þess sem áhætta fylgir því að þekking á ákveðnum málaflokki sé einungis hjá einum starfsmanni. Sigrún Magnúsdóttir hélt áfram störfum sem sérfræðingur og stýrir undirbúningi og skýrslugerð við stofnanaúttekt háskólans ásamt því að leiðbeina deildum í sjálfsmati.

Til þess að tryggja að Háskólinn á Akureyri standist alltaf þær gæðakröfur sem gerðar eru til hans er starfrækt gæðaráð við Háskólann á Akureyri. Meginhlutverk ráðsins er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans. Fundir ráðsins eru haldnir einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann og hélt það níu fundi árið 2019.

Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri var formaður gæðaráðs þar til í september þegar Vaka Óttarsdóttir tók við. Þrjár akademískir fulltrúar fræðasviða voru Kristín Margrét Jóhannsdóttir, lektor á Hug- og félagsvísindasviði, Arnheiður Eypórsdóttir, aðjúntk á Viðskipta- og raunvísindasviði, og Bergljót Borg, aðjúntk á Heilbrigðisvísindasviði. Fulltrúar starfsfólks voru þær Sigríður Sía Jónsdóttir lektor, fulltrúi akademískra starfsmanna, og Helena Sigurðardóttir kennsluráðgjafi, fulltrúi starfsmanna. Varamenn þeirra voru Sigrún Lóa Kristjánsdóttir verkefnastjóri og Margrét Elísabet Ólafsdóttir lektor. Fulltrúar stúdenta í gæðaráði voru Daníel Gunnarsson og Leifur Guðni Grétarsson. Varamaður stúdenta var Sólveig María Árnadóttir. Loks áttu sæti í ráðinu forstöðumaður Kennslumiðstöðvar, Auðbjörg Björnsdóttir, og forstöðumaður Nemendaskrár, Katrín Árnadóttir. Rannveig Gústafsdóttir, verkefnastjóri hjá RHA, var ritari gæðaráðs.

Í febrúar 2019 var þáverandi Félagsvísinda- og lagadeild skipt upp í þrjár deildir í kjölfar nokkurra mánaða breytingastarfs sem unnið var með öllu starfsfólki sviðsins. Sökum þessarar breytingavinnu var vinna deildarinnar við sjálfsmat sett á bið og hófst hún að nýju haustið 2019 en þá út frá nýrri deildaskiptingu. Haustmisserið 2019 hófu því alls fimm deildir vinnu við sjálfsmat; Auðlindadeild, Félagsvísindadeild, Lagadeild, Sálfræðideild og Viðskiptadeild, og er það skv. sjö ára áætlun háskólans um sjálfsmat starfseininga (Subject-level Review – SLR). Sjálfsmatsskýrslur eru síðan innlegg í stóru stofnana- matsskýrslu háskólans.

Í október hélt Sigurður Óli, framkvæmdastjóri gæðaráðs háskólanna, kynningu fyrir sjálfsmatsteymin þar sem hann fór yfir ferli vinnunnar og sérstaklega yfir mat á umhverfi rannsókna, en það er þáttur sem hefur ekki áður verið hluti af sjálfsmati eininga.

Bolognateymið er nefnd sem heyrir undir gæðaráð. Hlutverk þess er að veita álit og ráðgjöf varðandi nýtt námsframboð, uppsetningu lærdómsviðmiða og samspil lærdómsviðmiða námsleiða við lærdómsviðmið einstakra námskeiða. Töluvert var um umsóknir um nýtt námsframboð sem teymið las yfir og leiðbeindi um.

Vinna ársins í gæðaráði einkenndist af áframhaldandi umbótastarfi eftir síðustu stofnanaúttekt og sem fyrr markvissum undirbúningi undir gæðastarf samkvæmt rammaáætlun Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education, 2. útgáfu (QEF2).

Áhersla var lögð á þróun og innleiðingu á nýju samtalsmiðuðu námskeiðsmati sem starfshópur nemenda og starfsmanna hafði kynnt sér í Tromsø árið áður. Sú vinna hófst með kynningu gæðastjóra á öllum deildum á vormisseri 2019 og í kjölfarið var skipaður hópur til að þróa aðferðina áfram sérstaklega fyrir Háskólann á Akureyri. Í hópnum áttu sæti, auk gæðastjóra, tveir fulltrúar stúdenta, þrjár akademískir fulltrúar og verkefnastjóri prófa og námsmats. Vinnan gekk vel og munu fyrstu deildirnar prófa hina nýju aðferð á vormisseri 2020.

Fundargerðir gæðaráðs eru birtar á [innri vef háskólans](#), [Uglu](#)

# GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



*Frá vinstri:* Einar Brynjólfsson, formaður Góðvina, Birna Heiðarsdóttir, handhafi viðurkenningar Góðvina á Hug- og félagsvísindasviði, Helga Margrét Jóhannesdóttir, handhafi viðurkenningar Góðvina á Heilbrigðisvísindasviði, Andrés Tryggvi Jakobsson, handhafi viðurkenningar Góðvina á Viðskipta- og raunvísindasviði, og Eyjólfur Guðmundsson rektor.

Góðvinir eru samtök brautskráðra stúdenta frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara skólans. Markmið samtakanna er að auka tengsl háskólans við fyrrum stúdenta sína og styðja við uppbyggingu skólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir meðal annars með því að heiðra stúdenta við brautskráningu, innheimta félagsgjöld og styðja við háskólann með gjöfum.

Á árinu var haldið áfram að efla félagið og styrkja tengslin og þá sér í lagi við fyrrverandi nemendur eftir stofnun Alumni-deildarinnar (fyrrverandi nemendur háskólans). Þetta var gert með því að húa í þá sem eiga 1, 5, 10, 20 og 30 ára brautskráningarafmæli.

Ekki hefur enn tekist að koma á laggirnar stofnfjár sjóði. Sjóðurinn sem slíkur á sér fyrirmyndir í Bandaríkjunum en þar nefnast slík fyrirbæri endowment funds. Stefnt var að því að stofna sjóðinn með einni milljón króna framlagi frá Góðvinum um leið og lagaatriði væru frágengin. Nú eru hvorki lagaatriði né framlag frá Góðvinum tryggð. Með sjóði þessum fá velunnarar tækifæri til að styrkja háskólann með peningagjöfum. Stofnskrá sjóðsins mun tryggja að fjármunirnir komi skólanum vel. Stefnt er að því að sjóðurinn vaxi og dafni en einungis verður hægt að nota vextina til verkefna.



*Frá vinstri:* Einar Brynjólfsson, formaður Góðvina, Ólöf María Brynjarsdóttir, handhafi viðurkenningar Góðvina í framhaldsnámi, og Eyjólfur Guðmundsson rektor.



## GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Almumni – fyrrverandi stúdentar frá HA hittast á Háskólahátíð.



Vegna bágrar fjárhagsstöðu félagsins var ekki unnt að veita Vísindaskóla unga fólksins styrk að upphæð krl. 150.000 eins og undanfarin ár. Engar aðrar umsóknir um styrki bárust Góðvinum að þessu sinni.

Að vanda heiðruðu Góðvinir kándidata fyrir óeigingjarnt starf í þágu háskólans við brautskráningu á Háskólahátíð í júní. Eftir tilnefningar frá fræðasviðum, Markaðs- og kynningarmálum og Stúdentafélagi HA var ákveðið að eftirtaldir kándidatar fengju viðurkenningu:

**Hug- og félagsvísindasvið:** Birna Heiðarsdóttir og Ólöf María Brynjarsdóttir (framhaldsnám)

**Heilbrigðisvísindasvið:** Helga Margrét Jóhannesdóttir

**Viðskipta- og raunvísindasvið:** Andrés Tryggvi Jakobsson

Viðurkenningin er gullnæla sem Kristín Petra Guðmundsdóttir gullsmiður hannaði og smíðar sérstaklega fyrir Góðvini.

Á Háskólahátíð var efnt til endurfunda fyrir útskriftarárgangana 1989, 1994, 1999, 2004, 2009, 2014 og 2018. Haldið var kokteilboð í matsal 14. júní þar sem fulltrúi fyrsta útskriftarhóps HA hélt tölu.

**Aðalfundur fyrir árið 2018 var haldinn 26. nóvember.** Hann var auglýstur eins og lög mæla fyrir um.

### Stjórnina skipa áfram eftirtaldir:

Einar Brynjólfsson, formaður stjórnar

Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Elva Gunnlaugsdóttir

Kristín Sigurðardóttir, gjaldkeri

Sólveig María Árnadóttir, fulltrúi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri

Katrín Árnadóttir forstöðumaður, starfsmaður Góðvina

### Varastjórn:

Andrés Tryggvi Jakobsson, varafulltrúi SHA

Árni V. Friðriksson

Kristjana Hákonardóttir

Þorsteinn Gunnarsson

Eyrún Elva Marinósdóttir

### Fundargerð aðalfundar [↗](#)

### Vefsíða Góðvina [↗](#)

### Hópar bautafráfar eru á Facebook:

Útskriftarárgangur HA 1989, 1999, 2000, 2004, 2005, 2006, 2007, 2008, 2009, 2010, 2011, 2012, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017, 2018, 2019, 2020



## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Meginmarkmið Heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í heilbrigðisvísindum, þar með talið hjúkrunarfræði, iðjuþjálfunarfræði og öðrum greinum heilbrigðisvísinda

Á Heilbrigðisvísindasviði er boðið grunnnám í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfunarfræði. Einnig þverfaglegt framhaldsnám í heilbrigðisvísindum og ennfremur doktorsnám í hjúkrunarfræði/heilbrigðisvísindum.

Doktorsnám við HA hófst árið 2017 en fyrstu doktorsnemarnir við Heilbrigðisvísindasvið voru formlega innritaðir árið 2019, þær Hulda Sædís Bryngveisdóttir og Karen Birna Þorvaldsdóttir. Doktorsverkefni Huldu Sædísar snýr að reynslu kvenna af eflingu í kjölfar ofbeldis í nánnum samböndum (e. The Experience of Post-Traumatic Growth Following Gender-Based Violence). Hulda Sædís er jafnframt í hálfri stöðu doktorsnema við Heilbrigðisvísindasvið. Doktorsverkefni Karenar Birnu snýr að því að greina það sem hindrar konur á Íslandi við

að leita sér hjálpar eftir ofbeldi í nánu sambandi (e. Help-seeking for Trauma Recovery: Sociocultural Barriers among Intimate Partner Violence Survivors in Iceland). Aðalleiðbeinandi beggja doktorsnema er dr. Sigríður Halldórsdóttir prófessor. Bæði eru þau unnin í samvinnu við Jafnréttisstofu.

### Skipting í deildir

Heilbrigðisvísindasvið skiptist í þrjár deildir: Hjúkrunarfræðideild, Iðjuþjálfunarfræðideild og Framhaldsnámsdeild.

Meginmarkmið Heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í heilbrigðisvísindum, þar með talið hjúkrunarfræði, iðjuþjálfunarfræði og öðrum greinum heilbrigðisvísinda

Heilbrigðisvísindasvið stendur fyrir rannsóknum í þverfaglegum heilbrigðisvísindum, meðal annars í samstarfi við Sjúkrahúsið á Akureyri í tengslum við Heilbrigðisvísindastofnun Háskólana á Akureyri – HHA.

Gerðir hafa verið samstarfssamningar við helstu heilbrigðisstofnanir landsins. Flestar þeirra hafa jafnframt áhuga á rannsóknarsamstarfi við Heilbrigðisvísindasvið, sem er ánægjuleg þróun.

Á Heilbrigðisvísindasviði er boðið sveigjanlegt nám í iðjuþjálfunarfræði en Háskólinn á Akureyri er eini íslenski háskólinn sem býður upp á slíkt nám. Hjúkrunarfræði er einnig í boði með sveigjanlegu námsformi sem er sérstakt fyrir Háskólann á Akureyri. Auk þess er boðið sveigjanlegt nám í þverfaglegu meistaranámi til gráðu í heilbrigðisvísindum, sem hefur verið ein sérstaða fræðasviðsins til margra ára.

Heilbrigðisvísindasvið er í ágætu samstarfi við háskóla á hinum Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum, Kanada og víðar. Þá eru erlendir sérfræðingar gjarnan ráðnir til kennslu og rannsókna, m.a. í tengslum við Fulbright-samstarf.

Árið 2019 hófst formennska Íslands í Norðurskautsráðinu 2019–2021. Háskólinn á Akureyri ásamt norðurslóðastofnunum á Borgum eru virkir þátttakendur í verkefnum formenskunnar. Sviðsforseti Heilbrigðisvísindasviðs veitir formennsku í sérfræðingahópi um heilbrigði á Norðurslóðum (AHHEG: Arctic Human Health Expert Group) en sá hópur starfar í vinnuhóp Norðurskautsráðsins um sjálfbæra þróun (SDWG: Sustainable Development Working Group).

Innan Heilbrigðisvísindasviðs eru einnig Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – og Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi, sem er þverfræðileg rannsóknarmiðstöð.

Vegna fjöldatakmarkana í hjúkrunarfræði komast árlega 55 stúdentar áfram á vormisseri fyrsta námsárs. Í janúar 2019 komust þó 56 stúdentar áfram vegna þess að þrír stúdentar í sætum 54, 55 og 56 voru með sömu meðaleinkunn. Athygli vekur að öll þau sem stóðust samkeppnisprófin náðu öllum fögnum sem lágu þar til grundvallar auk þess sem nær allir stúdentar voru með fyrstu einkunn.

Samkvæmt viðtölum við stúdenta í hjúkrunarfræði sækjast þeir eftir sveigjanlegu námsformi auk þess sem orðspor Hjúkrunarfræðideildar HA er gott.

Aðsókn að hjúkrunarfræði er langt umfram það sem skólinn getur annað. Af 160 stúdentum þreyttu um 150 samkeppnispróf. Frá hausti 2018 hefur verið unnið að því að fjölga námsplássum í samvinnu við Hjúkrunarfræðideild HÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Til að það takist þarf að koma aukin fjárveiting sérstaklega til þess, enda er Hjúkrunarfræðideild á þolmörkum hvað varðar álag á kennara og starfsfólk.

Ný námskrá var samþykkt í Hjúkrunarfræðideild í febrúar 2016 og frá haustmisseri 2019 var kennt eftir nýrri námskrá öll fjögur árin til BS- prófs í hjúkrunarfræði.

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Alls bárust 46 umsóknir um nám í iðjuþjálfunarfræði á haustmisseri 2019 og hófu 27 stúdentar nám. Fjórir stúdentar til viðbótar hófu nám á vormisseri 2019. Brottfall minnkar í iðjuþjálfunarfræði og stúdentafjöldi eykst. Ný námskrá var samþykkt í Iðjuþjálfunarfræðideild í febrúar 2017 og er hún nú í gildi fyrir öll þrjú árin til BS-prófs.

Við Framhaldsnámsdeild voru samtals 123 stúdentar árið 2019, þar af voru 64 nýstúdentar. Stúdentar í meistaranámi voru 83, sem er aukning um þrettán frá árinu áður, og 40 stúdentar voru í viðbótardiplómanám í heilbrigðisvísindum.

### Samantekt úr viðhorfskönnun stúdenta fyrir HA árið 2019

Gerð var viðhorfskönnun meðal útskrifaðra, meistaranema og stúdenta í grunnnámi um upplifun þeirra af námi og kennslu við Háskólann á Akureyri. Örstutt samantekt lýsir almennt á áængju með nám og kennslu á Heilbrigðisvísindasviði HA.

### Niðurstöður könnunar meðal útskrifaðra

Í úrtaki útskrifaðra voru 102 en 70 svöruðu eða 69%.

Helstu niðurstöður voru þær að útskrifaðir stúdentar voru almennt ánægðir með námið, 49% þeirra sem svöruðu á Heilbrigðisvísindasviði voru mjög ánægðir með námið en 45% voru frekar ánægðir. Sambærileg könnun var gerð árið 2018 en þá voru 57% þeirra sem svöruðu mjög ánægð með námið en 40% frekar ánægð. Fjöldi stúdenta sem eru mjög ánægðir og frekar ánægðir með námið er svipaður milli ára eða 94% árið 2019 á móti 97% árið 2018, þrátt fyrir fjölgun stúdenta milli ára. Aðrir þættir sem skora hátt eru ánægja með námskrá (91%), efling gagnrýnnar hugsunar (98%) og stúdentar öðlast aukið sjálfstraust (92%), auk þess sem 95% stúdenta eru mjög eða frekar ánægðir með hvernig menntunin hefur nýst þeim bæði almennt og í starfi. Sóknarfæri eru á sviðinu hvað varðar fjölbreyttari kennsluhætti og úrval þeirra námskeiða sem í boði eru að mati útskrifaðra stúdenta.

### Niðurstöður könnunar í grunnnámi – annars árs stúdentar

Í úrtaki stúdenta í grunnnámi voru 69 stúdentar en 50 svöruðu eða 72%.

Helstu niðurstöður aðspurðra í grunnnámi voru þær að stúdentar voru almennt ánægðir með námið en 47% þeirra sem svöruðu voru mjög ánægðir með námið og 47% frekar ánægðir. Sambærileg könnun var gerð árið 2018 en þá voru 52% þeirra sem svöruðu mjög ánægðir með námið en 42% frekar ánægðir. Því má sjá að ánægja með námið hefur staðið í stað sem telst góður árangur. Hæstu einkunn mátti sjá í eftirfarandi þáttum könnunarinnar: notagildi námsins er mikið (98%), námskráin er góð (96%) og námið er fræðilega hvetjandi (94%).

### Skiptinám

Alls fóru fjórir stúdentar í hjúkrunarfræði í skiptinám á árinu 2019. Einn fyrsta árs stúdent fór í 2ja vikna skiptinám á vormisseri til Silkeborg í Danmörku í námskeiðinu Hjúkrunarfræði II. Tveir þriðja árs stúdentar fóru í skiptinám á haustmisseri til VIA í Danmörku í Hjúkrun fullorðinna með vefræna sjúkdóma I/II og í Geðhjúkrun. Einnig fór einn fjórða árs stúdent í skiptinám til Agder University í Noregi í Öldrunar- og Samfélagsjúkrun II.

### Starfsfólk

Fastir starfsmenn Heilbrigðisvísindasviðs voru 36 í 27,2 stöðugildum, þar af eru fjórir ráðnir við HHA. Einnig eru tveir starfsmenn SAK með akademískar nafnbætur við HHA. Auk fastra starfsmanna komu fleiri tugir stundakennara að kennslu á fræðasviðinu.

Stjórnskipulagi Heilbrigðisvísindasviðs er lýst í reglum nr. 812/2013.

### HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Markmið náms í hjúkrunarfræði er að búa stúdenta undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum sem og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Nám í hjúkrunarfræði tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins og mætir alþjóðlegum stöðlum. Námið er fjögurra ára nám til BS-gráðu, 240 ECTS einingar. Það skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindi og hjúkrunarfræðigreinar. Stúdentar stunda klínískt nám undir handleiðslu hjúkrunarfræðinga víða um land yfir námstímann. Stúdentar í hjúkrunarfræði geta stundað nám sitt hvar sem er, en skyldumæting er í lotur í 1–2 vikur á misseri.

### IÐJUÞJÁLFUNARFRÆÐIDEILD

Nám í iðjuþjálfunarfræði byggir á heilbrigðis- og félagsvísindum og snýst um iðju, heilsu og lífsgæði fólks. Stúdentar tileinka sér þekkingu, viðhorf og leikni sem endurspeglar nýjustu þekkingu og þróun iðjuþjálfunarfræði á hverjum tíma. Skoðað er hvernig umhverfi í viðum skilningi og einstaklingsþættir hafa áhrif á fægni og þátttöku fólks í samfélaginu og fjallað um ólíkar leiðir til úrlausna. Lögð er áhersla á að stúdentar séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi, bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi. Nám í iðjuþjálfunarfræði er 180 ECTS einingar, tekur þrjú ár og lýkur með BS-gráðu. BS-próf í iðjuþjálfunarfræði opnar möguleika til ýmissa starfa í velferðarþjónustu auk þess að veita aðgang að frekara námi á meistarastigi, starfsréttindanámi í iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri, lýðheilsufræði, fötlunarfræði eða stjórnun.

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Starfsréttindanám í iðjuþjálfun er eins árs 60 ECTS eininga nám á meistarastigi sem hefjast mun haustið 2020. Námið verður framhald af BS-námi í iðjuþjálfunarfræði og verður ætlað þeim sem stefna á að starfa sem iðjuþjálfar. Stór hluti námsins mun fara fram á vettvangi í fjölbreytilegu starfsumhverfi iðjuþjálfara. Þar takast stúdentar á við raunveruleg viðfangsefni með fólki á öllum aldri og fá þjálfun og undirbúning fyrir störf iðjuþjálfara. Gráðan tryggir leyfisveitingu frá Embætti landlæknis til að starfa sem iðjuþjálfari á Íslandi.

### FRAMHALDSNÁM Í HEILBRIGÐISVÍSINDUM

Markmið námsins er að þeir sem útskrifast verði gagnrýnir greinendur, ígrundandi fagmenn og breytingarliðar, ásamt því að verða viðsýnir og skapandi leiðtogar. Þetta eru þeir námskrárfærðir sem áhersla er lögð á og eru sem rauður þráður í uppbyggingu og innihaldi námskeiða – eru leiðarljós í kennsluháttum og námsmati. Þá er í öllum námskeiðum lögð áhersla á mikilvægi vísindarannsóknna. Við Framhaldsnámsdeild er 120 eininga meistaranám í heilbrigðisvísindum til MS-gráðu. Námið er byggt upp af 60–80 einingum í námskeiðum og meistaranám er 40–60 einingar. Undantekning frá þessu er meistaranám fyrir ljósmæður sem útskrifast hafa með Cand. Obst. gráðu frá Háskóla Íslands. Þær fá nám sitt metið til 50 eininga upp í meistargráðu og taka því 20 einingar í námskeiðum og skila 30 eininga meistaraverkefni. Á hverju kjörsviði eru fjögur skyldunámskeið, samtals 40 einingar, en hinar 20–40 einingarnar eru valnámskeið sem tengjast áherslusviði og kjörsviði stúdentsins. Stúdentar velja sér rannsóknarefni á sínu kjörsviði með aðstoð frá umsýjónarkennara meistaraverkefna. Reynt er að mæta þörfum stúdenta með tilliti til áherslusviðs þeirra og leiðbeinanda. Einnig er hægt að ljúka 40–60 eininga diplómagráðu í heilbrigðisvísindum.

#### Kjörsvið í meistaranámi og diplómanámi voru:

Almennt svið  
Fötln og endurhæfing  
Geðheilbrigðisfræði  
Heilsugæsla í héraði – fræðileg  
Heilsugæsla í héraði – klínísk  
Krabbamein og líknarmeðferð  
Langvinn veikindi og lífsglíman  
Ljósmæður – heilbrigði kvenna  
Sálræn áföll og ofbeldi  
Starfsendurhæfing í samvinnu við HÍ

Stjórnun í heilbrigðisþjónustu

Öldrun og heilbrigði

Verkir og verkjameðferð

### RANNSÓKNIR OG ÞRÓUNARSTARF

Rannsóknarstarfsemi er öflug á Heilbrigðisvísindasviði og kennarar sviðsins eru þar í samstarfi við erlenda og íslenska fræðimenn. Rannsóknarstefna sviðsins hefur verið í endurskoðun reglulega frá árinu 2017 og unnið er að þróun rannsóknarhópa í samræmi við hana. Allt síðan árið 2000 hafa rannsóknaráherslur á Heilbrigðisvísindasviði verið þverfaglegar.

Að venju voru starfsþróunardagar tveir við sviðið í febrúar og nóvember. Í febrúar var áherslan á uppfærslu kennslustefnu og rannsóknarstefnu fræðasviðsins. Í nóvember var áherslan á ólíka kennsluhætti með aðkomu sérfræðinga Kennslumiðstöðvar HA.

#### Heilbrigðisvísindastofnun HA

Heilbrigðisvísindastofnun HA – HHA er sameiginlegur vettvangur starfsmanna SAK og HA til eflingar kennslu, þjálfunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum, til miðlunar þekkingar og til kynningar á rannsóknnum starfsmanna. Á árinu voru fjórir akademískir starfsmenn í hlutastörfum við HHA, tveir prófessorar, einn dósent og einn lektor. Tveir starfsmenn SAK hafa hlotið klínískar nafnbætur í samræmi við samstarfssamning milli áðurnefndra aðila. Starfsmenn HHA koma að kennslu og rannsóknum við Heilbrigðisvísindasviði.

Megináhersla var lögð á að gera rannsóknir starfsmanna sýnilegar og aðgengilegar auk þess að efla rannsóknarvirkni starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri og tengja verkefni stúdenta HA við þarfir sjúkrahússins. Í september var haldinn vísindadagur í samstarfi HA og SAK þar sem starfsmenn kynntu rannsóknir sínar. Vísindadagurinn var vel sóttur að venju.

Á fundi Stefnunefndar SAK og HA í júní mánuði 2019 var ákveðið að aðgreina reglur HHA og stefnunefndar stofnananna tveggja. Stefnunefnd hefur það hlutverk að vera stefnumótandi vegna sameiginlegra málefna HA og SAK. Það má vænta þess að í stefnunefnd verði stærrí vettvangur ákvarðana og samtals í vegferð SAK að því að verða að háskólasjúkrahúsi á Norðurlandi. Í kjölfarið verður hægt að efla HHA sem samstarfsvettvang rannsókna og þróunar á milli SAK og HA.

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

### Ný rannsóknarverkefni á árinu

Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs
Heilbrigðisvísindi	Palliative care for a person with non-communicable diseases: A systematic review	Árún K. Sigurðardóttir prófessor
Heilbrigðisvísindi	Diabetes nurses and physicians' experiences with diabetes consultations and the use of dialogue tools	Árún K. Sigurðardóttir prófessor
Heilbrigðisvísindi	Hypoglycaemia in older home-dwelling people with diabetes – a scoping review	Árún K. Sigurðardóttir prófessor
Hjúkrunarfræði	Saga geðhjúkrunar á Íslandi	Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir dósent og Gísli Kort Kristófersson dósent
Hjúkrunarfræði – HHA	Fjölskylduhjúkrun – Viðhorf hjúkrunarfræðinga á SAK til fjölskylduhjúkrunar. Fasi 1 2019	Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir dósent
Heilbrigðisvísindi	Áfengis-, lyfja- og vímuefnanotkun íslenskra hjúkrunarfræðinga	Gísli Kort Kristófersson dósent
Heilbrigðisvísindi	Vottun á hæfni sérfræðinga í hjúkrun á Norðurlöndunum	Gísli Kort Kristófersson dósent
Heilbrigðisvísindi	Hvernig er persónumiðaða matstækið Hermes notað við heilsufarsmat í innlagnarferlinu á öldrunarlækningadeildina á Kristnesi, SAK	Kristín Þórarinsdóttir lektor
Heilbrigðisvísindi/ lðjubjálfunarfræði/ fjölskyldumeðferð	Viðhorf og reynsla hjóna þar sem annar makinn er að fást við alvarleg veikindi – doktorsverkefni	Olga Ásrún Stefánsdóttir, aðjúnkt og doktorsnemandi, og Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir dósent
Heilbrigðisvísindi	Neyslumynstur rafretta og tóbaks og vísar um heilsuvá meðal háskólanema á Íslandi	Ragnheiður Harpa Arnardóttir dósent
Heilbrigðisvísindi / ljósmóðurfræði	Perinatal Mental Health and Birth-Related Trauma: Maximising best practice and optimal outcomes	Sigríður Sía Jónsdóttir lektor
Heilbrigðisvísindi / fjarþjónusta	Þekking, viðhorf og reynsla heilbrigðisstarfsfólks til fjarþjónustu/fjarheilbrigðisþjónustu/fjarmedferðar	Sigrún Kristín Jónasdóttir lektor og Þorbjörg Jónsdóttir lektor
Heilbrigðisvísindi / sálræn áföll og ofbeldi	Reynsla kvenna af eflingu í kjölfar ofbeldis í nánum samböndum (e. The Experience of Post-Traumatic Growth Following Gender-Based Violence)	Sigríður Halldórsdóttir prófessor
Heilbrigðisvísindi / sálræn áföll og ofbeldi	Greining á því sem hindrar konur á Íslandi við að leita sér hjálpar eftir ofbeldi í nánu sambandi (e. Help-seeking for Trauma Recovery: Sociocultural Barriers among Intimate Partner Violence Survivors in Iceland)	Sigríður Halldórsdóttir prófessor
Heilbrigðisvísindi	Verkir, lífshættir og heilsutengd lífsgæði meðal almennings á Íslandi	Þorbjörg Jónsdóttir lektor

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

### Rannsóknargreinar birtar í ritrýndum tímaritum og bókum

Rannsóknaráhersla/ rannsóknarsvið	Tímaritsgreinar	Bækur/bókarkafar	Sam- tals
Heilbrigðisvísindi		Alþjóðleg ritrýnd útgáfa með alþjóðl. skirskotun A2.2	0
Heilbrigðisvísindi		Íslensk eða erlend útgáfa sem miðast við staðbundið fræðasamfélag A2.3	0
Heilbrigðisvísindi		Ritrýnd útgáfa hjá virtustu vísindaforlögum heims A.3.1	6
Heilbrigðisvísindi		Bókarkafar: Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem einkum miðast við staðbundið fræðasamfélag A3.3	1
Heilbrigðisvísindi	Grein birt í ISI tímaritum með háan áhrifastuðul og í tímariti sem raðast í A flokk skv. ERIH A4.1		11
Heilbrigðisvísindi	Aðrar greinar í ISI tímaritum, greinar í B-flokki skv. ERIH eða greinar sem fá 1 einkunn í könnun fyrir tímarit A4.2		16
Heilbrigðisvísindi	Greinar í tímaritum í C-flokki í ERIH og greinar sem fá 2. einkunn í könnun fyrir tímarit A4.3		5
Heilbrigðisvísindi	Greinar birtar í tímaritum sem fá 3. einkunn í könnun fyrir tímarit, sbr. viðauka 1, og greinar í svokölluðum „Predatory“ tímaritum A.4.4.		3
Heilbrigðisvísindi	Grein í öðru ráðstefnuriti A.5.2.		3

### Ráðstefnur haldnar á vegum fræðasviðsins

Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið	Heiti ráðstefnu	Í hvaða mánuði
Sjónaukinn: Rannsóknarráðstefna heilbrigðisvísindasviðs HA	Áskoranir og tækifæri á Norðurlóðum/Challenges and Opportunities in the Arctic	Mai
Hjúkrunarfræði í samstarfi við FÍH	Hjúkrun 2019	September
Heilbrigðisvísindi í samstarfi við SAK undir hatti HHA	Vísindadagur SAK	September
Heilbrigðisvísindi í samstarfi við Stjórnarráð Íslands, Norðurlóðanet Íslands og Alþjóðamálastofnun HÍ vegna formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu	Strengths, Well-Being, and Engagement of Youth in the Arctic	September
Heilbrigðisvísindi með áherslu á öldrun í samstarfi við SAK, HSN og ÖA	Er gott að eldast á Norðurlandi/Akureyri ?	Október
Málþing: Ævi og störf heiðursdóktors	Vigdís Finnbogadóttir: Hin víðtæku áhrif	Nóvember

### Fyrirlestrar á málþingum og ráðstefnum, veggspjöld

Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum 6.3	39
Erindi á innlendum ráðstefnum 6.4	94
Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa 6.5	44
Veggspjald á alþjóðlegri ráðstefnu 6.6	9
Opinber boðsfyrirlestur við erlendan háskóla 6.2	1
Premium-fyrirlestur eða inngangsfyrirlestur á alþjóðlegri vísindaráðstefnu 6.1	2

### Rannsóknarstig á Heilbrigðisvísindasviði 2019

Rannsóknarstig	700
Meðaltal rannsóknarstiga á stöðugildi	30,83
Fjöldi stöðugilda að baki meðaltals	22.7

Vísað er til kaflans **Rannsóknir við Háskólann á Akureyri á bls. 42** fyrir frekari upplýsingar.

Starfsfólk sviðsins tók einnig þátt í útvarpsviðtölum, sjónvarpsviðtölum og vinnusmiðjum á árinu.





## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hlutverk Hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með töldum félagsvísindum, lögfræði, menntavísindum og sálfræði.

Á Hug- og félagsvísindasviði er að finna námsframboð sem ekki er við aðra háskóla hérlandis. Það er BA-nám í almennum félagsvísindum, fjölmiðlafræði og nútímafræði. Þá býður Háskólinn á Akureyri einn íslenskra háskóla upp á nám í heimskautarétti á framhaldsstigi. Loks ber að nefna 120 ECTS- eininga diplómanám fyrir verðandi og starfandi lögreglumenn og BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði, sem er eingöngu boðið upp á við HA.

Frá og með hausti 2018 var boðið rannsóknartengt doktorsnám við sviðið og fyrstu tveir doktorsnemarnir voru samþykktir inn í námið. Á árinu 2019 bættist síðan þriðji doktorsneminn við hópinn.

### Skipting í deildir

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í fjórar deildir, Félagsvísindadeild, Kennaradeild, Lagadeild og Sálfræðideild. Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri – MSHA er starfrækt innan Hug- og félagsvísindasviðs í gagnvirkum tengslum við Kennaradeild.

Lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn diplóma 120 einingar

Lögreglu- og löggæslufræði BA 180 einingar

Nútímafræði BA 180 einingar

Sálfræði BA 180 einingar

Fjölmiðla- og boðskiptafræði diplóma 30 einingar

Fjölmiðla- og boðskiptafræði MA 120 einingar

Lögfræði, heimskautaréttur diplóma 60 einingar

Lögfræði, heimskautaréttur LLM 90 einingar

Lögfræði, heimskautaréttur MA 120 einingar

Lögfræði ML 120 einingar

Menntavísindi viðbótarpróf 60 einingar

Menntavísindi MA 120 einingar

Menntunarfræði viðbótarpróf 60 einingar

Menntunarfræði MEd 120 einingar

Árið 2019 var áframhaldandi fjölgun stúdenta í nám við sviðið og er sviðið það fjölmennasta innan skólans. Við upphaf 2019 hóf sviðið starf sitt samkvæmt nýju deildaskipulagi. Starfandi deildir eru nú Félagsvísindadeild, Kennaradeild, Lagadeild og Sálfræðideild.

Hlutverk Hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með töldum félagsvísindum, lögfræði, menntavísindum og sálfræði

### Skiptinám

Hug- og félagsvísindasvið tók sem fyrr á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við HA. Fjöldmörg námskeið innan Félagsvísinda- og Lagadeildar voru kennd á ensku, þar á meðal námsbraut í heimskautarétti. Auk þess voru sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema vistuð á sviðinu. Stúdentar frá öllum deildum sviðsins fóru í skiptinám við erlenda háskóla í gegnum Erasmus+ en einnig Nordplus (kennara- og nemendaskiptaáætlun Norrænu ráð-

herranefndarinnar), North2North (kennara- og nemendaskiptaáætlun University of the Arctic) og tvíhliða samstarfssamninga utan Evrópu.

### Prófgráður frá fræðasviðinu 2019

Félagsvísindi BA 180 einingar

Fjölmiðlafræði BA 180 einingar

Kennarafræði BEd 180 einingar

Lögfræði BA 180 einingar

Lögreglufræði fyrir starfandi lögreglumenn diplóma 120 einingar

### Starfsfólk

Fastir starfsmenn Hug- og félagsvísindasviðs voru 60 talsins þann 1. desember 2019. Auk þeirra kom að starfi sviðsins fjöldi stundakennara, að viðbættum kennurum á öllum skólastigum víðs vegar um land

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

sem tóku að sér að veita stúdentum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Stjórnskipulagi Hug- og félagsvísindasviðs er lýst í reglum nr. 416/2012.

### FÉLAGSVÍSINDAEILD

Við Félagsvísindadeild var boðið upp á fjórar námsleiðir til BA-gráðu, þ.e. í félagsvísindum, fjölmiðlafræði, lögreglu- og löggæslufræði og nútímafræði.

Á grunnstigi var einnig boðið 120 eininga diplómanám í lögreglufræði og voru tvær leiðir:

Starfstengt nám fyrir þá sem hyggjast starfa innan lögreglunnar og nám fyrir starfandi lögreglumenn.

Að loknu diplómanáminu geta stúdentar bætt við 60 eininga námi til BA-gráðu.

Í framhaldsnámi var boðið 120 eininga rannsóknartengt nám til MA-gráðu í félagsvísindum og í fjölmiðla- og boðskiptafræði.

Þá var boðið 30 eininga diplómanám í fjölmiðla- og boðskiptafræði ofan á grunnám.

#### Fjölmiðlafræði

Fjölmiðlafræði skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Námið tekur mið af þróun sem orðið hefur á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum. Leitast er við að samþætta faglega þekkingu sem kennd er í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd er í hefðbundnu háskólanámi. Slík samtvinnun er eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og til þess ætluð að gera stúdenta hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatæknibyltingunni og síhækkandi almennu menntunarstigi. Stúdentar tóku þátt í gerð ýmiss konar fjölmiðlaefnis í prent- og ljósvakamiðlum. Áberandi er hve margir útskrifaðir hafa fengið störf á fjölmiðlum eða sinna fjölmiðlatengdum störfum.

#### Nútímafræði

Nútímafræði er þverfaglegt nám á sviði félags- og hugvísinda. Það er blanda af heimspeki, siðfræði, sagnfræði, íslensku og samfélagsgreinum. Mörg valnámskeið voru í boði og góðir möguleikar á skiptinámi, bæði á Íslandi og erlendis. Námið er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér víðtækrar menntunar og öðlast traustan grunn fyrir

framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda. Stúdentar ljúka 120 einingum í kjarnanámskeiðum. Auk þess er valið á milli fjögurra áherslusviða: Nútímafræði, sagnfræði, heimspeki og íslensku.

#### Almenn félagsvísindi

BA-námið byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda. Það byggir einkum á félagsfræði, mannfæði og stjórn málafræði. Stúdentar öðlast innsýn í eðli mannlægs samfélags og hreyfilög mála félagsgerðar, menningar, stjórn mála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda, skipulagningu rannsóknarverkefna og framsetningu á niðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn. Það er sambærilegt við BA-nám í einstökum undirgreinum félagsvísinda við aðra innlenda og erlenda háskóla. Að námi loknu hafa stúdentar traustan grunn til framhaldsnáms og margvíslegra starfa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. BA-nám í félagsvísindum var hægt að stunda með eftirtöldum áherslugreinum:

- Almenn félagsvísindi með valnámskeiðum að eigin vali.
- Afbrotufræði, áhersla á eðli og skilgreiningu afbrota og annarra frávika; félagslegar, efnahagslegar, menningarlegar og sálfræðilegar orsakir þeirra og afleiðingar fyrir einstaklinga og samfélög.
- Byggðufræði, áhersla á byggðaþróun á Íslandi, fólksflutninga innanlands og utan, áhrif samgöngubóta á afskekkt samfélög, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu í landsbyggðunum, stjórn mála, stjórnsýslu og stefnumótun í byggðamállum.
- Kynjafræði, áhersla á kynjun og kyngervi, stöðu kynjanna í dreifbýli og þéttbýli, breytingar á jafnréttisviðhorfum og verkaskiptingu á heimilum, fjölskyldugerðir og líðan barna, kynhegðun unglinga og stöðu samkynhneigðra í samfélaginu.
- Norðurlóðfræði, áhersla á félagslega, hagræna, menningarlega og pólitíska þætti þróunar á norðurlöndum, í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlindanýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannauð og sjálfbærni.

#### Lögreglufræði

Lögreglufræði fjallar um viðfangsefni löggæslu í víðu samhengi. Námið miðar að því að veita stúdentum haldgóða undirstöðufærni í því að fyrirbyggja og upplýsa um brot á lögum og að tryggja almannaoöruggi. Það er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á lögreglufræði sem fræðigreinin, en er jafnframt tengt starfi lögreglu á grundvelli laga, reglna, þjálfunar og alls verklags sem er mikilvægt í starfi lögreglunnar.

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði leggur grunn að ólíkum leiðum í námi og starfi. Það er góður kostur fyrir stúdenta sem vilja afla sér víðtækrar menntunar á sviði lögreglu- og löggæslufræði.

Diplómanám í lögreglufræði er skipulagt til tveggja ára. Diplómanám fyrir verðandi lögglumenn undirbýr stúdenta fyrir störf í þéttbýli á fámennum og víðfeðmum svæðum þar sem lögglumaður þarf að geta gengið í nánast öll störf. Hluti af náminu er starfsnám sem veitir starfsréttindi til að hljóta skipun hjá löggluembættum landsins.

Diplómanám fyrir starfandi lögglumenn er ætlað þeim sem vilja kynnast fræðigreininni betur og dýpka þekkingu sína á löggæslu og rannsóknnum afbrota, eða vilja prófa nýja nálgun á fagið. Þessi námslína felur ekki í sér starfsþjálfun.

Mennta- og starfspróunarsetur lögreglu – MSL annast starfsnám í lögglufræði í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Stúdentar sem sækja um starfsnám í lögglufræði þurfa að fullnægja almennum skilyrðum sem kveðið er á um í 38. gr. lögglulaga nr. 90/1996, standast fræðileg námskeið, þrekpróf, læknisskoðun og fleira. Meginmarkmið námsins er að mennta stúdenta sem stefna á störf í lögglu.

Félagsvísindadeild var fjölmennasta deild háskólans hvað stúdenta varðar. Í náminu var áhersla á verkefnavinnu stúdenta og námið fól í sér fjölbjóðlegar tengingar. Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um félagsvísindaleg og hugvísindaleg efni voru fastir liðir á svokölluðum torgum. Kennarar Félagsvísindadeildar tóku virkan þátt í slíkum viðburðum og sem fyrirlesarar á öðrum viðburðum við HA og annars staðar.

### KENNADEILD

Kennaradeild skiptist í kennarabraut og menntavísindabraut.

Á kennarabraut var boðið upp á heildstætt fimm ára kennaranám sem skiptist í þriggja ára 180 eininga kennaranám til BEd-gráðu og tveggja ára 120 eininga nám í menntunarfræðum til MEd-gráðu.

Í BEd-náminu var hægt að velja um þrjú kjörsvið: Leikskólakjörsvið – grunnskólakjörsvið – íþróttakjörsvið. Í MEd-náminu sérhæfa stúdentar sig til kennslu á leikskólastigi, grunnskólastigi eða framhaldsskólastigi. MEd-námið er einnig opið þeim sem lokið hafa BA- eða BS-gráðu á öðrum námssviðum. Að því loknu geta stúdentar sótt um leyfisbréf til kennslu á því skólastigi sem þeir hafa sérhæft sig til.

Á grunnstigi var boðið upp á tveggja ára 120 eininga diplómanám í leikskólafræði.

Á framhaldsstigi var boðið upp á 60 eininga diplómanám í menntunarfræði ætlað þeim sem lokið hafa meistaraþrófi í kennslugrein í framhaldsskóla og vilja afla sér kennsluréttinda á framhaldsskólastigi.

Á menntavísindabraut fer fram nám sem ætlað er kennurum og öðrum þeim sem vilja efla starfshæfni sína og sérþekkingu á sviði menntavísinda. Námið er sniðið fyrir þá sem þegar hafa öðlast leyfisbréf til kennslu og vilja dýpka þekkingu sína og efla sig sem kennara, eða stunda rannsóknir og fræði á þekkingarsviðinu. Tvær mislangar námsleiðir eru innan brautarinnar. Annars vegar er 120 eininga rannsóknartengt meistaranám til MA-gráðu fyrir þá sem vilja sérhæfa sig á tilteknu sviði til ýmissa starfa í menntakerfinu og/eða stunda rannsóknir og fræðistörf. Hins vegar er 60 eininga viðbótarnám (DiplEd) sem er ætlað þeim sem vilja sérhæfa sig á tilteknu áherslusviði og auka hæfni sína til starfa. Á árinu 2018 var boðið upp á eftirtalin áherslusvið:

- Almenn svíð
- Nám og læsi – lestrarfræði
- Nám og margbreytileiki – sérkennslufræði
- Stjórnun og forysta í lærdómssamfélagi
- Upplýsingatækni í námi og kennslu

Boðið var upp á 30 eininga nám með áherslu á starfstengda leiðsögn með kennaranemum á vettvangi og með nýjum kennurum í starfi. Námið var til sérhæfingar á áherslusviðinu Stjórnun og forysta í lærdómssamfélagi á menntavísindabraut. Það miðar að því að efla samstarf Kennaradeildar við leik- og grunnskóla á Eyjafjarðarsvæðinu. Skólum var boðið að senda kennara í námið og var það þeim að kostnaðarlausu. Stefnt er að því að í hverjum skóla verði kennari sem lokið hefur 30 einingum í faglegri, starfstengdri leiðsögn á vettvangi sem skilar sér í auknum faglegum stuðningi bæði við nýja kennara og við kennaranema. Með þessu samstarfi er kominn mjög góður grundvöllur fyrir samtal og samvinnu háskólans sem menntar kennara og skólanna sem eru starfsvettvangur þeirra.

Á árinu hófst markviss vinna í Kennaradeild við skipulag MT-náms (Master of Teaching) sem boðið verður formlega upp á haustið 2020. Námið byggir á nýjum lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og stjórnenda í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (nr. 95/2019) sem fela í sér þá nýlundu að stúdentar geta sérhæft sig með námskeiðum í stað 30 eininga meistaraþrófsritgerðar.

Kennaradeild tók þátt í alþjóðlegu samstarfi af ýmsum toga. Má þar nefna sem dæmi kennaraheimsóknir í tengslum við Erasmus-samninga HA og áframhaldandi þátttöku deildarinnar í samnorrænu Baltic

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Nordplus-verkefni kennaramenntunarstofnana, Network for Teacher Education. Það felur meðal annars í sér sameiginlegt námskeiðahald þátttökuskólanna en þeir eru, auk Íslands, í Finnlandi, Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Eistlandi, Lettlandi og Litháen.

Í samstarfinu felst hönnun námskeiða, kennsla og þátttaka stúdenta skólanna í þeim, sem geta mest orðið fjórir frá hverju landi.

Kennaradeild tók virkan þátt í ýmsum verkefnum sem lúta að kennararámami og starfsþróun kennara.

Má þar nefna þátttöku í samstarfsráði um starfsþróun kennara og stjórnenda þar sem lögð var áhersla á að skoða brotthvarf og nýliðun í kennarastétt. Á grunni þessa starfs skipaði menntamálaráðherra verkefnisstjórn með það hlutverk að leggja fram tillögur að aðgerðum sem miðuðu að því að auka nýliðun og sporna gegn brotthvarfi úr kennarastétt. Háskólinn á fulltrúa í þeirri stjórn. Þá á Kennaradeildin einnig fulltrúa í samstarfshópi um leyfisbréf sem settur var á laggirnar haustið 2018.

Einnig má nefna þátttöku Kennaradeildar í ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara, sem skipuð var af mennta- og menningarmálaráðherra 2019 til fimm ára, starfshóp um styrkingu leikskólástigs, sem skipaður var af mennta- og menningarmálaráðherra til eins árs, og forhóp Kennararáðs sem skipaður var af mennta- og menningarmálaráðherra, en Kennararáðið verður formlega skipað á árinu 2020 til fimm ára og á HA fulltrúa í því.

Einnig má nefna að stýrihópur, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið stofnaði í kjölfar úttektar Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir, gekkst fyrir fræðslu- og umræðufundum um menntun fyrir alla. Voru þeir liður í mótun nýrrar menntastefnu og voru á 23 stöðum allt land, tveir á hverjum stað, hvor fyrir sinn markhóp.

Fyrri fundurinn var með forsvarsmönnum sveitarfélaga og málaflokka mennta-, velferðar- og heilbrigðismála ásamt fulltrúum úr stýrihópnum. Seinni fundurinn var með fulltrúum skóla- og félagsþjónustu og foreldra, forstöðumönnum skóla-, fjölskyldu- og frístundamála í heimabyggð og stjórnendum leik-, grunn- og framhaldsskóla. Sá fundur var í höndum hóps sem skipaður var fimm fulltrúum frá Háskólanum á Akureyri og einum frá Háskóla Íslands.

### LAGAÐEILD

#### Lögfræði

Meginmarkmið BA-náms í lögfræði er að stúdentar öðlist þekkingu í undirstöðuatriðum lögfræðinnar með áherslu á lagaframkvæmd á

Íslandi, annars staðar í Evrópu og í alþjóðlegu samhengi. Stúdentar takast á við grunngreinar íslenskrar lögfræði og kynnast lögum og rétti í sögulegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi og nýta enn fremur aðferðir samanburðarlögfræði þar sem það á við. Í meistaranáminu er lögð áhersla á íslenska lögfræði. Nám í lögfræði til BA-prófs við HA er um margt með öðru sniði en tíðkast við aðra íslenska háskóla. Sérstaðan felst meðal annars í alþjóðlegri nálgun.

Hægt er að innritast í nám í heimskaualögfræði annað hvert ár. Í heimskaularétti er lögð áhersla á umhverfisvernd og fjölbreytni lífríkisins, mannréttindi, hafrétt, reglur um sjálfbæra þróun og auðlindir, réttindi frumbyggja í norðri, sjálfsstjórn, stjórnfestu svo og landa- og auðlindakröfur á heimskautasvæðunum. Námið fer alfarið fram á ensku. Það er kennt innan ramma samstarfssamnings um **West Nordic Studies** Stúdentar hafa val um að taka eitt misseri í skiptinámi við einhvern samstarfsskólanna: Háskólann í Færeyjum, Háskólann á Grænlandi, Nordland-háskólann í Noregi og Háskóla Íslands.

Einnig var í boði 120 eininga nám til ML-gráðu í lögfræði. ML-gráða í lögfræði í framhaldi af BA-prófi í lögfræði jafngildir hefðbundnu fimm ára námi til embættisprófs í lögfræði.

Boðið var 120 eininga nám til MA-gráðu í heimskaularétti.

Enn fremur 90 eininga nám til LLM-gráðu í heimskaularétti sem og 60 eininga diplómanám í heimskaularétti.

### SÁLFRÆÐIÐEILD

#### Sálfræði

Sálfræði fjallar um mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinám á bakkalárstigi við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt, veitir grunnþekkingu á sálfræði sem vísindagrein og nýttist bæði sem grunnur fyrir framhaldsnám og sem undirbúningur fyrir störf á margvíslegum vettvangi. Ásamt kenningum er sterk áhersla lögð á þjálfun í aðferðafræði og rannsóknaraðferðum sem tíðkast á hinum margvíslegu sviðum sálfræðinnar. BA-próf í sálfræði veitir ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði, heldur fá stúdentar gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið vísindagreinarinnar. Stúdentar frá HA sem vilja öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar hafa einkum sótt sér framhaldsmenntun hér á landi og á hinum Norðurlöndunum, en hafa þó einnig komist inn í krefjandi framhaldsnám í öðrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum.

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

### RANNSÓKNIR OG ÞRÓUNARSTARF

Starfsfólk við fræðasviðið var virkt í rannsóknum eins og meðfylgjandi töflur sýna. Þær eru þó ekki tæmandi fyrir rannsóknir og þátttöku í ráðstefnum eða fræðileg skrif.

Innan Hug- og félagsvísindasviðs eru rannsóknarstofnanirnar Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri og Barnabókasetur.

### Ný rannsóknarverkefni á árinu

Ný rannsóknarverkefni á árinu, Félagsvísindadeild:

Rannsóknaráhersla/ rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs	Vefslóð verkefnis
Félagsvísindi	The university as an advocate for responsible education about migration in Europe	Markus Meckl og Giorgio Baruchello	<a href="https://www.remixerasmus.com/news-feed-1">https://www.remixerasmus.com/news-feed-1</a>
Félagsvísindi	Value-chains in fishery based communities in the North Atlantic (NORVALUE)	Joan Nymand Larsen	
Félagsvísindi	Toward Just, Ethical and Sustainable Arctic Economies, Environments and Societies (JUSTNORTH)	Joan Nymand Larsen og Jón Haukur Ingimundarson	<a href="https://cordis.europa.eu/project/id/869327">https://cordis.europa.eu/project/id/869327</a>
Félagsvísindi	Accreditation of prior experiential learning in European Universities	Markus Meckl	<a href="http://www.apele.eu/?page_id=82">http://www.apele.eu/?page_id=82</a>
Félagfræði	Lífið á tímum kórónuveirunnar: Breytingar á fjölskyldulífi, atvinnu og ábyrgð.	Andrea Hjalmsdóttir	
Fjölmíðla- og boðskiptafræði	CORE – Children Online: Research and Evidence. A knowledge base on children and youth in the digital world	Kjartan Ólafsson	<a href="https://cordis.europa.eu/project/id/871018">https://cordis.europa.eu/project/id/871018</a>
Lögreglu- og löggæslufræði	Tilkynningar til lögreglu: Einkenni þolenda sem tilkynna ekki brot	Margrét Valdimarsdóttir	<a href="https://www.logreglan.is/utgafa/fraedilegar-rannsoknir/reynsla-almennings-af-afbrotum-og-vidhorf-til-logreglu/">https://www.logreglan.is/utgafa/fraedilegar-rannsoknir/reynsla-almennings-af-afbrotum-og-vidhorf-til-logreglu/</a>
Afbrotufræði/ lögreglufræði	International Self-Report Delinquency Study	Margrét Valdimarsdóttir	<a href="https://web.northeastern.edu/isrd/">https://web.northeastern.edu/isrd/</a>
Fjölmíðlafræði	Worlds of Journalism Study	Birgir Guðmundsson	<a href="https://worldsofjournalism.org/">https://worldsofjournalism.org/</a>
Fjölmíðlafræði	Nordic Media Policy	Birgir Guðmundsson	
Lögreglufræði	Hate Crimes in Iceland	Eyrún Eyþórsdóttir	

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Ný rannsóknarverkefni á árinu, Kennaradeild:

Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðisviðs	Vefslóð verkefnis
Skólaþjónusta sveitarfélaga	Skólaþjónusta sveitarfélaga við leik- og grunnskóla: Stefna, umgjörð, fjármögnun og starfshættir	Birna María Svanbjörnsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Jórunn Elíddóttir, Rúnar Sigþórsson, Sigríður Margrét Sigurðardóttir	<a href="https://www.unak.is/is/rannsoknir/rann-soknir-vid-ha/skolathjonusta-sveitarfelaga-vid-leik-og-grunnskola-stefna-umgjord-fjarmognun-og-starfshaettir">https://www.unak.is/is/rannsoknir/rann-soknir-vid-ha/skolathjonusta-sveitarfelaga-vid-leik-og-grunnskola-stefna-umgjord-fjarmognun-og-starfshaettir</a>
Pupil Voice & The Promotion of Inclusion	Cost Action 18115 TRIBES: Transnational Collaboration on Bullying, Migration and Integration at School Level WG4: Pupil Voice & The Promotion of Inclusion	Hermína Gunnþórsdóttir	<a href="http://www.tribesproject.com/">http://www.tribesproject.com/</a>
Menntun nemenda af erlendum uppruna og nemenda sem eru flóttamenn	ITIRE Improving teaching to improve refugee education (KA203-0F3FF0F8-EN)	Hermína Gunnþórsdóttir Anna Elísa Hreiðarsdóttir	<a href="https://projects.au.dk/itire/about-itire/">https://projects.au.dk/itire/about-itire/</a>
Fjölytngi	LAMUC - Languages in the Multilingual Classroom (Nordplus Horizontal 2019).	Hermína Gunnþórsdóttir, Kristín Margrét Jóhannsdóttir	<a href="https://www.hiof.no/lu/forskning/grupper/flerspraklig-oppvekst-og-utdanning/aktu-elt/2019/forste-samling-i-nordisk-spraknettverk.html">https://www.hiof.no/lu/forskning/grupper/flerspraklig-oppvekst-og-utdanning/aktu-elt/2019/forste-samling-i-nordisk-spraknettverk.html</a>
Vinnuaðstæður leikskólakennara	Leikskólakennarar í grunnskólum –samanburður á starfsaðstæðum á milli skólastiga	Kristín Dýrfjörð	
Sjálfbærni	Menntun til sjálfbærni	Bragi Guðmundsson	<i>Engin sérstök vefslóð. Verkefnið er unnið að frumkvæði norrænu ráðherranefndarinnar og öll Norðurlöndin eru aðilar.</i>
Íslenskt unglíngamál	Íslenskt unglíngamál	Finnur Friðriksson	<a href="https://www.islensktunglingamal.com/">https://www.islensktunglingamal.com/</a>
Menntun fyrir alla	Menntun fyrir alla – horft fram á veginn: Niðurstöður fundu á vegum stýrihóps mennta- og menningarmálaráðuneytis 2018 og 2019	Birna María Svanbjörnsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Rúnar Sigþórsson	<a href="https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=99266f21-3909-11ea-9451-005056bc530c">https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=99266f21-3909-11ea-9451-005056bc530c</a>
Leikskólafræði	Covid-19 og leikskólinn Fjölskyldur	Anna Elísa Hreiðarsdóttir, Jórunn Elíddóttir og Kristín Dýrfjörð	<i>Engin vefsíða kominn ennþá!</i>
Leikskólafræði	Covid-19 og leikskólinn og leikskólastarfsfólk	Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Kristín Dýrfjörð	<i>Engin vefsíða</i>
Skólaþjónusta sveitarfélaga	Úttekt á skólaþjónustu Grindavíkurbæjar	Rúnar Sigþórsson, Jórunn Elíddóttir og Trausti Þorsteinsson ásamt rannsóknarhóp við HA um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla	<a href="http://www.grindavik.is/gogn/2020/Skóla-stefna/Skýrsla%20um%20Úttekt%20á%20Skólaþjónustu%20Grindav%C3%ADkurbæjar%20vor%202020.pdf">http://www.grindavik.is/gogn/2020/Skóla-stefna/Skýrsla%20um%20Úttekt%20á%20Skólaþjónustu%20Grindav%C3%ADkurbæjar%20vor%202020.pdf</a>
Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.	Skýrsla til mennta- og menningarmálaráðherra. (Október 2019). Reykjavík: Stjórnarráð Íslands. Mennta- og Menningarmálaráðuneytið.	Birna M. Svanbjörnsdóttir	<a href="https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=349b2e00-ef44-11e9-944e-005056bc530c">https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=349b2e00-ef44-11e9-944e-005056bc530c</a>
The project is to research and monitor the profession of school leadership nationally and internationally.	NordLed (Nordic leadership study) within the WSL (World School Leadership Study)	Sigríður Margrét Sigurðardóttir	<a href="http://www.bildungsmanagement.net/WSL/">http://www.bildungsmanagement.net/WSL/</a>
Gæði kennslu á unglíngastigi	Connected Classroom Nordic – QUINT	Sólveig Zophoníasdóttir	<a href="https://www.uv.uio.no/quint/english/projects/connected-classrooms-nordic/">https://www.uv.uio.no/quint/english/projects/connected-classrooms-nordic/</a>

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Ný rannsóknarverkefni á árinu, Sálfræðideild:

Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs	Vefslóð verkefnis
Hugræn taugavísindi	Líðan og einkenni depurðar eftir árstíðum	Yvonne Höller, yvonne@unak.is	<a href="https://www.unak.is/is/rannsoknir/rannsoknir-vid-ha/eeq-experiment">https://www.unak.is/is/rannsoknir/rannsoknir-vid-ha/eeq-experiment</a>

### Rannsóknargreinar birtar í ritrýndum tímaritum og bókum

Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið	Tímaritsgreinar	Bækur/bókarkafnar	Samtals
Hug- og félagsvísindasvið		Alþjóðleg ritrýnd útgáfa með alþjóðl. skýrskotun A2.2	0
Hug- og félagsvísindasvið		Íslensk eða erlend útgáfa sem miðast við staðbundið fræðasamfélag A2.3	0
Hug- og félagsvísindasvið		Ritrýnd útgáfa hjá virtustu vísindaforlögum heims A3.1 og A3.2	8
Hug- og félagsvísindasvið		Bókarkafnar: Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem einkum miðast við staðbundið fræðasamfélag A3.3	3
Hug- og félagsvísindasvið	Grein birt í ISI tímaritum með háan áhrifastuðul og í tímariti sem raðast í A flokk skv. ERIH A4.1		6
Hug- og félagsvísindasvið	Aðrar greinar í ISI tímaritum, greinar í B-flokki skv. ERIH eða greinar sem fá 1 einkunn í könnun fyrir tímarit A4.2		29
Hug- og félagsvísindasvið	Greinar í tímaritum í C-flokki í ERIH og greinar sem fá 2. einkunn í könnun fyrir tímarit A4.3		26
Hug- og félagsvísindasvið	Greinar birtar í tímaritum sem fá 3. einkunn í könnun fyrir tímarit, sbr. viðauka 1, og greinar í svokölluðum „Predatory“ tímaritum A.4.4.		0
Hug- og félagsvísindasvið	Grein í öðru ráðstefnuriti A.5.2.		3

### Fyrirlestrar á málþingum og ráðstefnum, veggspjöld

Erindi á alþjóðlegum ráðstefnum 6.3	76
Erindi á innlendum ráðstefnum 6.4	63
Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa 6.5	84
Veggspjald á alþjóðlegri ráðstefnu 6.6	3
Opinber boðsfyrirlestur við erlendan háskóla 6.2	6
Premium fyrirlestur eða inngangsfyrirlestur á alþjóðlegri vísindaráðstefnu 6.1	1

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

### Ráðstefnur

Ráðstefnur haldnar á vegum sviðsins, Félagsvísindadeild:

Rannsóknaráhersla /rannsóknarsvið	Heiti ráðstefnu	Mánuður
Lögglufræði	Löggæsla og samfélagið	Febrúar
Fjölmiðlafræði	Fjölmiðlar á landsbyggðinni (í samvinnu við Símenntun HA)	Mars
Fjölmiðlafræði	How to protect journalists – the effect of the new media acts on Icelandic journalists	Ágúst

Ráðstefnur haldnar á vegum sviðsins, Lagadeild:

Rannsóknaráhersla /rannsóknarsvið	Heiti ráðstefnu	Mánuður
Mannréttindi	Lögfræðitorg (HH, Ingibjörg Elíasd. og REÞ): Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Guðmundar Andra Ástráðssonar gegn Íslandi	Mars 2019
Heimskautaréttur	Lögfræðitorg (Antje Neumann): Vernd óbyggða á heimskautasvæðum	Október 2019
Refsiréttur	Lögfræðitorg: Hatursorðræða (Eyrún)	Apríl 2019
Réttarsaga	Lögfræðitorg: Samband ríkis og kirkju	Janúar 2019
Réttarheimspeki	Lögfræðitorg: Skólar og lýðræði	Janúar 2019
Heimskautaréttur	Lögfræðitorg: Náttúruauðlindir, nýlenduvæðing og Grænland (Rachael)	Febrúar 2019
Jafnrétti	Lögfræðitorg: Hvað er jafnlaunavottun?	Mars 2019
Réttarfar	Lögfræðitorg: Pólskt einkamálaréttarfar	Apríl 2020
Réttarfar	Af vettvangi dómstóla (HH, BJ, JÓA) – Þrjú nýfallnir dómur krufðir til mergjar.	Desember 2019
Heimskautaréttur	12th Polar Law Symposium	Desember 2019

### Rannsóknarstig á Hug- og félagsvísindasviði 2019

Rannsóknarstig	1.424
Meðaltal rannsóknarstiga á stöðugildi	32.43
Fjöldi stöðugilda að baki meðaltals	43.9

Vísað er til kaflans [Rannsóknir við Háskólann á Akureyri á bls. 42](#) fyrir frekari upplýsingar.



# MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



Miðstöð skólaþróunar er starfrækt innan Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Hlutverk hennar er að efla leik-, grunn- og framhaldsskóla sem faglegar stofnanir og vera farvegur þekkingar til starfandi kennara á öllum skólastigum og frá þeim til háskóla.

Meginviðfangsefni sérfræðinga MSHA lúta að þróunar- og umbótastarfi á vettvangi skólastarfs og annast þeir ráðgjöf og fræðslu til starfandi kennara og skólustjórnenda. Innan MSHA hefur byggst upp margvísleg þekking á stjórnun og forystu, starfsþróun og fagmennsku, fjölbreyttum starfsháttum í skólum, námskrárgerð, mati á skólastarfi og læsi. Í samstarfi við sérfræðinga innan kennaradeildar Háskólans á Akureyri hefur miðstöðin forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skólaþróunar. MSHA stendur auk þess fyrir rannsóknum á starfsháttum í skólum (starfendarannsóknum) og heldur ráðstefnur, námskeið og fræðslufundi. Þá sinna sérfræðingar MSHA kennslu í kennaradeild.


MSHA hefur með höndum sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar skv. sérstökum samningi þar um. Fleiri sveitarfélög víðsvegar um landið hafa að auki gert tímabundna samninga við MSHA um ýmis áhugaverð skólaþróunarverkefni. Unnið er samkvæmt starfs- og þróunaráætlunum viðkomandi sveitarfélags/skóla. Í starfi MSHA á vettvangi skólastarfs er lögð áhersla á fræðslu, ráðgjöf, samræðu, samvinnu og ígrundun. Skólaþróunarverkefnum er ætlað að leiða til starfsþróunar og eflingar skólastarfs á öllum skólastigum.

## Helstu verkefni hjá Miðstöð skólaþróunar á árinu 2019:

- Byrjendalæsi og læsi til náms/Læsi fyrir lífið – þróun starfshátta í læsiskennslu í leik- og grunnskólum.
- Orðaleikur – málörvun leikskólabarna og barna ef erlendum uppruna, þróunarverkefni og námsefnisgerð.
- Samræðufélagar – málörvun barna af erlendum uppruna – þróunarverkefni í grunnskóla.
- Stærðfræðileiðtogar – þróun starfshátta í stærðfræðikennslu á miðstigi grunnskóla.
- Zankov – þróunarverkefni í stærðfræði á yngsta stigi grunnskóla.
- Samskipti stúlkna – þróun fyrirbyggjandi aðgerða gegn einelti, sérstaklega hjá stúlkum.
- Krakkaspjall – samskiptaverkefni á yngsta og miðstigi grunnskóla.
- Unglingaspjall – samskiptaverkefni á unglingsstigi.
- Bekkjarfundir – ráðgjöf og stuðningur við starfandi kennara á grunn- og framhaldsskólastigi.
- Forvarnir gegn einelti – stuðningur og ráðgjöf við gerð forvarna-áætlana gegn einelti.

- Leiðsagnarmat – þróun fjölbreyttra leiða í námi, kennslu og námsmati á öllum skólastigum.
- Snjallvagninn – notkun snjalltækja í námi og kennslu í leikskólum og á yngsta stigi grunnskóla.
- Kennslufræðilegur stuðningur við kennara á grunnskólastigi, í samstarfi við fræðsluvið Akureyrarbæjar.
- Úttektir og mat á afmörkuðum þáttum skólastarfs á grunn- og framhaldsskólastigi.
- Stuðningur og ráðgjöf varðandi stefnumótun og skólanámskrárgerð á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.
- Námsfnisgerð í tengslum við málörvun og læsi.
- Þýðing og staðfært efni í mannkostamenntun.
- Námskeið og stutt erindi samkvæmt óskum frá skólum á öllum skólastigum.

## Ráðstefnur og námskeiðahald

MSHA stendur árlega fyrir ráðstefnum um skólamála með þátttöku sérfræðinga úr háskólum bæði hérlendis og erlendis. Árleg vorráðstefna MSHA var haldin þann 30. mars í Háskólanum á Akureyri og bar að þessu sinni yfirskriftina Vísindi í námi og leik. Um 100 þátttakendur sóttu ráðstefnuna. Miðstöðin hefur staðið fyrir ýmiss konar viðburðum á Alþjóðadegi læsis 8. september í samstarfi við bókasafn HA og Amtsbókasafnið á Akureyri en hausráðstefna um læsi er haldin annað hvert ár. Þann 14. ágúst stóð MSHA í samstarfi við Akureyrarbæ að sameiginlegum námskeiðsdegi fyrir grunnskólakennara á Akureyri og komu um 250 grunnskólakennarar hjá Akureyrarbæ í HA og sátu áhugaverð og fjölbreytt námskeið allan daginn. Eins stóð MSHA, í samstarfi við Fræðsluvið Akureyrarbæjar, fyrir fjölbreyttum styttri námskeiðum alla haustönnina og [yfirlit yfir þau má finna hér](#) 

## Styrkir

Miðstöðinni varð vel ágengt í öflun styrkja á árinu. Styrkir fengust til þróunar á nýjum verkefnum, kennslugögnum og námsefni og m.a. fengust styrkir til þess að opna tvær heimasíður á vegum MSHA, aðra um Snjallvagninn og hina um Orðaleik. Þeir aðilar sem styrktu starfsemi MSHA á árinu voru KEA, Norðurorka, Lýðheilsusjóður, Þróunarsjóður námsgagna, Þróunarsjóður innflytjenda, Endurmenntunarsjóður grunnskóla, Sprotasjóður, Verkefnasjóður HA og Rannsóknasjóður HA. Á fyrri hluta ársins 2019 stöðugildum 5 sérfræðingar hjá MSHA í 3,8 stöðugildum. Á síðari hluta ársins voru þeir sjö í 4,6 stöðugildum. Forstöðumaður til 1. september var Laufey Petrea Magnúsdóttir en þann 1. október tók Gunnar Gíslason við starfinu.



Hésia  
& Akurá  
Birta Þrisilla

## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Hlutverk Viðskipta- og raunvísindasviðs er að mennta stúdenta til starfa á sviði góðrar auðlindanýtingar í anda sjálfbærni, sem og að veita stúdentum þekkingu og þjálfun í viðskiptafræði til ábyrgðarstarfa við rekstur fyrirtækja, stofnana og samtaka.

Viðskipta- og raunvísindasvið hefur námsframboð sem ekki er að finna við aðra háskóla hér á landi, þ.e. sérhæft nám í líftækni og sjávarútvegsfræðum á BS-stigi og nám til MS-gráðu í auðlindafræðum á sömu sviðum. Enn fremur nám til MRM-gráðu í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða.

Fjöldi doktorsnemenda hefur í gegnum tíðina unnið að doktorsverkefnum sínum undir leiðsögn sérfræðinga sviðsins, þó að þeir hafi stundað námið við aðra háskóla. Frá og með haustinu 2018 er í boði doktorsnám við Viðskipta- og raunvísindasvið á sviðum líftækni, sjávarútvegs- og fiskeldisfræði og viðskiptafræði. Gert er ráð fyrir að doktorsverkefni við sviðið verði að jafnaði þverfræðileg og unnin í nánú samstarfi deilda innan sviðsins sem og í samstarfi við önnur fræðasvið HA og innlenda jafnt sem erlenda háskóla, stofnanir og fyrirtæki.

um námskeið sem fara fram árlega við HA. Sérfræðingar sviðsins og skólans hafa einnig leiðbeint árlega 3–6 stúdentum í lokaverkefnum þeirra.

Alls brautskráðust 102 stúdentar frá sviðinu á árinu. Þar af 13 með B.S. próf í sjávarútvegsfræði, 8 með B.S. próf í líftækni, 58 með B.S og próf í viðskiptafræði. 2 brautskráðust með meistaraþróf í viðskiptafræði og 21 með MRM próf í haf- og strandveiðastjórnun.

Eitt af stefnumálum sviðsins er að byggja upp öflugt, þverfaglegt meistaranám þar sem áhersla er lögð á nám sem sniðið er að þörfum hvers og eins. Í því augnamiði var á árinu 2018 og í byrjun árs 2019 boðið upp á ný námskeið í alþjóðaviðskiptum með áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi, samtals 15 ECTS-einingar. Áherslur ganga þvert á fræðasviðið og gagnast námskeiðin því stúdentum beggja deilda. Á árinu 2019 var unnið áfram á þessari braut með skipulagningu nýrra námskeiða á meistarastigi um sveitarstjórnir og rekstur sveitarfélaga og fimm námskeiða á sviði sjávarútvegsfræði, m.a. um íslenskan og alþjóðlegan sjávarútveg, alþjóðlega veiðitækni, sjálfbæra stjórnun fiskveiða og vinnslutækni. Á árinu 2020 verður unnið áfram að skipulagi nýrra námskeiða á sviði stjórnunar, framleiðslutækni og líftækni.

Á árinu var fylgt eftir ítarlegri stefnumótun fyrir sviðið og deildir þess sem unnin var á árinu 2017 sem hluti undirbúnings fyrir Stefnu Háskólans á Akureyri 2018–2023.

Á árinu var einnig í fyrsta skipti boðið upp á nýtt námskeið í nýju námsframboði á meistarastigi um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, MarBio. Námskeiðið er samstarf Háskólans á Akureyri, Háskólans á Hólum, Gautaborgarháskóla í Svíþjóð, Nord universitet í Bodø í Noregi og Háskólans í New England í Bandaríkjunum.

Gott samstarf er um rannsóknir og kennslu við fyrirtæki í íslensku atvinnulífi og gefur það námi á sviðinu hagnýta vídd. Kennarar stunda öflugar rannsóknir í alþjóðlegu samhengi og í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki. Það styrkir verulega grundvöll rannsóknartengds meistaranáms og doktorsnáms við fræðasviðið.

Eitt af stefnumálum sviðsins er að byggja upp öflugt, þverfaglegt meistaranám þar sem áhersla er lögð á nám sem sniðið er að þörfum hvers og eins

### Skipting í deildir

Viðskipta- og raunvísindasvið skiptist í tvær deildir, *Auðlindadeild* og *Viðskiptadeild*. Nám í tölvunarfræði fer einnig fram á Viðskipta- og raunvísindasviði í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og frá sviðinu brautskrást enn fremur stúdentar með meistaraþróf í haf- og strandsvæðastjórnun sem stunda alfarið sitt nám við Háskólasetur Vestfjarða.

Undir sviðið heyrir einnig Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri, sem er sjálfseignarstofnun. Viðskipta- og raunvísindasvið tekur enn fremur þátt í samstarfi um Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna (UNESCO Fisheries Training Program) með því að skipuleggja og sjá

## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

### Skiptinám

Erlendir skiptinemar til sviðsins voru 19 talsins, frá Þýskalandi, Póllandi, Tékklandi, Spáni, Slóvakíu, Bandaríkjunum og Finnlandi. Sex stúdentar fóru til skiptináms við erlendar háskólastofnanir á vegum Erasmus og í gegnum tvíhliða samninga til Noregs, Spánar, Bandaríkjanna og Japan.

Margir kennarar sviðsins sóttu ráðstefnur og fundi erlendis vegna ýmiss konar tengsla.

Nefna má samstarf skólans við University of Reading í Englandi og EAFIT Universidad í Kólumbíu um sumarskóla sem haldinn var í Kólumbíu. Fóru þá þrír stúdentar og einn kennari frá HA til Kólumbíu til að taka þátt í sumarskólanum. Einnig fóru 15 stúdentar í sjávarútvegsfræði í vikuférför til Háskólans í Tromsø (UiT) þar sem stúdentar unnu m.a. að verkefnum á rannsóknaskipi á vegum UiT. Þá má nefna heimsóknir kennara til erlendra samstarfsskóla í tengslum við t.d. Erasmus- og Nordplus (Nobanet) samstarf. Viðskipta- og raunvísindasvið tók enn fremur á móti fjölmörgum gestum frá erlendum samstarfsskólum

### Starfsfólk

Fastir kennarar voru 26 í rúmlega 22 stöðugildum, að meðtalinni prófessorsstöðu sem sviðið deilir með Náttúrufræðistofnun Íslands. Sameiginlegri stöðu prófessors með Hafrannsóknastofnun var sagt upp af hálfu Hafrannsóknastofnunar frá byrjun árs 2019. Til viðbótar koma stöður forstöðumanns Sjávarútvegsmiðstöðvar skólans og staða verkefnastjóra náms í tölvunarfræði sem boðið er upp á frá Háskólanum í Reykjavík en fer fram við Háskólann á Akureyri.

Meðal kennara sviðsins eru átta prófessorar.

Stjórnskipulagi Viðskipta- og raunvísindasviðs er lýst í reglum nr. 864/2009.

### AUÐLINDAEILD

Innan Auðlindadeilda eru tvær námsbrautir, líftækni og sjávarútvegsfræði. Vegna aðgangstakmarkana nýnema sumarið 2019 var ákveðið að bjóða ekki upp á tveggja ára 120 ECTS-eininga diplómanám í náttúru- og auðlindafræði sem áður hafði verið í boði til margra ára, enda völdu stúdentar almennt að ljúka þriggja ára BS-námi í líftækni eða sjávarútvegsfræði.

Lögð er áhersla á að auka þekkingu á auðlindum norðurlóða í víðum og þverfaglegum skilningi. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í líftækni, sjávarútvegsfræðum og öðrum náttúruvísind-

um samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnun. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar. Starfsemi deildarinnar á árinu 2019 var svipuð og undanfarin ár.

Í Auðlindadeild var boðið upp á þriggja ára 180 ECTS-eininga nám til BS-gráðu í sjávarútvegsfræði og í líftækni. Einnig gátu stúdentar lokið tvöfaldri (240 eininga) námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum til tveggja BS-gráða, sem lengir námstímann um að lágmarki eitt ár.

Þá var einnig boðið upp á þriggja ára nám til BS-gráðu í viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði, í samstarfi við Viðskiptadeild skólans.

Á framhaldsstigi var boðið 120 eininga einstaklingsmiðað, rannsóknar- tengt nám til MS-gráðu í auðlindafræðum með áherslu á annað hvort líftækni eða sjávarútvegsfræði. Námið er skipulagt til tveggja ára og geta meistaraverkefnið verið ýmist 60 eða 90 einingar. Þannig er áhersla lögð á rannsóknahluta námsins og samstarf við erlendar háskóla- og rannsóknastofnanir. Námskeið eru tekin að hluta til við HA og að hluta til við aðra háskóla hér á landi eða erlendis. Tíu einingar hið minnsta af námskeiðshluta meistaránáms skulu vera námskeið í rannsóknaraðferðum. Einnig er mögulegt að nemandi taki lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og að fengnu samþykki meistaránámsnefndar sviðsins. Meistaránámsnefnd Viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að námskrá standist ítrustu gæðakröfur.

Stúdentar sem brautskrást með MS-gráðu í framhaldi af BS-gráðu í sjávarútvegsfræðum bera starfsheitið sjávarútvegsfræðingur.

Auðlindadeild býður nám í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða og fer það fram á Ísafirði.

Það er 120 eininga meistaránám til MRM-gráðu, Master of Resource Management, í haf- og strandsvæðastjórnun og 90 eininga diplómanám í sjávarfengdri nýsköpun á meistarastigi. Við Háskólasetur Vestfjarða var einnig boðið upp á 120 eininga meistaránám í sjávarbyggðfræði til MA-gráðu (frá árinu 2017), í samstarfi við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

### Líftækni

Markmið námsins er að veita stúdentum góðan þekkingargrunn til að starfa í líftækniyrirtækjum og tengdum greinum og breiðan grunn til frekara náms. Nám í líftækni er samsett af ýmsum námskeiðum á sviði náttúruvísinda og auðlindalíftækni, ásamt viðskiptagreinum og greinum af heilbrigðisvísindasviði (heilbrigðislíftækni). Lögð er rík áhersla á að kynna stúdentum líftæknilegar aðferðir til nýtingar auð-

## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

linda með nýstárlegum hætti og til að koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Áhersla er einnig á umhverfis- og orkulíftækni. Á meðal áherslusviða í náminu má nefna:

- lífvirk efni
- efni með lyfjavirkni
- aukaeefni í matvælum og efni sem styrkja ónæmiskerfið
- fæðubótarefni
- líftæknilega þætti fiskeldis hvað varðar heilbrigði og næringu/fóður
- niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna
- grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru.

Af sérnámskeiðum á sviði líftækni má nefna erfðafræði og sameinda-erfðafræði, líftækni, lífefnafræði, ónæmisfræði, líftæknilega örverufræði, matvælafræði, gena- og gagnasöfn og gæðaframleiðsluferli.

### Sjávarútvegsfræði

Markmið námsins er að veita stúdentum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum og breiðan grunn til frekara náms. Námið veitir þverfaglega þekkingu sem nýtist sérstaklega vel til stjórnunarstarfa í ýmsum greinum sjávarútvegs og annarra framleiðslugreina, svo sem við veiðar, vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða. Kennendur eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Í sérnámskeiðum sjávarútvegsfræði er fjallað um vistkerfi sjávar og um veiðar og vinnslu sjávarafurða. Rík áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stoðgreinar hans, ekki síst í tengslum við lokaverkefni stúdenta.

Kennarar Viðskipta- og raunvísindasviðs hafa árlega séð um mótöku og kennslu fyrir nemendahóp Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna (UNESCO frá árinu 2020) en nemendur þar koma víðs vegar að úr heiminum. Annars vegar er um að ræða grunnþjálfun í viðskiptafræði og markaðsfræði og hins vegar sérhæft nám um rekstur og markaðssetningu sjávarútvegsfyrirtækja, þ.e. *A specialist course on Management of Fisheries Companies and Marketing*. Einnig hafa nokkrir stúdentar árlega unnið lokaverkefni sín undir handleiðslu sérfræðinga fræðasviðsins.

### VIÐSKIPTAÐEILD

Viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri er fræðilegt og hagnýtt nám þar sem stúdentar öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfaðir í faglegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, sem gerir

þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun. Samhliða því eru stúdentar æfdir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast í framhaldsnámi og starfi. Í grunnnáminu öðlast stúdentar góða grunnþekkingu á viðskiptafræði. Starfsemi deildarinnar á árinu 2019 var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Nám til BS-gráðu í viðskiptafræði er 180 ECTS-einingar, skipulagt til þriggja ára. Á árinu 2019 voru þrjár námsleiðir í boði: Stjórnun og markaðsfræði, stjórnun og fjármál, og viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði í samstarfi við auðlindadeild fræðasviðsins. Stúdentar gátu einnig lokið tvöfaldri (240 eininga) námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum til BS- gráðu.

### Stjórnun og markaðsfræði

Lögð er áhersla á að mennta fólk til stjórnunar- og markaðsstarfa. Fjallað er um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og stefnumótun. Einnig um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, almannatengsl og markaðsrannsóknir. Farið er yfir aðferðir til markaðsgreiningar sem og gerð markaðs- og kynningaráætlana, þjónustumælinga og almannatengslaferða. Að auki eru kennd námskeið í vörubrúun og áætlanagerð.

### Stjórnun og fjármál

Lögð er áhersla á að mennta fólk til almennra stjórnunarstarfa í fyrirtækjum og til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun, stefnumótun, hagnýta stærðfræði, hagrannsóknir og þjóðhagfræði. Einnig er fjallað ítarlega um fjármálastjórnun, áhættustýringu og verðbréfalögfræði.

### Viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði

Námið samanstendur af þverfaglegum grunni viðskiptagreina og sérnámskeiða í sjávarútvegsfræðum. Áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir í sjávarútvegi og stoðgreinum hans. Viðskiptafræðingar með sjávarútvegsfræði sem aukagrein hljóta menntun sem m.a. nýtist vel til starfa í fyrirtækjum tengdum sjávarútvegi.

Meistaránám í viðskiptafræði til MS-gráðu er ýmist 90 eða 120 ECTS-einingar. Námið er einstaklingsmiðað, rannsóknartengt og skipulagt til tveggja ára. Nemandi fylgir eigin námskrá sem sniðin er að þörfum hans og rannsóknarverkefninu. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að námskrá standist ítrustu gæðakröfur. Tvær leiðir eru til MS-gráðu, annars vegar 30 eininga meistaraverkefni og 60 einingar í námskeiðum og hins vegar 60 eininga meistaraverkefni og

## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

60 einingar í námskeiðum. Tíu einingar hið minnsta af námskeiðshluta meistaranáms skulu vera námskeið í rannsóknaraðferðum. Önnur námskeið tekur nemandi við HA eða samstarfsháskóla, erlenda eða innlenda. Einnig er mögulegt að nemandi taki lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og að fengnu samþykki meistaranámsnefndar sviðsins.

### RANNSÓKNIR OG ÞRÓUNARSTARF

#### RANNSÓKNIR

Kennarar Viðskipta- og raunvísindasviðs stunda öflugar rannsóknir í alþjóðlegu samhengi. Náð samstarf er við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og fyrirtæki og vísindamenn vítt og breitt um heiminn, meðal annars undir merkjum Erasmus, Nordplus (Nobanet) og ESPON.

Kennarar sviðsins hafa verið virkir við birtingar og kynningar á niðurstöðum rannsókna sinna. Vaxandi fjöldi rannsóknargreina var birtur í ritrýndum tímaritum og bókum samanborið við fyrri ár og einnig voru fleiri fyrirlestrar og veggspjöld kynnt á erlendum og innlendum vettvangi en verið hefur á liðnum árum.

Prófessor á Viðskipta- og raunvísindasviði er tengiliður fyrir hönd

Háskólans á Akureyri og íslensks rannsóknarsamfélags við Evrópsku rannsóknaráætlunina um byggða- og svæðarannsóknir – ESPON, [www.espon.eu](http://www.espon.eu). Þetta er samkvæmt samningi við Byggðastofnun sem gildir út árið 2020.

Á árinu var unnið áfram að markvissri endurnýjun og uppfærslu tækja og búnaðar á rannsóknastofum Auðlindadeildar sem orðið var mjög aðkallandi þar sem lítið svigrúm hafði gefist fyrir endurnýjun og uppfærslu rannsóknatækja frá því efnahagshrunið varð.

Samstarf var um nám og rannsóknir við fjölda fyrirtækja og rannsóknastofnana hérlendis. Må þar telja aðila sem eru til húsa á Borgum, svo sem Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Matís ohf. og Fiskistofu. Enn fremur var virkt samstarf við aðra íslenska og erlenda háskóla, svo sem Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum. Einnig við fjölda fyrirtækja, svo sem Samherja hf., Norðurorku hf., Biopol ehf. og Landsvirkjun auk fjölda annarra.

Víðtækt samstarf var við innlendar rannsóknastofnanir á árinu 2019, m.a. í gegnum samninga um starfsmenn við Náttúrufræðistofnun Íslands, Biopol ehf., Matís ohf. og Hafrannsóknastofnun.

#### Ný rannsóknarverkefni á árinu

Rannsóknaráhersla/ rannsóknarsvið	Heiti verkefnis	Tengiliður innan fræðasviðs	Vefslóð verkefnis
Byggða- og svæðarannsóknir	<i>ESPON Transnational Outreach 19-22</i>	Grétar Þór Eyþórsson	
Kennsluefni og kennsla	<i>Nám í fiskeldi á Íslandi – úttekt og tillögur</i>	Guðrún Arndís Jónsdóttir	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Líftækni, örverufræði	<i>Non-conventional yeasts for the production of bioproducts (CA18229)</i>	Hjörleifur Einarsson	Horizon 2020
Sjávarlíftækni	<i>European transdisciplinary networking platform for marine biotechnology (CA18238)</i>	Hjörleifur Einarsson	Horizon 2020
Líftækni, örverufræði	<i>Mývatnsspirulina</i>	Hjörleifur Einarsson	Uppbyggingarsjóður Norðurlands Eystra
Örveruvistfræði	<i>Þáttur örverusamfélaga í landnámi og framvindu gamburmosa í jökulgöðum Fláajökuls</i>	Oddur Vilhelmsson	Rannsóknasjóður HA
Umhverfisfræði	Samfélagsgerð botnfiska og tengsl við umhverfisbreytingar	Steingrímur Jónsson	Rannsóknasjóður HA
Byggða- og svæðarannsóknir	Sínum augum lítur hver á silfrið: Búsetuskilyrði og blæbrigði þeirra	Vífill Karlsson	Byggðarannsóknasjóður Byggðastofnunar

## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

### Rannsóknargreinar birtar í ritrýndum tímaritum og bókum

Rannsóknaráhersla/ rannsóknarsvið	Ritrýndar greinar í tímaritum og ráðstefnuritum	Bækur/bókarkafar	Samtals
Auðlindir og umhverfi, sjávarútvegur, fiskeldi	12	1	13
Líftækni, erfðafræði	9	1	10
Vistfræði, örveruvistfræði	4	-	4
Byggðarannsóknir, sveitarstjórnarmál	2	-	2
Viðskiptafræði, hagfræði, landfræði	5	3	8
Fjármál, markaðsmál	4	-	4
Alþjóðamál og stjórnsýsla	9	1	10

### Fyrirlestrar á málþingum og ráðstefnum, veggspjöld

Inngangsfyrirlestrar á alþjóðlegum ráðstefnum	-
Erindi á erlendum ráðstefnum og málþingum	59
Erindi á innlendum ráðstefnum og málþingum	111
Veggspjöld á alþjóðlegum ráðstefnum	17

### Ráðstefnur

Ekki voru haldnar ráðstefnur á vegum fræðasviðsins á árinu 2019

### Rannsóknarstig á Viðskipta- og raunvísindasviði 2019

Rannsóknarstig	883
Meðaltal rannsóknarstiga á stöðugildi	38.56
Fjöldi stöðugilda að baki meðaltals	22.9

Vísað er til kaflans [Rannsóknir við Háskólann á Akureyri á bls. 42](#) fyrir frekari upplýsingar.





# MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS

Hlutverk Miðstöðvar doktorsnáms er að fara með málefni doktorsnáms við háskólann og efla rannsóknir við skólann. Í umsjón með doktorsnámi felst allur ferill doktorsnema frá umsóknarferli til mats á doktorsverkefni og doktorsvarnar. Miðstöð doktorsnáms heldur utan um námsferilsskrá fyrir hvern doktorsnema, framvinduskýrslur og niðurstöður áfangamats.

Doktorsnámsráð, sem er stjórn Miðstöðvar doktorsnáms, ber akademíska ábyrgð á doktorsnámi við háskólann enda tekur ráðið allar helstu ákvarðanir sem varða námsferil doktorsnema.

Það er á ábyrgð Miðstöðvar doktorsnáms að gæði námsins séu samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður og að doktorsnámið falli að heildarhlutverki háskólans sem fræðastofnunar í þágu samfélagsins. Til þess að efla þekkingu og færni leiðbeinenda doktorsnema stóð Miðstöð doktorsnáms fyrir tveimur sérhönnuðum námskeiðum á árinu.

Við lok árs 2019 voru samtals fimm doktorsnemar skráðir við háskólann, þrjár í félagsvísindum og tveir í heilbrigðisvísindum. Fyrirhugað er að fyrstu doktorsnemarnir brautskráist 2023.

Miðstöð doktorsnáms gegnir einnig hlutverki miðlægrar stjórnýslu rannsókna við háskólann. Það felur í sér grunnmat vegna umsókna um framgang akademískra starfsmanna háskólans, samskipti við dómnafnd háskólans og umsækjendur um akademískar stöður, og umsjón með rannsóknarmissemur akademískra starfsmanna. Einnig umsjón með rannsóknarstigum og samskipti við akademíska starfsmenn vegna mats á stigum og úrvinnslu. Enn fremur samskipti vegna úthlutunar úr vinnumatssjóði.

## Fulltrúar í doktorsnámsráði við lok ársins 2019:

Dr. Lars Gunnar Lundsten, forstöðumaður Miðstöðvar doktorsnáms, formaður (varafulltrúi dr. Stefán B. Sigurðsson, prófessor emeritus)

Dr. Sigríður Halldórsdóttir prófessor, fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs (varafulltrúi dr. Árún K. Sigurðardóttir prófessor)

Dr. Guðmundur Heiðar Frímansson prófessor, fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs (varafulltrúi dr. Anna Ólafsdóttir dósent)

Dr. Grétar Þór Eypórsson prófessor, fulltrúi Viðskipta- og raunvísindasviðs (varafulltrúi dr. Steingrímur Jónsson prófessor)

Dr. Guðrún Rósa Þorsteinsdóttir, forstöðumaður RHA, fulltrúi háskóla- skrifstofu (varafulltrúi dr. Hilmar Janusson, forstjóri Genís).

## Við árslok 2019 skipaði rektor einnig fulltrúa doktorsnema í ráðið sem tók sæti frá ársbyrjun 2020:

Karen Birna Þorvaldsdóttir, doktorsnemi (varafulltrúi Hulda Sædis Bryngeirsdóttir doktorsnemi)

Eitt stöðugildi er við Miðstöð doktorsnáms við HA fyrir utan forstöðumann. Starfsmenn Miðstöðvar doktorsnáms við árslok 2019 voru Lars Gunnar Lundsten forstöðumaður og Sif Jónsdóttir, verkefnastjóri doktorsnáms og stjórnýslu rannsókna.

Stefán B. Sigurðsson, prófessor emeritus, starfar sem ráðgjafi Miðstöðvar doktorsnáms.

Miðstöð doktorsnáms heyrir undir skrifstofu rektors.

# RANNSÓKNIR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Í framtíðarsýn stefnu Háskólans á Akureyri 2018 – 2023 er skólinn ein helsta mennta- og rannsóknastofnun landsins. Háskólinn er virkur og virtur þátttakandi í íslensku og alþjóðlegu fræðasamfélagi ásamt því að vinna með atvinnulífinu að nýsköpun og eflingu frumkvöðlahugsunar í nærsamfélaginu.

**Markmið háskólans í rannsóknum og nýsköpun eru eftirfarandi:**

- Efling rannsókna
- Doktorsnám á öllum fræðasviðum
- Aukin sókn í samkeppnissjóði
- Aukin þátttaka skólans og nemenda hans í nýsköpun

Samkvæmt reglum nr. 928/2018 um starfsskyldur kennara við Háskólann á Akureyri skiptist vinnuskylda kennara í kennslu, rannsóknir og stjórnun í ákveðnum hlutföllum eftir starfsheiti og starfshlutfalli. Kennarar hafa akademískt frelsi til að velja viðfangsefni og aðferðir í rannsóknum á sínu sviði sem skilgreint er af viðkomandi fræðasviði. Niðurstöður rannsókna skal kynna á vísindalegum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur og einnig skulu þær kynntar almenningi.

Rannsóknir eru almennt 40% af starfi prófessora, dósentna og lektora.

Rannsóknarskylda dósentna og lektora í minna en hálfri stöðu er 23% og aðjúnkt í meira en hálfri stöðu hefur almennt 31% rannsóknarskyldu.

Háskólinn á Akureyri stuðlar að rannsóknum kennara á ýmsan hátt; með góðri vinnuaðstöðu og stoðþjónustu, með rannsóknarleyfum og með styrkveitingum úr Rannsóknarsjóði HA.

Háskólinn leggur áherslu á samþættingu kennslu og rannsókna fyrir stúdenta sína á öllum námsstigum. Skólinn hefur um árabíl boðið rannsóknartengt meistaranám og frá hausti 2019 er boðið doktorsnám við HA.

[Á vef háskólans má lesa um einstök rannsóknarverkefni](#)

[Á vefnum eru einnig birtar lykiltölur rannsókna](#)

Miðlæg stjórnýsla rannsókna við Háskólann á Akureyri hefur yfirsýn yfir rannsóknir akademísks starfsfólks. Stjórnýsla rannsókna er hjá Miðstöð doktorsnáms við HA.

Árlega eru teknar saman upplýsingar um rannsóknarvirkni á undan-gengnu ári. Vísindaráð HA hefur eftirlit með rannsóknarvirkni og er ráðgefandi aðili fyrir háskólaráð.

Rannsóknarvirkni við HA jókst milli ára 2018 og 2019. Aukning varð á rannsóknarstarfsemi á öllum þremur fræðasviðunum. Rannsóknar-

virkni er meðal annars mæld í fjölda birtinga ritrýndra greina og bókarkafla. Rannsóknarvirkni er líka metin í rannsóknastigum sem endurspeglar bæði birtingar og aðra þætti svo sem þátttöku í ráðstefnum, útgáfu ritrýndra bóka og fleira.


**Birtar greinar og bókarkaflar í ritrýndum tímaritum og bókum**

	2019	2018
Fjöldi birtra greina og bókarkafla í ritrýndum tímaritum og bókum	177	190
Fjöldi birtinga í ritrýndum tímaritum og bókum sem gefa aflstig	154	171
Fjöldi birtinga í ISI- tímaritum	106	64

**Heildarfjöldi rannsóknastiga við háskólann**

2019	2018
3.007	2.577

**Þróun rannsóknastiga við HA frá 2010 – 2019**




Það er sérstaklega áhugavert að aukning rannsóknastiga verður á sama tíma og metfjöldi stúdenta hefur stundað nám við Háskólann á Akureyri. Þegar nánar er rýnt í tölurnar kemur jafnframt fram að stig á hvert stöðugildi er að aukast, enda hefur starfsfólki ekki fjölgað þrátt fyrir bæði aukinn fjölda stúdenta og aukna virkni í rannsóknum. Gildir þetta á öllum fræðasviðum skólans.




## RANNSÓKNIR VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Rannsóknarstig á stöðugildi 2015 – 2019



Meðaltal rannsókna á stöðugildi eftir fræðisviðum 2010 – 2019



Þetta er einstakur árangur íslensks háskóla og ber að fagna. Hins vegar er ljóst að aukið álag með þessum hætti er ekki sjálfbært til framtíðar og verður því að auka við mannauð skólans svo unnt sé að halda uppi virkri rannsóknastarfsemi ásamt því að halda áfram að byggja upp og efla rannsóknatengt nám við skólann — sérstaklega doktorsnám.

## FJÁRMÁL OG GREINING

Fjármál og greining annast helstu sameiginleg verkefni háskólans á sviði fjármála. Má þar nefna gerð fjárhagsáætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, greiningu og vinnslu lykiltalna, miðlun fjárhagslegra og tölulegra upplýsinga og eftirlit, þ.m.t. vegna rannsóknarverkefna. Einnig ráðgjöf um fjárhagsleg málefni háskólans.


Á árinu 2019 var starfsemi Fjármála og greiningar með hefðbundnu sniði.

Harpa Halldórsdóttir er forstöðumaður Fjármála og greiningar.

[Fleiri lykiltölur eru aðgengilegar hér](#)


Eftirfarandi eru lykiltölur sem lúta að starfsfólki Háskólans á Akureyri

### Fjöldi starfsfólks eftir kyni




## FJÁRMÁL OG GREINING

### Akademískt starfsfólk og aðjúnktar eftir starfsheimum



### Fjöldi akademísks starfsfólks og aðjúnkta



## MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Markaðs- og kynningarstarf og þjónustuborð nemendaskrár (MKþN) fóru í eina sæng undir forystu forstöðumanns Markaðs- og kynningarmála 1. september 2018.

Tveir starfsmenn sinntu verkefnum Markaðs- og kynningarmála: Katrín Árnadóttir forstöðumaður og Kristjana Hákonardóttir, verkefnastjóri og vefstjóri.

Kynningarfulltrúi fyrir hönd Stúdentafélags HA var Birna Heiðarsdóttir og tók hún virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd opinna daga og Háskóladagsins og sinnti fleiri tilfallandi verkefnum. Fulltrúi fjarnema háskólans tók einnig virkan þátt í kynningarstarfi. Á vormánuðum tók Karen Jónasdóttir við kefli Birnu og var ekki síður öflug.

Kynningar í framhaldsskólum voru áfram í höndum verktaka – fyrrverandi stúdents – á höfuðborgarsvæðinu til áramóta.

Hafist var handa við hönnun kynningarefnis strax á haustmánuðum 2018 enda vinna við gerð kynningarbæklinga mikil. Huga þarf að ljósmyndum, réttum texta svo og uppsetningu og prentun í tíma fyrir Háskóladaginn. Ákveðið var að gefa ekki út sérstakan bækling fyrir framhaldsnám.

Auglýsingar í fjölmiðlum voru að venju vandaðar fyrir innritun 2019–2020 en megináhersla var lögð á auglýsingar og kynningar á samfélagsmiðlum.

Birtingaráætlun var unnin í samstarfi við ABS birtingarhús en grafísk hönnun auglýsinga var í höndum Margrétar Káradóttur. Mikið var notast við kynningarmyndband um sveigjanlegt nám sem fór víða. Eins og árin á undan var byggt á hönnun Íslensku auglýsingastofunnar við gerð bæklinga, vefborða og auglýsinga fyrir ljósvakamiðla.

Háskóladagurinn var haldinn í Reykjavík í samstarfi allra háskóla landsins laugardaginn 2. mars. Allir sjö háskólar landsins kynntu þar námsframboð sitt. Í aðdragandanum var lagt í gerð kynningarmynd-



Frá vinstri: Einar Hannesson, stúdent í sjávarútvegsfræði, Katrín Árnadóttir, forstöðumaður Markaðs- og kynningarmála, Sigríður Arna Lund, stúdent í iðjuþjálfunarfræði, og Birna Heiðarsdóttir, kynningarfulltrúi og stúdent í fjölmiðlafræði.

banda sem fóru í spilun á [samfélagsmiðlum](#). Kynning Háskólans á Akureyri fór fram á neðri hæð á Háskólatorgi HÍ. Rúmlega 40 manns frá HA kynntu þar námið og útdeildu um 1.000 bæklingum.

Í kjölfar Háskóladagsins voru haldnar sameiginlegar kynningar á völdum stöðum á landinu: Reykjanesbæ, Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbrautarskóla Vesturlands, Menntaskólanum á Egilsstöðum og í Verkennta- og Menntaskólanum á Akureyri. Kynningunni í Vestmannaeyjum var frestað vegna veðurs. Í þessum kynningum stóð kynningarteymi stúdenta vaktina og fékk til liðs við sig stúdenta af svæðinu.

Öllum framhaldsskólum landsins var boðið að sækja Opna daga í HA sem fóru fram 3. og 4. október. Útskriftarárgangar á Norðurlandi þáðu boðið og fengu sumir hverjir rútuferðir til Akureyrar til að vera



Svipmyndir frá Háskóladeginum.



## MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL



Glæsilegur hópur kynnrir allt nám við HA.

viðstaddir kynninguna. Eftir strangar æfingar kynntu fulltrúar námsleiðana nám sitt og kynningarnefnd stúdenta kom að allri skipulagningu ásamt Markaðs- og kynningarmálum. Kynningin gekk vel og framhaldsskólanemendur sýndu mikinn áhuga sem lýsti sér í spurningum til fulltrúa námsleiðanna að kynningum loknum. Ekki spillti fyrir að gestirnir gátu nælt sér í pizzusneið og gos áður en yfir lauk. Að þessu sinni komu tæplega 300 manns frá Verkmenntaskólanum á Akureyri, Menntaskólanum á Akureyri, Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra, Menntaskólanum á Tröllaskaga, Framhaldsskólanum á Húsavík og Framhaldsskólanum á Laugum.

Aðrar námskynningar áttu sér stað í gegnum Starfamessu, sem skipulögð er af starfsráðgjöfum grunnskólanna og fór fram 1. Febrúar. Einnig var kynning fyrir Starfsendurhæfingu Norðurlands og kynningar á staðnum á Starfatorgi í Flensborg og á Tæknidegi fjölskyldunnar í Neskaupsstað.

Stærri viðburðir undir umsjón Markaðs- og kynningarmála voru á árinu veiting heiðursdoktorsnafnbótar til Rögvaldar Hannessonar og Vigdísar Finnbogadóttur, og umsjón með Háskólahátíð og nýnemadögum.

Starfsfólk Markaðs- og kynningarmála kom einnig að skipulagningu fjölmargra annarra viðburða innan háskólans. Nefna má Vísindaviku Rannís, Stelpur og tækni, LÝSU, Vísindasetur í Hofi, Sjávarútvegsráðstefnuna og Arctic Circle ásamt ráðstefnum og opnum fyrirlestrum.

Kristjana Hákonardóttir fór í fæðingarleyfi eftir sumarfrí 2019. Við hennar verkefnum tók Birna Heiðarsdóttir, fyrrverandi stúdent og kynningarfulltrúi stúdenta.

Þann 11. nóvember 2019 fór forstöðumaður MKPN í veikindaleyfi og lét af störfum sem forstöðumaður þjónustuborðs nemendaskrár. Við hennar störfum í 50% stöðu verkefnastjóra nemendaskrár tók Bárna Sif Sigurjónsdóttir.



Svipmyndir frá Opnum dögum.

## MIÐSTÖÐ ALÞJÓÐASAMSKIPTA

Í lok árs 2018 var Miðstöð alþjóðasamskipta við HA stofnuð og heyrir hún undir Rektorsskrifstofu. Þá færðist staða verkefnastjóra alþjóðamála frá Markaðs- og kynningarviði til miðstöðvarinnar. Rúnar Gunnarsson gegnir þar áfram stöðu verkefnastjóra alþjóðamála og Gunnar Már Gunnarsson er í hálfu starfi sem verkefnastjóri í málefnum norðurslóða (NRF).

Verkefnastjóri alþjóðamála hefur umsjón með stúdenta-, kennara- og starfsmannaskiptum, ásamt öðrum verkefnum sem tengjast alþjóðlegu samstarfi.

Á árinu 2019 voru alls 70 erlendir skiptinemar skráðir í HA, bæði í venjulegt skiptinám og í verknám, en það er fækkun um rúmlega þriðju nemendur milli ára. Nemendurnir komu frá eftirtöldum löndum: Austurríki, Bandaríkjunum, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Frönsku Gíneu, Ítalíu, Kanada, Kína, Portúgal, Póllandi, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi.

Alls stunduðu 25 stúdentar frá HA skiptinám eða verknám erlendis í eftirtöldum löndum: Austurríki, Bandaríkjunum, Færeyjum, Danmörku, Japan, Kanada, Noregi, Portúgal, Spáni, Suður-Kóreu, Svíþjóð, Tékklandi og Þýskalandi.

Auk þess tóku stúdentar og kennarar þátt í samstarfsverkefnum í formi örnámskeiða innan Nordplus sem yfirleitt vara í um það bil viku. Fimmán kennarar og starfsmenn stoðþjónustu HA fóru utan í kennara- eða starfsmannaskiptum í gegnum Erasmus eða Nordplus, og HA tók á móti 20 erlendum kennurum og öðrum starfsmönnum í skiptum.

Alþjóðaskrifstofa HA sá um móttöku og skipulagði kynningar á háskólanum fyrir fjölmargt starfsfólk frá erlendum gestaskólum og sendiráðum. Einnig var tekið á móti ýmsum öðrum erlendum gestum sem komu í óformlegar heimsóknir. Samstarfsskólar HA í gegnum samninga og samstarfsnet fyrir stúdenta- og kennaraskipti eru um 200 talsins. Samstarf þetta er unnið í gegnum eftirfarandi skiptiáætlanir: Erasmus+, Nordplus, North2North og tvíhliða samninga. HA fékk tvö Erasmus+ samstarfsverkefni samþykkt árið 2019. Annað verkefnið (EPaCur) er hýst af Heilbrigðisvísindasviði með það að markmiði að þróa námsefni og námskrá fyrir sjúkraflutninganám á Norður-löndunum. Hitt verkefnið (APELE) er hýst í Félagsvísindadeild og fjallar um aðgengi að háskólanámi fyrir þá sem hafa óhefðbundinn bakgrunn, t.d. flóttafólk og innflytjendur.

Unnið er að því auka fjölda skiptinema frá HA og hafa verið haldnir sértækir fundir og kynningar fyrir stúdenta sem hafa áhuga á að fara í skiptinám eða framhaldsnám. Sem dæmi má nefna kynningar Fulbright-stofnunarinnar á Íslandi (Fulbright-styrkir), kynningar frá erlendum sendiráðum á Íslandi og kynningar á sumarnámskeiðum og möguleikum til skiptináms.

Vert er að benda á að þátttaka stúdenta og kennara í ráðstefnunni *Arctic Circle*, sem haldin var í október, var framúrskarandi góð. Um 30 stúdentar frá HA tóku þar þátt í ráðstefnu um norðurslóðamál og unnu sem sjálfboðaliðar á ráðstefnunni. Margir kennarar og rannsakendur frá HA voru með erindi á ráðstefnunni. Einnig var HA með sameiginlega málstofu fyrir Arctic Circle í samstarfi við háskólann í Tromsø, University of Southern Maine, HÍ og HR. Frekar er fjallað um málefni norðurslóða í kaflinum um NRF.



# RANNSÓKNAPING NORÐURSINS, NORTHERN RESEARCH FORUM – NRF HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Markmið NRF er að skapa vettvang fyrir umræður um málefni norðurslóða og auka samvinnu vísindamanna og hagsmunaaðila á norðurslóðum. Helstu verkefni NRF eru meðal annars að:

- Styðja vísindafélaga NRF í sínum verkefnum
- Hafa umsjón með tví- og marghliða samningum HA sem snúa að samstarfi um norðurslóðamálefni, þar með talin Nansen-prófessorstaða við Háskólann á Akureyri
- Veita þeim vísindafélögum NRF stuðning sem ekki taka þátt í starfi vinnuhópa Norðurskautsráðsins
- Undirbúa styrkumsóknir
- Styðja við þátttöku HA í Hringborði Norðurslóða (Arctic Circle Assembly)
- Styðja þátttöku HA í Háskóla Norðurslóða (University of the Arctic)

## NRF og formenska Íslands í Norðurskautsráðinu

NRF og Norðurslóðanet Íslands héldu utan um fyrsta formennskuviðburð Íslands hér á landi þegar utanríkisráðherrar Finnlands og Íslands heimsóttu háskólann. Af því tilefni var haldinn opin fundur í Háskólanum á Akureyri undir yfirskriftinni Samvinna og samræða um sjálfbærni: Formenska í Norðurskautsráðinu.

Verkefnastjóri NRF, Gunnar Már Gunnarsson, tók á árinu þátt í reglulegum fundum sérfræðinga sem boðaðir voru af mennta- og menningar- málaráðuneytinu til að styðja við undirbúning Íslands á ráðherrafundi um vísindi norðurslóða haustið 2020 (e. Arctic Science Ministerial 3 – AMS3) þar sem um er að ræða samstarf Íslands og Japan.

Að lokum má nefna undirbúning á vinnustofnu Model Arctic Council 2020, sem halda átti fyrir háskólastúdenta frá norðurslóðaríkjunum átta. NRF hélt utan um þá vinnu í samstarfi við sérstakan vinnuhóp innan Háskóla norðurslóða og með aðkomu utanríkisráðuneytis Íslands.

## Hringborð Norðurslóða, Arctic Circle

Háskólinn á Akureyri hélt sérstakan forviðburð í Hofi, í samstarfi við sendiskrifstofu Grænlands á Íslandi, sem var kynntur í dagskrá alþjóðaráðstefnunnar Arctic Circle Assembly. Þar tóku til máls, auk annarra, ráðherrar frá báðum löndum, fulltrúar íslenskra og grænlenkra sveitarfélaga og stjórnendur leiðandi fyrirtækja. Viðburðurinn var vel sóttur og fékk talsverða umfjöllun.

Sam endranær stóð NRF fyrir málstofu ungra fræðimanna á Arctic Circle í samstarfi við Rannsóknarmiðstöð Íslands og bandaríska sendiráðið á Íslandi. Þá studdi NRF við málstofu Heilbrigðisvísindasviðs HA. NRF er jafnframt hluti af hópi sem kallast Arctic Akureyri. Um er að ræða

aðila sem vinna að norðurslóðamálum á Akureyri. Voru þessir aðilar með sameiginlegan kynningarbás á norðurslóðamálum.

## HA og Háskóli Norðurslóða, University of the Arctic – UArctic

Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands leiddu samstarf íslenskra háskóla og hófu undirbúning á vísinda- og framkvæmdaþingi Háskóla Norðurslóða (UArctic Congress 2020) á Íslandi. Til stóð að halda þingið í aðdraganda og nánu samstarfi við Arctic Circle Assembly í Reykjavík árið 2020. Því hefur verið frestað til ársins 2021 vegna faraldurs kórónuveiru, Covid-19.

## Nansen-prófessorstaða við Háskólann á Akureyri

Síða árs var Dr. Gunnar Rekvig ráðinn í stöðu Nansen-prófessors, sem er gestaprófessorstaða í heimskautafræðum við Háskólann á Akureyri. Gunnar Rekvig lauk doktorsprófi í alþjóðafræðum frá TUFH-háskóla (Tokyo University of Foreign Studies) í Tokyo árið 2017. Gunnar Rekvig starfar jafnframt við Háskólann í Tromsø sem dósent í alþjóðastjórn- málum með áherslu á norðurslóðir og Rússland. Gunnar Rekvig flutti opið erindi í HA í tilefni af ráðningu í starf Nansen-prófessors.


## Annað samstarf og samstarfssamningar

Bæði rektor og framkvæmdastjóri Háskóla Grænlands, Ilisimatusarfik, heimsóttu HA. Samstarfssamningur milli skólanna var undirritaður við það tilefni en hann tekur meðal annars til samstarfs um fjarkennslu og uppbyggingu fjarnáms við Ilisimatusarfik.

Háskólinn á Akureyri og Shanghai Ocean University (SHOU) skrifuðu undir almennan samstarfssamning og skipulögðu fræðimannaskipti í gegnum CNARC (China China-Nordic Arctic Research Center). Þá tók Steingrímur Jónsson, prófessor við HA, þátt í sjöundu Norrænu-kín- versku norðurslóðaráðstefnunni sem haldin var í Shanghai og var SHOU í hlutverki gestgjafa.

NRF hélt áfram samstarfi sínu við sendiráð bandaríkjanna á Íslandi og hélt utan um heimsóknir bandarískra sérfræðinga til HA en ferðir þeirra voru greiddar af sendiráðinu.

## Önnur verkefni

Skrifstofa NRF hélt ýmiss konar kynningarfundir á árinu og tók á móti gestum og sendinefndum. Árið var annasamt að því leyti, ekki síst vegna formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. NRF tók þátt í útgáfu á *Arctic Yearbook 2019* ásamt Háskóla Norðurslóða og Arctic Portal á Akureyri. Ritstjóri Arctic Yearbook er Lassi Heininen. [Bókin er aðgengileg hér](#) 

## NÁM OG STÚDENTAR

Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að bjóða nám með sveigjanlegu námsformi fyrir stúdenta í grunnnámi. Virkt og faglegt námssamfélag er þungamiðjan í sveigjanlegu námi við HA. Til að styðja við náms- samfélagið er áherslan á sveigjanleika, samskipti, kennslu og nám, og tæknilausnir í námi.



Sveigjanlegt nám er stúdentaliðið nám án kröfu um daglega viðveru á háskólasvæðinu á Akureyri. Stúdentar geta stundað námið óháð búsetu þar sem verkefni og verkefnaskil eru rafræn. Samskipti í sveigjanlegu námi eiga sér stað með margvíslegum hætti. Það eru samskipti í rauntíma með viðveru í skólanum eða í gegnum svonefndar fjærverur (Telepresence Robots), með notkun hinna ýmsu samskiptaforrita í rauntíma eða óháð tíma, með netpósti eða einfaldlega í gegnum síma.

Námsefni getur verið á ýmsu formi, til dæmis upptökur af fyrirlesturum, texti, raðbækur og hlaðvörp. Efnið er aðgengilegt fyrir stúdenta á kennslukerfi háskólans. Í sveigjanlegu námi við HA er notast við fjölbreyttar kennsluáferðir eins og til dæmis samvinnunám, vendikennslu og blandað nám. Einnig er notast við fjölbreytt námsmat, til dæmis hópaverkefni og próf, símat og leiðsagnarmat.

Kennslulotur eru haldnar reglulega yfir skólaárið en þær eru ólíkar milli námsleiða, ein, tvær eða þrjár lotur á misseri. Námskeið eru mismunandi og geta lotur því staðið í tvo til fimm daga í senn. Kennslulotur eru vettvangur til þess að stuðla að og styðja við námssamfélag háskólans, þar sem stúdentar og kennarar vinna saman. Í lotum eru verkefni og umræður í forgrunni. Þess er krafist af stúdentum að þeir mæti í kennslulotur og séu virkir þátttakendur meðan á þeim stendur. Í ákveðnum aðstæðum, eins og til dæmis ef ófærð hamlar, geta stúdentar í samráði við kennara tekið þátt í lotum í gegnum fjærverur.

Próf í sveigjanlegu námi er hægt að taka við Háskólann á Akureyri, í símenntunar- og fræðslumiðstöðvum um allt land eða í viðurkenndum

háskólastofnunum eða sendiráðum erlendis. Sveigjanlegt nám er í boði fyrir allt grunnnám í háskólanum en það er ólíkt milli námsleiða.

Sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri er í sífelldri þróun og endurskoðun. Stuðst er við kennslufræði sem hentar hverju sinni og leitast við að nota þá tækni sem virkar á hverjum tíma til að styðja við kennslufræðina og gæði náms.


Umfram allt er sveigjanlegt nám mótað eftir þörfum námssamfélagsins við Háskólann á Akureyri.

Helstu samstarfsaðilar háskólans árið 2020 voru Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum, Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöð Símenntunar, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Háskólasetur Vestfjarða, Farskólinn – Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Háskólasamfélag Suðurlands og Viska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Mímir og Promennt.

Fjarnám hófst við háskólann haustið 1998, fyrst í litlum mæli en síðan mjög aukið. Langt er síðan svo var komið að stór hluti stúdentahópsins var búsettur utan Akureyrar og nærsveita. Lengi vel var námsformið skilgreint sem staðarnám, fjarnám og lotunám. Með því að mestallt námsframboð skólans er nú boðið með sveigjanlegu formi er notast við þá skilgreiningu.


### Eftirfarandi eru lykiltölur háskólans frá hausti 2019

#### Stúdentar eftir landshlutum




## NÁM OG STÚDENTAR

Heildarfjöldi stúdenta eftir kyni miðað við 15. október ár hvert




Heildarfjöldi stúdenta eftir fræðisviðum HA miðað við 15. október ár hvert




## NÁM OG STÚDENTAR

Heildarfjöldi stúdenta eftir námsformi miðað við 15. október ár hvert



Heildarfjöldi stúdenta eftir námsstigi miðað við 15. október ár hvert



## NÁM OG STÚDENTAR

Við háskólann var eftirfarandi nám boðið árið 2019, til gráðu og diplómu. Einingafjöldi er gefinn upp í ECTS einingum (*European Credit Transfer System*):

### Heilbrigðisvísindasvið:

BS	hjúkrunarfræði	240 ECTS	grunnstig
BS	iðjuþjálfunarfræði	240 ECTS	grunnstig
BS	iðjuþjálfunarfræði	180 ECTS	grunnstig
MS	heilbrigðisvísindi	120 ECTS	framhaldsstig
Diplómanám	heilbrigðisvísindi, viðbótardiplóma	40 ECTS	framhaldsstig
Diplómanám	heilbrigðisvísindi – starfsendurhæfing, viðbótardiplóma	60 ECTS	framhaldsstig
Diplómanám	heilsugæsla í héraði – klínísk, viðbótardiplóma	60 ECTS	framhaldsstig

### Hug- og félagsvísindasvið:

BA	félagsvísindi	180 ECTS	grunnstig
BA	fjölmiðlafræði	180 ECTS	grunnstig
BA	lögreglufræði	180 ECTS	grunnstig
BA	lögreglu- og löggæslufræði	180 ECTS	grunnstig
BA	nútímafræði	180 ECTS	grunnstig
BA	sálfræði	180 ECTS	grunnstig
BA	lögfræði	180 ECTS	grunnstig
BEd	kennarafræði	180 ECTS	grunnstig
Diplómanám	í leikskólafræðum, grunndiplóma	120 ECTS	grunnstig
Diplómanám	fyrir starfandi lögreglumenn, grunndiplóma	120 ECTS	grunnstig
Diplómanám	fyrir verðandi lögreglumenn, grunndiplóma	120 ECTS	grunnstig
MA	fjölmiðla- og boðskiptafræði	120 ECTS	framhaldsstig
ML	lögfræði	120 ECTS	framhaldsstig
MA	lögfræði – heimskautaréttur	120 ECTS	framhaldsstig
MA	menntavísindi	120 ECTS	framhaldsstig
MEd	menntunarfræði	120 ECTS	framhaldsstig
MA	rannsóknartengt meistaranám í félagsvísindum	120 ECTS	framhaldsstig
MA	sjávarbyggðafraði	120 ECTS	framhaldsstig

## NÁM OG STÚDENTAR

LL.M	lögfræði, heimskautaréttur	90 ECTS	framhaldsstig
Diplómanám	í fjölmiðla- og boðskiptafræði, viðbótardiplóma	30 ECTS	framhaldsstig
Diplómanám	í heimskautarétti, viðbótardiplóma	60 ECTS	framhaldsstig
Diplómanám	í menntavísindum, viðbótardiplóma	60 ECTS	framhaldsstig
Diplómanám	í menntunarfræði, viðbótardiplóma	60 ECTS	framhaldsstig

### Viðskipta- og raunvísindasvið:

BS	líftækni	180 ECTS	grunnstig
BS	sjávarútvegsfræði	180 ECTS	grunnstig
BS	viðskiptafræði með áherslu á stjórnunar- og fjármálagreinar	180 ECTS	grunnstig
BS	viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og markaðsgreinar	180 ECTS	grunnstig
BS	viðskiptafræði með sjávarútvegsfræði sem aukagrein	180 ECTS	grunnstig
BS	viðskiptafræði og sjávarútvegsfræði	240 ECTS	grunnstig
Diplómanám	í náttúru- og auðlindafræði, grunndiplóma	120 ECTS	grunnstig
MS	auðlindafræði	120 ECTS	framhaldsstig
MS	viðskiptafræði	90 ECTS	framhaldsstig
MS	viðskiptafræði	120 ECTS	framhaldsstig
MRM	haf- og strandsvæðastjórnun	120 ECTS	framhaldsstig

(námskrá 2019)

# NEMENDASKRÁ, ÞJÓNUSTUBORÐ NEMENDASKRÁR

Þjónustuborð Nemendaskrár var fært undir Markaðs- og kynningarmál 1. september 2018. Á þjónustuborði Nemendaskrár er leitast við að tryggja áfram gott skipulag á daglegu starfi háskólans ásamt því að veita stúdentum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu. Fulltrúar á þjónustuborði Nemendaskrár annast meðal annars innritun nýnema, skráningu í og úr námskeiðum og prófum, og prentun og frágang brautskráningargagna í nánu samstarfi við skrifstofustjóra fræðasviða. Einnig veita fulltrúar almenna þjónustu og upplýsingagjöf, og annast símsvörun, útgáfu vottorða og innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans. Enn fremur sjá fulltrúar um utanumhald ferðabeiðna og flugbókana.

Þá hafa fulltrúar umsjón með allri nemendaskráningu og skjalavistun sem henni tengist, auk bókana og leigu á stofum og fundarherbergjum í húsnæði skólans.

Mikil samvinna er milli fulltrúa á þjónustuborði Nemendaskrár, skrifstofustjóra fræðasviða og Ugluteymis, sem samanstandur af Óskari Þór Vilhjálmssyni, tæknimanni á Kennslumiðstöð, Birnu Hreiðarsdóttur (vefstjóri í afleysingum) og Katrínu Árnadóttur, forstöðumanni Markaðs- og kynningarmála.

Skipulag Nemendaskrár var óbreytt frá árinu áður og fram að októbermánuði og verkefni þau sömu. Þann 1. október tók Bára Sif Sigurjónsdóttir við starfi verkefnastjóra Nemendaskrár HA í 50% starfi. Katrín Árnadóttir, forstöðumaður þjónustuborðs Nemendaskrár, einbeitti sér þá frekar að Markaðs- og kynningarmálum skólans. Ásdís Sigríður Þorsteinsdóttir hóf störf á Kennslumiðstöð HA og Símenntun HA og var Hanna Björg Guðmundsdóttir ráðin þjónustufulltrúi í hennar stað. Í lok árs hóf Herdís Hulda Guðmannsdóttir störf á Viðskipta- og raunvísindasviði og var Hafdís Guðfinna Vigfúsdóttir ráðin þjónustufulltrúi í hennar stað. Auk framantaldra starfsmanna var Sigrún Harðardóttir áfram afgreiðslustjóri Nemendaskrár.







# RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er fjárhagslega sjálfstæð eining innan Háskólans á Akureyri. RHA nýtur ekki fastra fjárframlaga heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti og félagasamtök og með innlendum og erlendum rannsóknarstyrkjum. Í skipuriti Háskólans á Akureyri tilheyrir RHA háskólaskrifstofu.

Árið 2019 störfuðu að jafnaði níu starfsmenn í rúmlega átta stöðugildum hjá RHA. Forstöðumaður er Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

## Markmið og hlutverk

Markmiðið með rekstri RHA er í meginatriðum fjórþætt:

- Að vera tengiliður Háskólans á Akureyri við atvinnulífið með því að sinna verkefnum fyrir það og stuðla að þekkingaryfirfærslu milli HA og atvinnulífsins.
- Að veita stuðning og þjónustu við rannsóknir innan HA og stuðla þannig að auknum rannsóknum og fjármagni til rannsókna úr samkeppnissjóðum.
- Að vinna að þróunar- og sérverkefnum á vegum HA á skilvirkan og markvissan hátt.
- Að vera tengiliður við setur og stofnanir sem starfa innan eða í tengslum við HA og skapa umgjörð til að hægt sé að hýsa litlari einingar og setur á sem skilvirkastan og hagkvæmestan hátt.

## Þjónusta við HA

RHA vinnur eftir rammasamningi við HA um kaup háskólans á þjónustu frá miðstöðinni. Samningurinn er í tveimur liðum:

**A:** Almenn rannsóknþjónusta við sérfræðinga HA og uppbygging tengslanets vegna umsókna í samkeppnissjóði.

**B:** Þátttaka í verkefnum fyrir hönd HA.

Sú breyting varð þann 1. janúar 2019 að öll þjónusta er varðar vinnumat, rannsóknamisseri og framgang í starfi, sem og þjónusta við dómnemfndir var flutt undir skrifstofu rektors og tilheyrir því ekki lengur verkefnum RHA. RHA annast áfram umsýslu fyrir bæði Vísindaráð og Vísindasjóð HA.

Jafnréttisráð HA fékk í fyrsta sinn starfsmann í hlutastarfi (25%) árið 2018 og gerði samning við RHA um þá vinnu. Fyrirkomulagið hefur gengið vel og var haldið áfram á árinu 2019.

RHA hefur undanfarin ár verið þátttakandi í ESPON byggðarannsóknar-

verkefnum og annast umsýslu fyrir íslenska hluta ESPON – ECP tengilið í umboði Háskólans á Akureyri.

RHA heldur úti ritveru Háskólans á Akureyri í samstarfi við bókasafn HA. Ritveruð var opnað í mars 2019 og er þar hægt að fá aðstoð við fræðileg skrif, heimildanotkun og tæknileg atriði. Bæði stúdentar og kennarar geta bókað tíma hjá ritverinu. RHA hefur gert samning við Háskólann um rekstur ritversins.

## Þátttaka í nefndum og ráðum

Leitað er til sérfræðinga RHA um þátttöku í ýmsum verkefnum í samfélaginu, svo sem Hagsmunaráði Landsnets, sem stofnað var til 2018, stýrihóp Sjálfbærni- og Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi, stýrihóp Sjálfbærni- og Alcoa og Landsvirkjunar á Norðausturlandi, samráðshóp um landskipulagsstefnu, Faghóp 3 um samfélagsáhrif í Rammaáætlun og fleira. Þá hafa starfsmenn RHA tekið virkan þátt í ýmsu nefndarstarfi innan Háskólans á Akureyri, svo sem í doktorsnámsráði og umhverfisráði.

## Kennsla

RHA hefur um árabíl starfað náið með Sjávarútvegsmiðstöð HA er varðar þjónustu og kennslu við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu Þjóðanna. Skipulagsbreytingar urðu á náminu haustið 2019 og komu þá sérfræðingar RHA mun meira að kennslu og leiðsögn en verið hafði. Breytingar eru í farvatninu og mun skólinn verða Sjávarútvegsskóli Þróunarsamvinnumiðstöðvar UNESCO á Íslandi þann 1. janúar 2020.

## Önnur umsýsla og þjónusta

RHA hefur séð um umsýslu Sprotasjóðs fyrir mennta- og menningar- málaráðuneytið síðan árið 2009. Núverandi samningur gildir út árið 2021.

Rannsóknamiðstöð HA rekur ráðstefnuþjónustu og skipuleggur fundi og kynningar sem haldnar eru í háskólanum í samstarfi við ýmsa aðila. Þá hefur RHA haft umsjón með skipulagi og framkvæmd Vísindaskóla unga fólksins í samstarfi við stjórnendur hans. Sú breyting varð að skólaárið 2019–2020 tók RHA að öllu leyti yfir rekstur Vísindaskóla unga fólksins en skólastjóri hans er eftir sem áður Sigrún Stefánsdóttir.

## Innra starf

Á síðustu árum hefur RHA keypt og innleitt bæði vefkönnunarkerfið SogoSurvey og símakönnunarkerfið Fogwise. Innleiðing á nýjum kerfum heldur áfram og á árinu innleiddi RHA vinnustund og hóf jafnframt undirbúning að innleiðingu á nýju verkþókhaldskerfi, Project Account

## RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



(PA), haustið 2019, en það er hluti af Oracle kerfinu eins og Vinnustund. Reiknað er með að innleiðingin taki eitt ár.

Á árinu var vefsíða RHA uppfærð í nútímalegra horf til að betur þjóna þeim kröfum sem gerðar eru til vefsíðna í dag.

Sjö starfsmenn RHA fóru í stutta starfsþróunarferð til Stokkhólms í júní 2019. Markmið ferðarinnar var að styrkja tengsl RHA út á við, stuðla að starfsþróun starfsmanna og hrista saman hópinn. Hópurinn heim-sótti Nordregio, sem er alþjóðleg rannsóknamiðstöð sem vinnur að byggðar-, samfélags- og norðurslóðamálum. Jafnframt var Stockholm University Research Support Office heimsótt. Báðar heimsóknirnar tókust mjög vel.

### Styrkir

RHA fékk eftirfarandi styrki á árinu:

- **Frá ESPON.** Transnational Outreach Support 2020–2023. 3,5 m.kr.
- **Frá Sóknaráætlun Eypings.** Sameining safna – fýsileikakönnun. 3,8 m.kr.
- **Frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra.** Eyfirska efnahags-svæðið II. 1 m.kr.

### Rannsóknarverkefni

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsmönnum RHA voru fjölbreytt að vanda. Eftirfarandi listi yfir rannsóknarskýrslur er ekki tæmandi. Þær skýrslur sem eru opinberar eru aðgengilegar á [vefsíðu RHA](#). Ekki lýkur öllum rannsóknarverkefnum með skýrslu, svo sem minniháttar ráðgjafaverkefnum. Þá eru skýrslur um innri mál stofnana og fyrirtækja ekki birtar. Einnig er nokkuð um að áfangaskýrslur séu ekki birtar, sérstaklega í erlendum rannsóknarverkefnum.

### Rannsóknarskýrslur starfsmanna RHA 2019

- **Energy in East Iceland. A case study report from the ESPON project: BRIDGES – Territories with geographical specificities.**  
Höfundar: Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson.
- **Finnaffjörður: Samfélagslýsing.**  
Skýrsla unnin fyrir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.  
Höfundur: Hjalti Jóhannesson.
- **Garpsdalur – Vindorkugarður. Mat á áhrifum á samfélag.**  
Skýrsla unnin fyrir EM Orku að beiðni Mannvits hf.  
Höfundur: Hjalti Jóhannesson.

- **Hegðun í umferðinni á Þjóðvegi 1 séð með augum atvinnubilstjóra. Niðurstöður netkönnunar.**  
Höfundar: Arnar Þór Jóhannesson og Helga Einarsdóttir.
  - **Menntunarbörf í Eyjafirði og í Þingeyjarsýslum – Könnun meðal fyrirtækja og stofnana á starfssvæði Eypings.**  
Höfundar: Marta Einarsdóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.
  - **„Mér finnst ég stundum eins og hamstur í hjóli.“: Streita í daglegu lífi fjölskyldufólks á Íslandi.**  
Íslenska Þjóðfélagið, 10. árgangur 2019, 1. tbl., 4–19.  
Útgefandi: Félagsfræðingafélag Íslands.  
Höfundar: Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir.
  - **Náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum á Íslandi. Rannsókn gerð fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.**  
Höfundar: Marta Einarsdóttir, Eva Halapi og Anna Soffía Víkingsdóttir
  - **Samfélagsleg áhrif virkjana í Suður-Þingeyjarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu. „Eitt er að fá virkjun, en ef það er ekki lína niður í samfélagið þá er kannski ekki mikið að gerast.“**  
Höfundar: Hjalti Jóhannesson, Jón Ásgeir Kalmannsson, Magnfríður Júlíusdóttir og Sjöfn Vilhelmsdóttir.
  - **Social impacts of climate change and adaptation strategies in the region of East Iceland. A case study report from the ESPON project: BRIDGES – Territories with geographical specificities.**  
Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Grétar Þór Eypórsson.
  - **Social Innovation in East Iceland: “Fish Factory Creative Centre” in Stöðvarfjörður. A case study report from the ESPON project: BRIDGES – Territories with geographical specificities.**  
Höfundar: Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson.
  - **Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bildudalsvegur (63). Mat á samfélagsáhrifum.**  
Höfundur: Hjalti Jóhannesson.
- Aðrar skýrslur og greinargerðir sem ekki eru opnar almenningi**
- **Starfsánægja starfsmanna TDK Foil Iceland ehf.**  
Höfundar: Eva Halapi og Helga Einarsdóttir.
  - **Survey on Student satisfaction 2015–2018. Second year undergraduates. (UNAK)** Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.
  - **Survey on Student Satisfaction 2016–2019. Second Year Undergraduates. (UNAK)** Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.

## RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



- *Survey on Student satisfaction: Master's Students 2016 and 2018. (UNAK)*  
Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.
- *Survey on Student satisfaction 2013–2016. Graduates. (UNAK)*  
Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.
- *Survey on Student Satisfaction 2014–2017. Graduates. (UNAK)*  
Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.
- *Survey on Student Satisfaction. Second Year Undergraduates (HÓLAR UNIVERSITY COLLEGE)*  
Höfundar: Arnar Þór Jóhannesson og Anna Soffía Víkingsdóttir.
- *Survey on Student Satisfaction. Year 2017 Graduates (HÓLAR UNIVERSITY COLLEGE)*  
Höfundar: Arnar Þór Jóhannesson og Anna Soffía Víkingsdóttir.
- *Survey on Student Satisfaction. Second Year Undergraduates (THE AGRICULTURAL UNIVERSITY OF ICELAND)*  
Höfundar: Arnar Þór Jóhannesson og Anna Soffía Víkingsdóttir.
- *Survey on Student Satisfaction. Year 2017 Graduates (THE AGRICULTURAL UNIVERSITY OF ICELAND)*  
Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson og Anna Soffía Víkingsdóttir.
- *Úttekt á jafnréttismálum íþróttafélaga ÍBA. Könnun um jafnrétti hjá íþróttafélögum á Akureyri.*  
Höfundar: Anna Soffía Víkingsdóttir, Helga Einarsdóttir og Marta Einarsdóttir.
- *Viðhorf útskrifaðra nemenda auðlindaeildar Háskólans á Akureyri til námsins.* Höfundur: Arnar Þór Jóhannesson.

### Ráðstefnur og málstofur

Hér að neðan eru talin upp helstu ráðstefnuverkefni sem starfsmenn RHA tóku þátt í. Listinn er ekki tæmandi.

- *Kynning á niðurstöðum* verkefnis um samfélagslegar aðstæður fyrir umskipunarhöfn í Finnafirði hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 18. janúar.
- *Ráðstefna um menntunarpörf* sem haldin var í Háskólanum á Akureyri, 18. september.
- *Kynning á niðurstöðum* fýsileikakönnunar varðandi sameiningar og samvinnu safna á Norðurlandi eystra fyrir stjórn Eyþings, 16. október.
- *Erindi um rannsókn* á samfélagsáhrifum virkjana á Norðurlandi á málþingi á vegum Rammaáætlunar í Reykjavík, 12. nóvember.

Þá hélt RHA utan um fyrirlestraraðir í samstarfi við auðlindaeild fyrir erlenda hópa:

- *Fisheries and Climate change* – Fyrirlestrar fyrir erlenda skólahópa á vegum EF Cultural Tours og Iceland Travel.
- *Icelandic quota system* – Fyrirlestrar fyrir Iceland Pro Cruises.

Að auki fóru starfsmenn RHA í sjónvarps- og útvarpsviðtöl þar sem þeir kynntu rannsóknir sínar. Þar á meðal voru fjórir sjónvarpsþættir á N4 um um jarðgöng á Norðurlandi.

Á [vef RHA](#) má finna nánari upplýsingar um starfsemi miðstöðvarinnar.

# BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Bókasafn og upplýsingaþjónusta rekur bókasafn háskólans og annast sérsöfn eins og lista- og steinasöfn. Bókasafnið sinnir einnig bókasafnsþjónustu við Háskólann á Hólum, ígildi 25% stöðugildis, sem meðal annars felur í sér upplýsingaþjónustu, millisafnalán og kennslu í upplýsingalæsi, UL.

Fastráðnir starfsmenn í árslok 2019 voru fimm talsins í fimm stöðugildum.

Forstöðumaður er Astrid Margrét Magnúsdóttir.

Starfsfólk bókasafnsins veitir ráðgjöf og aðstoð við upplýsinga- og heimildaleit og leggur áherslu á að veita nemendum, starfsfólki háskólans og öðrum lánþegum faglega og persónulega þjónustu. Bókasafnið leggur áherslu á að bjóða aðgang að vönduðu úrvali gagnasafna og hefur reynt að byggja safnkostinn upp jafnt og þétt þannig að hann endurspegli fræðasvið skólans. Rafrænn safnkostur bókasafnsins er aðgengilegur ýmist í opnum aðgangi, [landsaðgangi](#), eða í séráskriftum á staðarneti háskólans.

Hlutverk bókasafns og upplýsingaþjónustu er að annast kennslu og þjálfun í UL, en það er sú færni sem gerir mönnum kleift að leita upp-

lýsinga, leggja mat á gæði þeirra og hagnýta þær í námi, kennslu og rannsóknum. Fræðsla í UL fer meðal annars fram í völdum námskeiðum í samráði við kennara og í gegnum þjónustuna Bókaðu bókasafnsfræðing. Bæði stúdentar og kennarar geta bókað slíkan tíma og fengið aðstoð bókasafnsfræðings. Fjarnemar geta bókað tíma í gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom. Samtals fór kennsla og þjálfun í UL fram í 141 kennslustund á árinu og náði til 1.343 manns.

Starfsmenn bókasafnsins taka þátt í ýmsum samráðshópum, til að mynda:

- [Skemman](#), þar sem varðveitt eru lokaverkefni nemenda í grunn- og framhaldsnámi.
- [Opin vísindi](#), þar sem vistaðar eru ritrýndar vísindagreinar fræðimanna.
- Samráðshópur um ritstuldarvarnir sem innleiddi hugbúnaðinn [Turnitin](#). Bókasafnið sér um námskeið, kynningar og daglega aðstoð á Turnitin fyrir stúdenta og kennara.
- [Alþjóðadagur læsis](#). Frá árinu 1965 hafa Sameinuðu þjóðirnar helgað 8. september málefnum læsis. Miðstöð skólaþróunar við

## Segðu bless við stressið! Miðvikudaginn 10. apríl

12:30 - 13:00 Kahoot fyrir framan Námsráðgjöf  
Pia og Sigga Ásta verða með skemmtilegt Kahoot.  
Streitulosandi!

13:00 - 14:00 Námskeið stofa N201  
Miðstöð náms- og starfsráðgjafar verður með örnámskeið  
um undirbúning fyrir próf.  
Fræðandi!

14:00 - 15:00 Hundur  
Komdu og klappaðu hundinum Trausta á ganginum fyrir framan Námsráðgjöf.  
Þetta mun lækka blóðþrýstinginn!

Sætarlaus dagur á bókasafninu! Við hvetjum alla nemendur til að koma til okkar þennan dag og skila bókum sem komnar eru í vanskil.

Í boði Kennslumiðstöðvar,  
Miðstöð náms- og starfsráðgjafar  
og Bókasafns HA



# TRAUSTI

Eftirfarandi mynd er af kynningu á „Segðu bless við stressið!“ sem Bókasafn HA stóð fyrir í prófatíð ásamt Miðstöð náms- og starfsráðgjafar og Kennslumiðstöðvar.

## BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

HA, Bókasafn HA, Amtsbókasafnið, Barnabókasetur og fræðsluvið Akureyrar hafa starfað saman að undirbúningi ýmissa læsisviðburða í tilefni dagsins.

- **Skólabókaverðir á Akureyri** hittast reglulega til að bera saman bækur sínar, Bókasafn HA á fulltrúa þar.
- **Vísindaskóli unga fólksins** veitir námfúsum börnum innsýn í vísindi líðandi stundar. Skólinn veitir börnum tækifæri til að víkka sjón-deildarhringinn og kynnast Háskólanum á Akureyri.
- **Innleiðing Pure**, sem er upplýsingakerfi um rannsóknir, hófst síðla árs 2019. Fyrsti fundur stýrinefndar var haldinn 1. nóv. 2019. Bókasafnið á fulltrúa í nefndinni.
- **Einnig er samvinna** við Ritver HA. Ritverið er staðsett á bókasafni og hefur það meginmarkmið að efla fræðileg skrif við stofnunina.

### Eftirfarandi sýningar voru á bókasafninu á árinu:

Í mars var samsýning á verkum hóps sem kallar sig: Gellur sem mála í bílskúr. Sýningin nefndist **Bland í poka**

Sýningin **Where we belong: aspects of migration** var afrakstur um-ræðna og kennslu um innflytjendur í Háskólanum á Akureyri veturinn 2018–2019. Stúentar á námskeiðinu „*People on the move: immigration,*



Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands, Ólafur Rúnar Ólafsson, ræðismaður Frakklands, og Katrín Björg Ríkarósdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, opnuðu sýninguna **Oddhvassir blyántar**.

*mobility, and social transformation in a global world*“ hönnuðu sýninguna þar sem umfjöllunarefnið var: **Þar sem við eigum heima: Margar hliðar fólksflutninga.**

BÓKASAFN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI  
31. JANÚAR - 26. FEBRÚAR  
**ODDHVASSIR  
BLYÁNTAR**  
SKOPMYNDASÝNING UM  
KVENRÉTTINDI OG MÁLFRELSI

Velkominn á opnun alþjóðlegrar skopmyndasýningar um kvenréttindi og málfrelsi á Bókasafni Háskólans á Akureyri, 31. janúar kl. 16.  
Sýningin er í boði Kvenréttindafélags Íslands, sendiherra Frakklands á Íslandi, Jafnréttisstofu og Háskólans á Akureyri.

**LÉTTAR VEITINGAR Í BODI OG ÖLL VELKOMIN**

Alþjóðleg skopmyndasýning um kvenréttindi og málfrelsi. Sýningin var í boði Kvenréttindafélags Íslands, sendiherra Frakklands á Íslandi, Jafnréttisstofu og Háskólans á Akureyri.





## KENNSLUMIÐSTÖÐ HA – KHA

KHA – Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri veitir kennurum faglega aðstoð við þróun kennsluhátta í sveigjanlegu námi. Slíkt er gert í formi almennrar ráðgjafar og námskeiða ásamt þróunarstarfi með áherslu á upplýsingatækni og kennslufræði. KHA ber ábyrgð á prófahaldi og námsmati. KHA ber einnig ábyrgð á öllum tölvu-, stýri- og netkerfum skólans. Allar ákvarðanir sem teknar eru í tengslum við kerfi skólans eru teknar í teymi þar sem þekking á kennslufræði og notendaaðstoð er til staðar. Þverfaglegt samstarf kennslufræðinga og tæknimanna er mikilvægt fyrir háskóla sem leggur áherslu á sveigjanlegt nám. Dagleg störf KHA í dag felast í því að veita nemendum og starfsfólki háskólans ýmiss konar tækni-, kennslu- og prófaráðgjöf, ásamt daglegum rekstri á tölvu-, stýri-, og netkerfum skólans.

Fastráðnir starfsmenn í árslok 2019 voru tíu í níu og hálfu stöðugildi. Á árinu bættist við hálf stöðugildi með sameiginlegu starfi verkefnastjóra Símenntunar HA og KHA. Forstöðumaður KHA er Auðbjörg Björnsdóttir.

KHA hefur boðið kennurum að taka þátt í þróunarnámskeiðum þar sem þeir fá aðstoð við að breyta námskeiðum sínum með tilliti til kennslufræði og tækni. Á hverju misseri taka nokkrir kennarar þátt í slíkri þróunarvinnu. Haldnar voru fimm menntabúðir á árinu 2019, en menntabúðir er samkoma þar sem fólk kemur saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum. Boðið var upp á opnar Microsoft- vinnustofur á hvoru misseri, þrjár á vormisseri og fjórar á haustmisseri. Á þessum vinnustofum var starfsfólki boðið upp á fræðslu og þjónustu í tengslum við þær Microsoft-lausnir sem Háskólinn á Akureyri býður upp á. Fyrstu vikuna á haustmisseri voru opnar dagar eða hamingjustund hjá KHA, þar sem kennarar gátu komið og leitað tækni- og/eða kennslufræðilegra lausna í tengslum við námskeið sín. Á þessu tímabili voru haldin fjölmörg námskeið sem komu að kennslufræði og tækni.

Á haustmisseri var í annað sinn boðið upp á kennslufræðinámskeið fyrir fastráðna starfsmenn HA. Námskeiðið er 10 einingar á meistarastigi og heitir Háskólakennsla og háskólanám. Í námskeiðinu er farið í kennslufræði á háskólastigi, kenningar og aðferðir. Námskeiðið er í senn fræðilegt og hagnýtt og þeir kennarar sem taka það vinna meðfram

því að breytingum í eigin námskeiðum við HA. Námskeiðinu lýkur á vormisseri 2020 þar sem kennarar flytja erindi um kennsluþróun sína á árlegri kennsluráðstefnu KHA. Í þetta sinn tóku 13 kennarar frá öllum þremur fræðasviðum HA námskeiðið. Þeir fengu allir spjaldtölvu til afnota í námskeiðinu og svo við áframhaldandi kennsluþróun. Námskeiðið var vel heppnað en það er í umsjón KHA. Boðið verður upp á námskeiðið aftur haustið 2020.

Vorið 2019 var Kennsluráðstefna KHA haldin í fjórða sinn með sömu yfirskriftinni: **Hvað er góð háskólakennsla?** Kennarar og starfsfólk Háskólans á Akureyri flutti þar 14 hringborðserindi er tengdust háskólakennslu. Gestafyrirlestrar voru þau Guðrún Geirsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, og Larry K. Michaelsen, próffessor emeritus við Oklahoma-háskóla og upphafsmaður Team-based learning aðferðarinnar.

Eins og seinustu ár kom starfsfólk KHA að skipulagningu og kynningu stöðþjónustu á nýnemadögum HA. KHA tók einnig þátt í Vísindaskóla unga fólksins, með því að veita tækniástoð og aðgang að búnaði og kennslu. Að auki kom hluti starfsfólks KHA að stundakennslu í grunnnámi í fjölmiðlafræði og í grunn- og framhaldsnámi hjá kennara-deild. Starfsfólk KHA hefur líka seinustu ár tekið þátt í #Eymennt menntabúðum.

Kennslumiðstöð hefur tekið þátt í nokkrum alþjóðlegum samstarfsverkefnum seinustu ár. Árið 2019 tóku fjórir starfsmenn KHA þátt í verkefni sem ber heitið *Mocat (Modern competences of academic teachers – the key to modern HEI)*. Verkefnið byggist á því að þróa nútímalegar lausnir, verkfæri og efnivið til að auka gæði í kennslu á háskólastigi. Eins voru starfsmenn KHA með erindi á nokkrum innlendum ráðstefnum, m.a. *Menntakviku* hjá Háskóla Íslands, *Kennsluráðstefnu KHA* og *UTís2019*, árlegu tækniráðstefnunni á Sauðárkróki.

Á haustmisseri hófst formleg innleiðing Canvas kennslukerfisins, en byrjað var á fyrsta árs námskeiðum innan Heilbrigðisvísinda- og Viðskipta- og raunvísindasviðs. Markmiðið er að öll námskeið við skólann verði komin í Canvas árið 2023.

# STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SHA



**Framkvæmdastjórn SHA.** Frá vinstri: Sólveig María Árnadóttir, Jón Hlífar Aðalsteinsson og Helga Björg Loftsdóttir

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta, bakland og sameiningartákn aðildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins. Stúdentafélag Háskólans á Akureyri hefur yfirumsjón með viðburðum á sviði skemmtana-, íþróttar- og fjölskyldumála og stendur á bak við aðildarfélög sín til þess að sinna þessum málaflokkum innan sinna deilda. Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdenta og vinnur náið með starfsfólki háskólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdenta, beint eða óbeint. Auk þess vinnur félagið náið með hagsmunafélögum annarra stúdenta, sérstaklega í gegnum LÍS – Landssamtök íslenskra stúdenta.

Aðildarfélög SHA eru deildarfélög háskólans og er það val stúdenta hvort þeir skrá sig í aðildarfélag eða ekki. Aðildarfélög sjá um hagsmunagæslu félagsmanna sinna og sitja fulltrúar þeirra deildarfundi, deildarráðsfundi og fræðasviðsfundi fyrir hönd viðkomandi stúdentahópa. Þá tilnefna aðildarfélögin einnig fulltrúa í náms- og matsnefndir sinna deilda. Auk þess standa aðildarfélögin straum af félagslífi stúdenta. Aðildarfélögin eru:

- Data, félag tölvunarfræðinema
- Eir, félag heilbrigðisnema
- Forseti, félag lögreglufræðinema
- Magister, félag kennaranema
- Reki, félag viðskiptafræðinema
- Stafnbúi, félag nema í auðlindafræðum
- Þemis, félag laganema

Stúdentaráð fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda, tekur bindandi ákvarðanir fyrir framkvæmdastjórn og fulltrúa félagsins og stendur við bakið á stúdentum í ráðum og nefndum og er þeim innan handar í embættisstörfum þeirra. Stúdentaráð skipa framkvæmdastjórn,

formenn aðildarfélaganna og formenn fastanefndanna, sem kosnir eru til eins árs í senn. Auk þess á fulltrúi stúdenta í Háskólaráði HA á sæti í stúdentaráði. Framkvæmdastjórn SHA er skipuð formanni, varaformanni og fjármálastjóra ráðsins. Daglegur rekstur félagsins er í höndum framkvæmdastjórnar og ber hún ábyrgð á því að halda réttindaskrifstofu félagsins opinni fyrir stúdenta. Þá er formaður félagsins helsti talsmaður stúdenta Háskólans á Akureyri, innan háskólans sem utan. Fyrsti fundur stúdentaráðs var haldinn 20. mars 2019 en alls voru haldnir 8 formlegir fundir á starfsárinu. Á þessu starfsári áttu 16 einstaklingar sæti í stúdentaráði en formaður SHA situr einnig í Háskólaráði og því voru fulltrúar stúdentaráðs 17, líkt og lögin kveða á um. Fulltrúum í stúdentaráði hefur fjölgað frá fyrra starfsári, stofnuð var ný fastanefnd, gæðanefnd, og á formaður hennar sæti í stúdentaráði. Þá var sú lagabreyting gerð að fulltrúi stúdenta í Háskólaráði HA á nú sæti í stúdentaráði og teljum við það vera mikilvæga breytingu til þess að undirbúa háskólaráðsfulltrúann betur fyrir fundi, auk þess sem upplýsingaflæði er mun skilvirkara, þar sem ekki er tryggt að formaður SHA sitji endilega í Háskólaráði. Loks var nýtt aðildarfélag stofnað í lok síðasta starfsárs, Forseti, félag lögreglufræðinema, en áður tilheyrðu lögreglufræðinemar Þemis, félagi laganema. Lögreglufræðinemar kölluðu eftir eigin hagsmunafélagi, nemendum sínum til hagsbóta. Teljum við þó að á komandi starfsári þurfi að endurskoða skipulag aðildarfélaganna, með tilliti til nýs skipulags deilda og sviða háskólans.

Á fyrsta fundi var farið yfir starfsemi ráðsins og línur lagðar fyrir komandi starfsár. Líkt og síðustu starfsár var einhugur um það að rauði þráðurinn í starfsemi stúdentaráðs ætti að vera hagsmunabáratta og hagsmunagæsla stúdenta. Allir fulltrúar stúdentaráðs hafa lagt sitt af mörkum þegar kemur að hagsmunamálum og staðið sína vakt vel og örugglega. Þó er ljóst að kvörtunarferli stúdenta HA er orðið gamalt og vefst gjarnan fyrir stúdentum. Því samþykkti stúdentaráð þá bókun einróma á fundi sínum í janúar að fyrsta verkefni nýrrar framkvæmdastjórnar væri að endurskoða kvörtunarferlið í samráði við Gæðastjóra HA, með það að markmiði að gera það skilvirkara og þægilegra, öllum til hagsbóta, svo að tryggt sé að mál fari ætíð réttar boðleiðir.

Nokkur erfið mál hafa borist á borð stúdentaráðs og hefur verið unnið að þeim með samvinnu, með það að markmiði að komast ætíð að sem sanngjarnastri niðurstöðu. Aðgangstakmarkanir og aðgengi að háskólanum hafa mikið verið til umræðu á starfsárinu. Þær umræður eru flóknar og oft og tíðum sárar. Stúdentaráð hefur þó ætíð talað fyrir því að gæði námsins séu ætíð sett í fyrsta sæti þegar kemur að aðgengi að háskólanámi.

Líkt og síðustu tvö starfsár hefur SHA haft þjónustusamning við Stúd-



## STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SHA



entaráð Háskóla Íslands (SHÍ) er varðar Lánasjóðsfulltrúa SHÍ sem þjónustar stúdenta HA samhliða stúdentum HÍ. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi farsælt samstarf. Á komandi starfsári þarf að kynna þessa þjónustu betur fyrir öllum stúdentum HA og gætu nýnemadagar HA verið tilvaldir til þess.

Mikið hefur verið lagt upp úr öflugri og góðri þátttöku SHA í starfsemi LÍS og hefur það skilað stúdentaráði miklu hvað varðar hagsmunabaráttu stúdenta. Við höfum tekið virkan þátt í gerð yfirlýsinga LÍS og lagt okkur fram um það að rödd stúdenta HA gleymist ekki en það er gríðarlega mikilvægt að við tökum pláss í umræðunni. Þá tók stúdentaráð virkan þátt í herferð LÍS og SHÍ er varðar LÍN.

Hvað varðar innanhúsmál hefur stúdentaráð loks náð því í gegn, í samráði við FÉSTA, að bæta flokkunaraðstöðu á stúdentagörðum. Líkt og á fyrra starfsári var lögð fram áskorun á háskólann, í samvinnu við Jafnréttisráð HA, um að gera öll klósett kynjalaus innan veggja háskólans. Ekki hefur verið brugðist við áskoruninni og er von okkar sú að það verði gert sem fyrst á komandi starfsári. Loks fékk SHA nýja skrifstofu, undir lok árs 2019. Nýja skrifstofan er í glæsilegu húsnæði, D-húsi á Sólborgarsvæðinu, og þar rekur framkvæmdastjórn skrifstofu sína ásamt FÉSTA. Í húsinu er góð aðstoða fyrir stúdentum til þess að leita til SHA.

Breytingar á fyrirkomulagi námskeiðsmats HA hafa tekið mikið pláss á liðnu starfsári. Daniel Gunnarsson, formaður Gæðanefndar, hefur staðið sig einstaklega vel í þeirri vinnu og unnið náðið og vel með gæðastjóra að þróun og breytingum þessa námskeiðsmats. Ýmsir hnókrar hafa komið upp og hefur ferðalagið verið langt og strangt. Nýtt fyrirkomulag hefur nú þegar verið prófað á fyrsta ári í kennara-deild, sem og í iðjuþjálfunardeild. Þegar þetta er skrifað er ekki búið að staðfesta hvernig nákvæmlega fyrirkomulagið verður og ljóst er að vinnan þarf að halda áfram með öflugum hætti á komandi starfsári.

Þegar horft er til baka er ljóst að mikið hefur verið lagt upp úr því að efla þátttöku stúdenta í hagsmunabaráttu stúdenta og nefndum og ráðum háskólans. Háskólinn hvetur stúdentum til þátttöku í trúnaðarstörfum og tekur tillit til þeirra þegar kemur að allri ákvarðanatöku. Það er því mikilvægt að stúdentar taki því ekki sem sjálfsögðum hlut og haldi rödd stúdenta á lofti, innan veggja skólans sem utan. Stúdentaráð hefur á starfsárinu látið sig málefni samfélagsins varða og er mikilvægt að þannig verði það um ókomna tíð. Þá er gríðarlega mikilvægt að fulltrúar stúdenta mæti

á alla fundi sem þeir eru boðaðir á, vel undirbúnir og taki virkan þátt í umræðum, enda getur það skipt sköpum. Tryggja þarf gott upplýsingaflæði á milli þessara fulltrúa og framkvæmdastjórnar, sem getur aðstoðað og leiðbeint við störf stúdentafulltrúanna.

Síðasta verk stúdentaráðs var að samþykkja Stefnu SHA. Stefnunni er skipt í átta kafla og er hún aðgengileg á vefsíðu SHA. Síðustu ár hefur verið mikil vöntun á stefnu sem þessari, þar sem hún getur aðstoðað og styrkt málefni stúdentaráðs sem og fulltrúa stúdenta á deildar-, deildarráðs- og sviðsfundum, og á fundum stúdenta í nefndum og ráðum HA. Von okkar er sú að stefnunni verði vel haldið á lofti, að henni verði fylgt eftir og að hún verði endurskoðuð á ári hverju. Stefnan er lifandi skjal sem ekki á að gleymast ofan í skúffu.

Ég er afar stolt af störfum stúdentaráðs sem getur gengið stolt frá sínum störfum. Ráðið samanstendur af ólíkum einstaklingum með ólíkan bakgrunn og allir hafa þeir mikið fram að færa. Þeir hafa lagt sig alla fram um það að tryggja hagsmuni stúdenta og hafa unnið ótult og óeigingjarnt starf í þágu stúdenta HA á liðnu ári.

Að lokum langar mig til þess að minnst Sólveig Hrafnadóttur, kærar vinkonu minnar og forstöðumanns náms- og starfsráðgjafar, sem kvaddi okkur alltof snemma í byrjun þessa árs. SHA á Sólveigu mikið að þakka en segja má að hún hafi verið sérlegur ráðgjafi stjórnar í fjölda ára. Fjöldi mála og verkefna á vegum félagsins hafa verið unnin ýmist í samstarfi eða samráði við hana. Með hagsmuni stúdenta í fyrsta sæti aðstoðaði hún við stofnun Stúdentaráðs og fyrir það geta stúdentar HA verið þakklátir.

Akureyri, 4. febrúar 2020

Sólveig María Arnadóttir

Formaður Stúdentaráðs 2019–2020



Stúdentaráð 2018–2019

# FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA Á AKUREYRI – FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta á Akureyri (FÉSTA) er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir stúdentar við HA og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka stúdentaíbúðir og annast aðra þjónustu við stúdentana. Sérstakar reglur gilda um úthlutun stúdentahúsnæðis. Umsóknarfrestur um sumarvist er til 1. mars og fyrir vetrarvist til 20. júní.

## Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

*Skarðshlíð 46*, með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989,

*Klettastíg*, með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1993–1994,

*Drekagil*, þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2000,

*Tröllagil*, með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004,

*Kjalarsíðu*, með 40 íbúðum sem teknar voru í notkun í ágúst 2008.

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jóhannes Baldur Guðmundsson.

## Stjórn FÉSTA skipuðu:

Halla Margrét Tryggvadóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar

Hólmar Svansson, fulltrúi háskólaráðs Háskólans á Akureyri

Harpa Halldórsdóttir, fulltrúi háskólaráðs Háskólans á Akureyri

Steinunn Alda Gunnarsdóttir stúdent, skipuð af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri – SHA

Friða Freydis Prastardóttir stúdent, skipuð af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri – SHA.

## Til vara:

Sigrún Lóa Kristjánsdóttir, fulltrúi háskólaráðs HA

Elfa Björk Viðisdóttir stúdent, skipaður af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri – SHA

Orri Kristjánsson stúdent, skipaður af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri – SHA

## Vefsíða FÉSTA



# SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Meginhlutverk Símenntunar Háskólans á Akureyri er að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi. Umsýsla þjónustu er lýtur að kennsluhúsnæði og fjárhagslegum rekstri heyrir undir viðkomandi einingar háskólaskrifstofu. Símenntun nýtur ekki opinberra fjárveitinga og þarf starfsemin því að standa undir útlögðum kostnaði og taka tillit til samkeppnislaga.

Við Símenntun eru tvö og hálf stöðugildi.

Frá 2017 hefur Símenntun fyrir hönd háskólans annast rekstur stjórnendanáms sem þróað er af Starfsmenntasjóði Samtaka atvinnulífsins og Samband stjórnendafélaga. Námið er á þriðja og fjórða hæfniprepi íslenska hæfnirammans um menntun og námslok og er metið til 30 ECTS eininga. Námið, sem er 100% fjarnám, er fimm lotur sem nemendur stunda þar sem þeir kjósa en öll kennsla og námsefni er á vefsvæðum. Á árinu voru kenndar níu lotur og um 100 manns stunduðu námið. Í ágúst var fyrsti hópurinn útskrifaður, 14 manns, og var það í fyrsta skipti sem nemendur og kennarar hittust.

Starfsárið byrjar jafnan í ágúst með aðfaranámskeiðum fyrir nýja háskólanemendur. Námskeiðsframboð er fjölbreytt svo það höfði til fólks á breiðu aldersbili og á mismunandi sviðum. Því miður þurfum við alltaf að fella niður nokkurn fjölda námskeiða vegna þess að þau standa ekki undir útlögðum kostnaði sem veldur okkur tekjutapi vegna tilfallins undirbúningskostnaðar. Þá vinnur Símenntun að auknu samstarfi við deildir skólans til að auka möguleika einstaklinga með til þess bærann grunn að taka stök námskeið við skólann.

Sú nýbreytni var að námskeið voru haldin þar sem fólk tók þátt með aðstoð róbóta. Það tókst vel og mun Símenntun áfram leitast við að auka framboð námskeiða/náms óháð staðsetningu og nýta þannig tækni, eins og Zoom, sem er í takt við þá þróun sem hefur orðið í kennslu án staðsetningar innan háskólans.

Samstarf var við Blaðamannafélag Íslands um málþing í mars þar sem fjallað var um stöðu einkarekinna fjölmiðla og frumvarp til stuðnings rekstri þeirra. Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, kom á málþingið og kynnti sýn sína á framtíð fjölmiðla. Mæltist þingið vel fyrir og ýmsum sjónarmiðum var komið á framfæri við ráðherra.



Verkefnastjórnun – leiðtogaþjálfun (Vogl) var kennt áttunda veturinn í röð í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf. og lauk 21 nemandi náminu. Í þessu vinsæla námi, sem metið er sem ígildi 24 ECTS eininga, er lögð áhersla á að samtvinna stjórnun og samskiptafærni og koma nemendur í fjórar lotur í skólann til verkefnavinnu en sinna náminu að öðru leyti í fjarnámi. Niundi hópurinn hóf svo námið haustið 2019.

Hópur 18 leiðsögumanna var útskrifaður í maí eftir krefjandi vetrarlangt nám með starfi en staðarkennsla var tvö til þrjú síðdegi í viku og farið í nokkrar æfingaferðir í leiðsögn í rútu um helgar. Náminu lauk svo með sex daga hringferð um landið. Mikil ánægja var meðal nemenda með námið sem þótti bæði fróðlegt og skemmtilegt.

*Elin Margrét Hallgrímsdóttir  
Forstöðumaður Símenntunar*

# SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Árið 2019 var einn starfsmaður, forstöðumaður, í fullu starfi við Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri. Fjölbreyttum verkefnum var sinnt á vegum miðstöðvarinnar á árinu 2019 og tóku stúdentar í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri virkan þátt í starfseminni. Starfsemin var með hefðbundnum hætti þar sem áhersla var lögð á Sjávarútvegsskóla unga fólksins á Norður- og Austurlandi, Sjávarútvegsskóla Fjallabyggðar og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu Þjóðanna. Samtals sóttu 159 nemendur Sjávarútvegsskóla unga fólksins sumarið 2019. Einnig var unnið árlegt verkefni fyrir atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið sem á árinu 2019 var úttekt á námi í fiskeldi á Íslandi og í ítarlegri skýrslu um verkefnið voru m.a. lagðar fram tillögur um fyrirkomulag menntunar á þessu sviði á Íslandi til framtíðar. Forstöðumaður miðstöðvarinnar hefur einnig tekið að sér bókhald fyrir félagið „Konur í sjávarútvegi“ og er sú vinna og aðstaða vegna hennar stuðningur við félagið.

## Á meðal helstu verkefna Sjávarútvegsmiðstöðvar HA á árinu 2019:

### • SJÁVARÚTVEGSSKÓLI AUSTURLANDS

Forstöðumaður Sjávarútvegsmiðstöðvar HA sá um skipulag og utanumhald Sjávarútvegsskóla Austurlands en miðstöðin tók við því verkefni sumarið 2016 eftir að verkefnið hafði verið á höndum fyrirtækja og sveitarfélaga á Austurlandi til nokkurra ára. Sumarið 2019 sóttu samtals 67 nemendur skólann og kennt var á fimm þéttbýlisstöðum. Kennsla stóð yfir í eina viku á hverjum stað. Þetta er framtíðarverkefni sem skilar tekjum í Sjávarútvegsmiðstöðina, en þau fimm sjávarútvegsfyrirtæki á Austurlandi sem tóku þátt í skólanum 2019 greiddu um 3,6 milljónir króna til miðstöðvarinnar. Aðalkostnaðarliðurinn voru laun kennara og forstöðumanns auk ýmiss annars rekstrarkostnaðar. Auk þess komu styrkir frá fyrirtækjum og stofnunum eða 1,2 milljónir króna. Heildarkostnaður skólans var því 4,8 milljónir króna. Tveir nemendur í sjávarútvegsfræði og nýútskrifaðir sjávarútvegsfræðingar frá HA sinntu kennslu við skólann í sumarstörfum. Verkefnið var unnið í nánu samstarfi við Vinnuskóla sveitarfélaga á hverjum stað og héldu nemendur vinnuskólans launum sínum meðan á kennslu stóð.

### • SJÁVARÚTVEGSSKÓLI NORÐURLANDS

Forstöðumaður miðstöðvarinnar stofnaði Sjávarútvegsskóla Norðurlands. Skólinn var rekinn í fyrsta skipti sumarið 2017 og sá forstöðumaður alfarið um skipulag og utanumhald hans. Sumarið 2019 sóttu samtals 76 nemendur skólann og kennt var á þremur þéttbýlisstöðum. Kennsla stóð yfir í eina viku á Dalvík og Grenivík

og þrjár vikur á Akureyri. Eins og Sjávarútvegsskóli Austurlands er þetta framtíðarverkefni sem skilar tekjum í Sjávarútvegsmiðstöðina. Þau tvö fyrirtæki sem tóku þátt í Sjávarútvegsskólanum á Norðurlandi greiddu rúmlega 2.3 milljónir króna en kostnaðurinn fólst aðallega í launum kennara og forstöðumanns auk ýmiss annars rekstrarkostnaðar. Einnig komu styrkir frá fyrirtækjum og stofnunum að upphæð 1,3 milljónir króna. Heildarkostnaður vegna Sjávarútvegsskóla Norðurlands var því 3,6 milljónir króna á árinu 2019. Tveir stúdentar í sjávarútvegsfræði og nýútskrifaðir sjávarútvegsfræðingar frá HA sinntu kennslu við skólann í sumarstörfum. Verkefnið var unnið í nánu samstarfi við Vinnuskóla sveitarfélaga á hverjum stað og héldu nemendur vinnuskólans launum sínum meðan á kennslu stóð.

### • SJÁVARÚTVEGSSKÓLI FJALLABYGGÐAR

Árið 2019 var ákveðið að kenna Sjávarútvegsskólann í Fjallabyggð og sá forstöðumaður alfarið um skipulag og utanumhald hans. Sumarið 2019 sóttu samtals 16 nemendur skólann og stóð kennsla yfir í eina viku. Fjögur fyrirtæki tóku þátt í að greiða kostnað skólans, sem var í heildina rúmlega 800 þúsund kr. Helstu kostnaðarliðir voru laun kennara auk annars rekstrarkostnaðar. Til frádráttar kom beinn styrkur að upphæð kr. 100.000 áður en áföllnum kostnaði var skipt á milli fyrirtækjanna fjögurra. Tveir nemendur í sjávarútvegsfræði og nýútskrifaðir sjávarútvegsfræðingar frá HA sinntu kennslu við skólann í sumarstörfum. Verkefnið var unnið í nánu samstarfi við Vinnuskóla sveitarfélagsins og héldu nemendur launum sínum meðan á kennslu stóð.

### • SJÁVARÚTVEGSSKÓLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA – UNU – FTP

Sjávarútvegsmiðstöðin hafði almenna umsjón með nemendum UNU-FTP (Fisheries Training Program) á meðan dvöl þeirra á Akureyri stóð en hópurinn allur (~30 nemendur) kom fyrst í nokkurra daga heimsókn seint á haustmíssi árið 2018 og sat fyrirlestra auk þess að heimsækja fyrirtæki. Forstöðumaður tók að sér einn tvöfaldan fyrirlestur auk þess að skipuleggja heimsóknir í fyrirtæki á Norðurlandi. Í framhaldi af þessari heimsókn unnu nemendur að verkefnum sínum við HA yfir rúmlega þriggja mánaða tímabil á vormíssi árið 2019. Skólárið 2019–2020 unnu 3 nemendur verkefni sín við Háskólann á Akureyri.

### • SÉRVERKEFNI UNNIÐ FYRIR ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ (ANR)

Í sérverkefni sem miðstöðin var fengin til að vinna fyrir ANR á

## SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

árinu 2019 var unnin úttekt á námi í fiskeldi á Íslandi og gerður samanburður á því og námi í fiskeldi í Noregi og í Skotlandi. Einnig var óskað eftir því að settar væru fram tillögur um hvað mætti betur fara í námi sem nú þegar er boðið upp á í fiskeldi á Íslandi. Forstöðumaður vann verkefnið með aðstoð forseta Viðskipta- og raunvísindasviðs HA. Á haustdögum 2019 heimsóttu þær m.a. fiskeldisfyrirtæki og GuriKunna framhaldsskólann á Þrándheims- svæðinu í Noregi en þessi skóli hefur unnið hefur mikið brautryðjendastarf í kennslu í fiskeldi á framhaldsskólastigi, í nánun samstarfi við atvinnulíf, Tækniháskólann í Þrándheimi og aðra framhaldsskóla í landinu. Lokaskýrslu verkefnisins var skilað til ANR í janúar 2020.

### • FYRIRLESTRAR

Forstöðumaður tók að sér nokkra fræðslufyrirlestra um sjávarútveg fyrir EF Cultural Groups, en það eru ferðamálasamtök sem bjóða upp á fræðslufyrirlestra um áhugaverð efni fyrir erlenda ferðamenn.

### • SAMSTARF VIÐ UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Forstöðumaður sér um utanumhald verkefnis sem unnið er í samstarfi við Utanríkisráðuneytið vegna þróunarverkefna á vegum Alþjóðabankans. Miðstöðin hefur þannig umsjón með að útvega

sérfræðinga innan raða Háskólans á Akureyri til þeirra verkefna sem óskað er eftir þróunaraðstoð við. Einn sérfræðingur frá HA vann á árinu ráðgjafastörf í Víetnam þessu tengd.

### • SJÁVARÚTVEGSRÁÐSTEFNAN 2019

Forstöðumaður var tengiliður Háskólans á Akureyri og kom að undirbúningi og vann ýmis verkefni vegna Sjávarútvegsráðstefnunnar 2019. Forstöðumaður sá m.a. um málstofustjórn í tveimur málstofum tengdum nýjum nemendavettvangi ráðstefnunnar en það starf fól m.a. í sér að útvega fyrirlesara og skipuleggja málstofurnar í samstarfi við framkvæmdastjóra ráðstefnunnar og aðrar menntastofnanir.

**Starfsfólk á árinu:** Guðrún Arndís Jónsdóttir var ráðin í 100% starf forstöðumanns á árinu 2019. Fjórir nemendur í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri voru ráðnir tímabundið við kennslu í Sjávarútveggskólum unga fólksins á Austurlandi, á Norðurlandi og í Fjallabyggð.



# RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

Rannsóknamiðstöð ferðamála er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. RMF sinnir viðfangsefnum á sviði ferðamálarannsókna í tengslum við atvinnulíf og innlenda sem erlenda háskóla. Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands.

Á árinu kom starfsfólk RMF sem fyrr að fjölbreyttum rannsóknarverkefnum, miðlaði niðurstöðum sínum á innlendum sem erlendum ráðstefnum og fundum og tók þátt í samstarfi rannsakenda á ýmsum sviðum. Á árinu fagnaði RMF 20 ára starfsafmæli sem haldið var upp á með vinnusmiðju þar sem rannsakendur og fulltrúar frá stoðkerfi ferðaþjónustunnar ræddu hlutverk miðstöðvarinnar og skilgreindu brýnar rannsóknir á sviði ferðamála.

Nokkrar breytingar urðu á starfsliði RMF en þær Dr. Auður H. Ingólfssdóttir og Helga Einarsdóttir hættu störfum á árinu. Fulbright-styrkþeginn Dr. Nathan Reigner bættist í hópinn en hann sinnti rannsóknum sínum í samstarfi við RMF. Valeriya Posmitnaya var sumarstarfsmaður í gagnasöfnun og meistaraneminn Ellen Haddingh frá Wageningen University í Hollandi var í starfsnámi á Akureyrarskrifstofu RMF.

Á árinu starfaði sérstakur vinnuhópur skipaður af stjórn RMF til að endurskoða samning háskólanna þriggja um RMF. Í vinnuhópnum voru Guðrún Pétursdóttir, f.h. Háskóla Íslands, Jón Þorvaldur Heiðarsson, f.h. Háskólans á Akureyri, Laufey Haraldsdóttir, f.h. Háskólans á Hólum, og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF.

## Starfsfólk RMF á árinu 2019:

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður  
Auður H Ingólfssdóttir sérfræðingur, til 31. júlí  
Elísabet Ögn Jóhannsdóttir sérfræðingur  
Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur  
Helga Einarsdóttir sérfræðingur, til 30. júní  
Íris Hrund Halldórsdóttir sérfræðingur  
Vera Vilhjálmsdóttir sérfræðingur  
Þórný Barðadóttir sérfræðingur  
Valeriya Posmitnaya sumarstarfsmaður  
Nathan Reigner, Fulbright-rannsakandi á vegum RMF og Háskólans á Akureyri, janúar– september  
Ellen Haddingh, starfsnemi frá Wageningen University í Hollandi, september–desember

## Í árslok 2019 sátu í stjórn RMF:

Guðrún Pétursdóttir (Háskóli Íslands), formaður stjórnar  
Sigrún Stefánsdóttir (Háskólinn á Akureyri), varaformaður  
Jón Þorvaldur Heiðarsson (Háskólinn á Akureyri)  
Rannveig Ólafsdóttir (Háskóli Íslands)  
Laufey Haraldsdóttir (Háskólinn á Hólum)  
Vilborg Helga Júlíusdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar)  
Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa)

Aðalfundur stjórnar RMF var haldinn 3. júní í fjarfundi milli Háskólans á Akureyri, Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands. Ein breyting varð á stjórn RMF á árinu er Vilborg Helga Júlíusdóttir tók við stjórnarsetu af Bjarnheiði Hallsdóttur fyrir hönd Samtaka ferðaþjónustunnar.

## RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



### Rannsóknaverkefni ársins

Verkefni	Verkefnastjórar
<b>Samfélagsáhrif friðlýstra svæða.</b> Unnið fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.	Auður H. Ingólfssdóttir, Þorvarður Árnason og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
<b>Áfangastaðurinn Norðurland.</b> Unnið fyrir Markaðsstofu Norðurlands í samstarfi við Háskólann á Hólum.	Elísabet Ögn Jóhannsdóttir
<b>Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018: Könnun á einstökum svæðum.</b> Unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.	Eyrún Jenný Bjarnadóttir
<b>Viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna: Landskönnun 2019.</b> Unnið fyrir Ferðamálastofu.	Eyrún Jenný Bjarnadóttir
<b>Poppmenning í ferðaþjónustu (OUTPACE).</b> Unnið í samstarfi menntastofnana og fyrirtækja í Litháen, Bretlandi, Írlandi, Svíþjóð og Íslandi. Fjármagnað af Erasmus+.	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
<b>Rannsóknir á vinnuafli í ferðaþjónustu.</b>	Íris Hrund Halldórsdóttir
<b>Kjör og aðstæður erlends vinnuafis í ferðaþjónustu.</b>	Íris Hrund Halldórsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir
<b>Ferðamenn í Hrísey 2019. Unnið fyrir Akureyrarstofu.</b>	Vera Vilhjálmssdóttir
<b>Kínverskir ferðamenn á Íslandi.</b>	Vera Vilhjálmssdóttir
<b>Rannsóknir á ráðstefnumörkuðum.</b>	Vera Vilhjálmssdóttir
<b>Söguferðaþjónusta á Norðurlandi.</b> Unnið fyrir Markaðsstofu Norðurlands.	Vera Vilhjálmssdóttir
<b>Könnun meðal farþega skemmtiferðaskipa á Húsavík og Siglufirði.</b>	Þórný Barðadóttir
<b>Ferðavenjur og neysla erlendra ferðamanna hérlendis.</b> Unnið fyrir Ferðamálastofu.	Þórný Barðadóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Nánari lýsingar á verkefnunum er að finna í ársskýrslu á [vef RMF](#)

Þar gefur enn fremur að líta yfirlit yfir útgefið efni, fyrirlestra, erindi, ráðstefnur, málþing o.fl.





## SAMNINGAR

Í skránni hér á eftir er getið nokkurra helstu samninga sem Háskólinn á Akureyri gerði á árinu. Fyrst er getið um samningsaðila, þá eðli samnings og síðast dagsetningu undirritunar.

Auk þess gera deildir og svið háskólans fjölda samstarfssamninga, meðal annars við erlendar stofnanir og háskóla.

- Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, Sjúkrahúsið á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Norðurlands: *Samstarfsyfirlýsing, tilraunaverkefni í þágu þolenda í alvarlegum kynferðisafbrotum*, 15. janúar 2019.
- The Arctic University of Norway – Uit: *Samstarfssamningur*, 23. janúar 2019
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið: *Samningur um rekstrarframlag vegna Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar við HA*, 12. febrúar 2019
- Hugvit hf: *Samningur um hugbúnað í kerfisleigu í hýsingu hjá Hugviti – GoPro Foris Essential*, 14. febrúar 2019
- Deloitte ehf: *Verksamningur um kennslu á vormisseri 2019*, 20. febrúar 2019
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið: *Þjónustusamningur um óháða úttekt á fiskeldi á Íslandi 2018–2019*, 22. febrúar 2019
- NUAS – Nordic Association of University Administrators: *Aðild að samstarfsneti*, 25. mars 2019
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið: *Nýliðunarsjóður kennaramenntunar í HA*, 16. apríl 2019
- N4 ehf: *Samningur vegna umfjallana um HA á sjónvarpsrás og um prentauglýsingar*, 2. maí 2019
- Shanghai Ocean University: *Samstarfssamningur*, 8. maí 2019
- Advania Ísland ehf: *Samningur um Matráð mótuneytiskerfi*, 13. maí 2019
- Matís Ltd.: *Samningur um rannsóknarverkefnið NordMar BioRefine*, 10. maí 2019
- University of Southern Maine – USM: *Samningur um nemendaskipti*, 18. júní 2019
- Utanríkisráðuneyti Íslands: *Samningur um stöðu gestaprófessors í norðurslóðafræðum, Nansensstöðuna, 2019–2021*, 20. júní 2019
- British Standards Institution – BSI: *Þjónustusamningur vegna jafnlaunavottunar*, 9. júlí 2019
- Origo: *Áskriftarsamningur um hugbúnaðarþjónustu*, júlí 2019
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða: *Rammasamningur um samstarf*, 1. september 2019
- Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík: *Viljayfirlýsing um stofnun Sjóveikisets á Íslandi*, 13. september 2019
- Auðna – Tæknitorg ehf: *Þjónustusamningur um tækniyfifærslu og tengda þjónustu*, 25. september 2019
- Ríkiseignir: *Húsaleigusamningur um húsnæði á Sólborg*, 28. október 2019
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja: *Rammasamningur um samstarf*, 19. desember 2019

## EITT OG ANNAÐ

### Prófessor Kristín Aðalsteinsdóttir sæmd fálkaorðunni

Forseti Íslands sæmdi 14 Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu 1. janúar. Þeirra á meðal var prófessor Kristín Aðalsteinsdóttir og fékk hún riddarakross fyrir störf á vettvangi menntavísinda. Kristín lauk kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands 1966 og bætti við sig sérkennaraprófi 1971. Þá hélt hún til Noregs þar sem hún lauk B.A. í sérkennslufræðum við Statens Spesiallærerhøgskole í Osló. Hún lauk M.Ed. í menntunarfræðum við University of Bristol í Bretlandi og einnig Ph.D. í kennslufræði við sama háskóla.

Kristín hefur starfað við Háskólann á Akureyri síðan 1994. Fyrst sem stundakennari, síðan sem fastráðinn sérfræðingur sérfræðingur og loks sem deildarforseti kennaradeildar. Kristín var fyrsti kvenprófessorinn við kennaradeild HA og hún var einnig fyrst kvenna til þess að stýra deildinni úr stóli deildarforseta.



### Rögvaldur Hannesson heiðursdoktor við Háskólann á Akureyri

Þann 18. janúar veitti Viðskipta- og raunvísindasvið Rögvaldi Hannessyni, prófessor emeritus, heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann á Akureyri. Rögvaldur er heimskunnur auðlindahagfræðingur. Hann hefur ritað níu útgefnar bækur, ritstýrt nokkrum öðrum bókum og birt yfir 100 ritrýndar greinar og bókarkafli. Rögvaldur var kennari við HA áður fyrr og kenndi þá fiskihagfræði við sjávarútvegsdeild. Hann hefur verið háskólanum afar mikilvægur við að efla getu og sérstöðu á sviði sjávarútvegs- og auðlindahagfræða almennt.

Í tilefni af veitingu heiðursdoktorsnafnbótarinnar var haldin ráðstefna á sviði sjávarútvegs föstudaginn 18. janúar. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Fiskveiðar og þjóðarhagur“ og á henni fjallaði Rögvaldur, ásamt fræðimönnum frá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands, um ýmsar rannsóknir á sviði sjávarútvegs svo sem um áhrif skipa og veiðarfæra á umhverfið, loftslagsbreytingar og áhrif þeirra, stærð einstakra fiskistofna, virðisbætur í sjávarútvegi og ýmislegt fleira. Í framhaldi af ráðstefnunni var blásið til hátíðar í hátíðarsal skólans þar sem Rögvaldi var veitt heiðursdoktorsnafnbót.



Frá vinstri: Rannveig Björnsdóttir forseti Viðskipta- og raunvísindasviðs, Rögvaldur Hannesson og Steingrímur Jónsson

## EITT OG ANNAÐ



### HA aðili að samstarfi um nýja þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Akureyri

Háskólinn á Akureyri er aðili að samstarfi um nýja þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Akureyri. Miðstöðin er samstarfsvettvangur nokkurra opinberra aðila og frjálsra félagasamtaka sem aðstoða þolendur ofbeldis. Miðstöðin er fjármögnuð af félagsmálaráðuneytinu og dómsmálaráðuneytinu skv. samningi frá 22. febrúar.

Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi er starfrækt við Háskólann á Akureyri. Tilgangur hennar er að efla rannsóknir og auka þekkingu á birtingarmyndum ofbeldis, afleiðingum þess og leiðum til að útrýma því. Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi hefur [vefsíðu](#) þar sem hægt er að sjá helstu verkefni frá stofnun árið 2018.

### Málþing um fjölmiðlun á landsbyggðinni og stuðningur fyrir einkarekna fjölmiðla

Dagana 22. og 23. mars var haldin í HA opin ráðstefna um fjölmiðlun á landsbyggðinni og stuðning við einkarekna fjölmiðla. Þátttakendur voru fulltrúar héraðsfréttamiðla úr ýmsum landshlutum. Lilja Alfriðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sat ráðstefnuna og flutti hún erindi um hugmyndir sínar um stuðning við fjölmiðla og um frumvarp þess efnis sem lá fyrir á Alþingi. Á ráðstefnunni skapaðist gróður grundvöllur fyrir skoðanaskipti um mikilvægi svæðisbundinna miðla.



## EITT OG ANNAÐ



### Aðgangstakmörkunum í skólann beitt í fyrsta skipti heilt yfir

Aðsókn í Háskólann á Akureyri hefur farið stigvaxandi undanfarin ár. Á aðeins 10 árum hefur fjöldi stúdenta nærri tvöfaldast og er það mikið gleðiefni. Til að tryggja áfram mestu gæði náms við HA þurfti við innritun fyrir haustið 2019 að beita almennum takmörkunum að námi við háskólann. Fyrir voru aðgangstakmarkanir (klásus) í hjúkrunarfræði, sálfræði og diplómanámi í lögreglufræði. Umsækjendur með stúdentspróf höfðu forgang að námi, aðeins var tekið við fullgerðum umsóknum og umsækjendur gátu aukið líkur sínar á inntöku, kæmi til fjöldatakmarkana, með því að skila ferilskrá og kynningarbréfi.



### Vísinda skóli unga fólksins í fimm ár

Vísindaskóli unga fólksins við HA starfaði 24.–28. júní. Á hverju ári er nýtt námsframboð við Vísindaskólann og ný þemu. Árið 2019 voru til dæmis verkefni sem báru yfirskriftina: *Kynslóðabrúin*, *Besta útgáfan af sjálfum þér*, *Fiskur á disk*, *Smáforrit og forritun* og *Fjármálavit*. Skólanum lauk með útskriftarhátíð þar sem fjölskyldur tóku þátt í gleðinni. Þetta var fimmta starfsár Vísindaskólans. Skólinn er ætlaður börnum á aldrinum 11 til 13 ára og að jafnaði eru um 90 nemendur og fullskipaður skóli. Algengt er að börn taki þátt í Vísindaskólanum oft en einu sinni og þá er einnig talsvert um að börn búsett annars staðar á landinu séu meðal nemenda. Skólastjóri frá upphafi er Sigrún Stefánsdóttir.

## EITT OG ANNAÐ

### Vettvangsferð líftækninema til Kólumbíu


Þrjár stúdentar í líftækni, þeir Bjarni O. Einarsson, Bjartur Hilmisson og Janis Dzelme, fóru í vettvangsferð til Kólumbíu ásamt Oddi Þór Vilhelmssyni, prófessor við auðlindadeild. Tóku þeir þátt í námskeiði um örveruvistfræði og lífefnaleit í regnskógum og á plantekrum hitabeltisins. Einnig voru gerðir leiðangar þar sem sýnum var safnað á bananaplantekrum og í hitabeltisfrumskógi, af kakóplantekru og af maísakri. Úr sýnunum voru eingangraðar bakteríur sem nemendur greindu og flokkuðu, og hugað var að notagildi þeirra í líftækni.

Háskólinn á Akureyri hefur átt í samstarfi við University of Reading um árabíl. Námskeiðið var samstarfsverkefni þessara tveggja háskóla ásamt Universidad EAFIT og Universidad de Antioquia.



### LÝSA – Rokkhátíð samtalsins

LÝSA – Rokkhátíð samtalsins fór fram 6.–7. september með mörgum viðburðum í Hofi og á fleiri samkomustöðum á Akureyri. LÝSA er lýðræðishátíð að norrænni fyrirmynd sem haldin er reglulega. Tvö erindi tengd HA voru flutt á LÝSU.



Karen Birna Þorvaldsdóttir og Hulda Sædis Bryngeirsdóttir kynntu doktorsrannsókn sína við Heilbrigðisvísindasvið HA, *Að leita sér hjálpar og eflast eftir kynbundið ofbeldi*.



Kristín Þórarinsdóttir lektor kynnti rannsókn um persónu- miðað heilsufarsmat, s.k. Hermes, sem stuðlar að því að einstaklingar taki virkan þátt í að meta heilsufar sitt og aðstæður í samræðu við hjúkrunarfræðinga.

## EITT OG ANNAÐ



### Fyrsti doktorssamningurinn undirritaður

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir undirritaði þann 11. september formlegan samning um doktorsnám við HA og er það fyrsti samningurinn sinnar gerðar. Doktorsverkefni hennar lýtur að áhrifum nærsamfélags á búsetu kvenna í sjávarbyggðum og doktorsprófið verður á sviði félagsvísinda. HA hlaut formlega viðurkenningu til að bjóða upp á doktorsnám með bréfi frá mennta- og menningarmálaráðherra 20. október 2017. Í lok árs 2019 voru doktorsnemar við Háskólann á Akureyri fimm talsins.



### HA fær þriðja Grænfánann

Háskólinn á Akureyri hefur verið þátttakandi í verkefninu *Skólar á grænni grein* frá því árið 2009. Um er að ræða alþjóðlegt umhverfisverkefni og er Grænfáninn vottun þess að starfsemi uppfylli markmið verkefnisins. Hann er að jafnaði veittur til tveggja ára í senn og til að halda vottuninni þarf að standast úttekt. HA flaggaði Grænfánanum í fyrsta skipti í september 2013, þá fyrstur íslenskra háskóla. HA fékk annan Grænfánann í október 2017 og svo loks þann þriðja í október 2019. Verkefnið er á borði umhverfisráðs HA.

Landvernd heldur utan um íslenska þátttakendur *Skóla á grænni grein* og afhendir Grænfánann.

## EITT OG ANNAÐ



Frá vinstri: Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir forseti Heilbrigðisvísindasviðs, frú Vigdís Finnbogadóttir og Sigríður Halldórsdóttir

### Frú Vigdís Finnbogadóttir heiðursdoktor við Háskólann á Akureyri

Þann 8. nóvember veitti Heilbrigðisvísindasvið frú Vigdís Finnbogadóttur heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann á Akureyri. Frú Vigdís hefur haft mikil alþjóðleg áhrif með störfum sínum og hefur ávallt sýnt hlýju og ræktarsemi við æsku landsins. Heiðursdoktorsnafnbótina hlaut hún fyrir viðtæk jákvæð samfélagsleg áhrif, meðal annars á íslenska tungu, menningu og listir, jafnrétti og skógrækt, ásamt heilbrigðis- og líknarmálum.

Í tilefni af veitingu heiðursdoktorsnafnbótarinnar var haldið málþing undir yfirkriftinni „Vigdís Finnbogadóttir: Hin víðtæku áhrif“. Þar fjölluðu fræðimenn og vinir víða að um ævi og störf Vigdísar. Í framhaldi af málþinginu var blásið til hátíðar í hátíðarsal skólans þar sem Vigdís var veitt heiðursdoktorsnafnbót.



### Dr. Gunnar Rekvig ráðinn gestaprófessor í heimskaufraeðum


Dr. Gunnar Rekvig var ráðinn í stöðu gestaprófessors í heimskaufraeðum, svonefnda Nansensstöðu við Háskólann á Akureyri, 2019–2020. Gunnar Rekvig er doktor í alþjóðfræðum frá Tokyo University of Foreign Studies. Nansensstaðan er veitt framúrskarandi vísindamanni sem starfar að málefnum sem tengjast lagalegum, hagrænum, félagslegum og náttúrufræðilegum aðstæðum á norðurlöðum. Utanríkisráðuneytið og HA gera með sér samning um Nansensstöðuna á grundvelli samnings um norræna samvinnu milli utanríkisráðuneyta Noregs og Íslands. Nansensstaðan var fyrst veitt árið 2013–2014 og er Gunnar Rekvig sá fimmti sem gegnir stöðunni.

### Færð og veður settu haustmísserispróf í uppnám

Norðan- og norðaustanhvassviðri með snjókomu gekk yfir landið 10.–11. desember. Á Akureyri urðu íbúðargötur ófærar og skólahaldi var aflýst. Í Háskólanum á Akureyri stóðu yfir haustmísserispróf en prófahald fer fram á 30 stöðum víðs vegar um landið. Stúdentum og starfsfólki var ráðlagt að fylgjast með veðri og fara að leiðbeiningum Almannavarna á hverjum stað. Víða varð mikið tjón í óveðrinu. Það gekk niður 12. desember og á Akureyri var þá farið að huga að snjómokstri og annarri þjónustu svo að lífið gæti gengið sinn vanagang.

# ÁRSREIKNINGUR 2019

## Skipting kostnaðar



## Gjöld 2019:

		<b>pús.kr.</b>
Laun og launatengd gjöld	71%	2.316.084
Framlög og tilfærslur	4%	122.608
Annar rekstrarkostnaður	25%	806.102
Afskriftir	1%	33.574
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>3.278.368</b>

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

### Tekjur 2019:

	<b>2019</b>	<b>2018</b>
Tekjufærsla fjárveitinga	2.538.300.000	2.289.800.000
Aðrar tekjur	193.384.554	188.281.239
Seld þjónusta	182.504.202	272.490.801
Framlög og ýmsar tekjur	367.977.681	312.955.689
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	33.573.839	32.836.343
<b>Tekjur samtals</b>	<b>3.315.740.276</b>	<b>3.096.364.072</b>

### Gjöld 2019:

Laun og launatengd gjöld	2.316.083.628	2.152.970.730
Framlög og tilfærslur	122.608.436	119.748.748
Annar rekstrarkostnaður	806.101.799	788.112.860
Afskriftir	33.573.839	32.836.343
	<b>3.278.367.702</b>	<b>3.093.668.681</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>	<b>37.372.574</b>	<b>2.695.391</b>


### Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	163.584	80.392
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	(513.063)	(279.549)
	<b>(349.479)</b>	<b>(199.157)</b>
<b>Afkoma ársins</b>	<b>37.023.095</b>	<b>2.496.234</b>



# ÁRSREIKNINGUR 2019

## Skipting tekna



## Tekjur 2019

		þús.kr.
Tekjufærsla fjárveitinga	77%	2.538.300
Innritunargjöld	6%	193.385
Seld þjónusta	6%	183.504
Framlög og ýmsar tekjur	11%	367.977
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	1%	33.574
<b>100%</b>		<b>3.315.740</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

### Eignir

	31/12/2019	31/12/2019
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld og búnaður	120.537.796	123.353.170
Farartæki og vélar	1.856.250	2.131.250
Aðrar eignir	12.344	16.142
	<b>122.406.390</b>	<b>125.500.562</b>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutar í öðrum félögum	2.495.800	2.495.800
	<b>2.495.800</b>	<b>2.495.800</b>
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>124.902.190</b>	<b>127.996.362</b>

### Veltufjármunir

Viðskiptakröfur	25.511.686	72.591.607
Tengdir aðilar	330.922.185	122.880.619
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	8.040.467	5.345.058
Handbært fé	59.006.542	160.632.001
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>423.480.880</b>	<b>361.449.285</b>

### Eignir samtals

**548.383.070**      **489.445.647**

### Eigið fé og skuldir

#### Eigið fé

Hrein eign	84.017.972	46.994.877
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>84.017.972</b>	<b>46.994.877</b>

#### Skuldir

Tengdir aðilar	26.992.958	40.227.043
Viðskiptaskuldir	41.747.773	72.410.340
Ýmsar skammtímaskuldir	221.146.431	167.161.612
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	174.477.936	162.651.775
	<b>464.365.098</b>	<b>442.450.770</b>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>464.365.098</b>	<b>442.450.770</b>

### Eigið fé og skuldir samtals

**548.383.070**      **489.445.647**



## BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS Á HÁSKÓLAHÁTÍÐ 15. JÚNÍ

### Kandídatar, gestir og starfsfólk HA

Háskólinn á Akureyri hefur verið í örum vexti undanfarin ár og þið, ágætu kandídatar, eruð hluti af þeim mikla vexti. Að þessu sinni eru 419 nemendur af þremur fræðasviðum brautskráðir, þar af 303 úr grunnnámi og 116 nemendur úr framhaldsnámi. Þetta er stærsti útskriftarárgangur skólans frá upphafi og til merkis um þann mikla árangur sem náðst hefur í uppbyggingu háskóla sem þjónar öllu landinu með nýjum og framsæknum hætti. Þrotlaus vinna starfsfólks og öflugir nemendur skólans hafa gert Háskólann á Akureyri að einni stærstu og öflugustu menntastofnun landsins.

### Kæru kandídatar

Þetta er stór áfangi og í dag fagnið þið. Það eru forrættindi fyrir okkur sem störfum við Háskólann á Akureyri að hafa fengið að taka þátt í lífi ykkar og vonandi aðeins náð að móta ykkur til betri útgáfa af ykkur sjálfum. Það eru forrættindi að hafa tækifæri til þess að geta leyft sér að læra, að afla sér þekkingar í gegnum lestur, verkefnavinnu og samtöl við aðra nemendur, kennara ykkar og leiðbeinendur. Stundum

er það þannig að við áttum okkur ekki á því hversu mikil forrættindin eru þangað til að við höfum ekki lengur aðgengi að þeim eða aðrir geta ekki fetað í okkar eigin fótspor.

### Ágætu gestir, hér í salnum og þið sem heima sitjið

Á síðustu fimm árum hefur aðsókn við Háskólann á Akureyri aukist gjfurlaga. Heildarfjöldi nemenda hefur vaxið um tæplega 50% frá árinu 2014 og er nú svo komið að við getum ekki lengur tekið við öllum nemendum sem vilja stunda nám við skólann. Nú eru samkeppnispróf í þremur námsgreinum ásamt því að valið er inn í viðskiptafræði þannig að ekki er lengur nóg að hafa stúdentspróf í samkeppni um námspláss, heldur verður meira að koma til. Nú þegar menntun er að verða lykkillinn að því að samfélög geti tekist á við hraðar breytingar verðum við sem myndum íslenskt samfélag að spyrja okkur hvort við teljum að það sé rétt að aðgengi að háskólanámi sé takmarkað með þessum hætti. Hverri menntastofnun ber að sjálfsögðu að halda sig innan þeirra fjárheimilda sem útdelt er á hverju tímabili en þegar vinsældir einnar stofnunar aukast verulega, líkt og Háskólans á Akureyri, vakna upp

## BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS Á HÁSKÓLAHÁTÍÐ 15. JÚNÍ

áhugaverðar spurningar. Hvernig á að velja þegar færri komast að en hafa vilja til? Er menntun á háskólastigi forréttindi eða mannréttindi? Ber stjórnvöldum skylda til að tryggja öllum landsmönnum aðgengi að því námi sem landsmenn vilja stunda? Okkur hættir nefnilega stundum til að setja ábyrgðina á herðar stjórnvöldum; þingmönnum og ráðherrum – og vissulega er ábyrgð þeirra mikil – en hver er ábyrgð okkar í að koma því á framfæri við stjórnvöld hvað við teljum að rétt sé að gera. Háskólinn á Akureyri mun velja til náms, með einum eða öðrum hætti, rétt um helming þeirra nemenda sem sækjast eftir því að komast í skólann fyrir komandi skólaár, þ.e. þegar tekið hefur verið tillit til niðurstöðu samkeppnisprófa og vals á nemendum í upphafi skólaárs. Sú staðreynd gefur góða ástæðu til að spyrja: Er þetta sú staða sem við viljum vera í? Nú þegar efnahagsskórin er farinn að þrengjast örlítið um tærnar er stóra spurningin: Hafa stjórnvöld stuðning ykkar, ágætu gestir, til þess að efla íslenska háskóla svo að þeir séu fyllilega samkeppnisfærir við erlenda háskóla og geti tekið á móti þeim mikla fjölda sem hér vill stunda nám – og þá sérstaklega hér við Háskólann á Akureyri? Ert þú, ágæti skattborgari, tilbúinn að greiða hærri skatta eða endurreiða fjármunum þannig að menntun fái forgang? Staðreyndin er sú að ef stjórnvöld fá ekki stuðning frá okkur öllum, frá almenningi, til þess að fjárfesta í menntun þá mun það ekki gerast. Og ef háskólararnir fá ekki stuðning til að eflast og dafna er veruleg hætt á því að aðgengi takmarkist enn frekar, að enn færri nemendur komist að. Ég horfi því til ykkar, ágætu gestir, ömmur og afar framtíðarnemenda við HA. Ég horfi til ykkar, foreldrar nemenda sem á næstu árum munu leitast eftir að komast í háskóla. Ég horfi til ykkar, frænkur og frændur ungra snillinga sem þið þráið að fái tækifæri til að láta ljós sitt skína. Ég horfi til ykkar allra um stuðning við að koma þeim skilaboðum á framfæri við íslensk stjórnvöld að þið metið háskólamenntun og að þið villjið að unga fólki okkar hafi öll tækifæri til þess að mennta sig í öflugum, framsæknum og skipandi háskólasamfélagi. Ég treysti á ykkur!

### Kæru kándídatar

Fyrir framan ykkur liggur leið inn í nýja tíma, nýjan heim sem er svo frábrugðinn þeim gamla að enginn getur í raun spáð fyrir um með hvaða hætti þessi heimur mun gefa ykkur færi á að skapa ykkar eigin framtíð. Það er kannski óþægileg staðreynd fyrir okkur sem störfum innan háskóla, en staðreynd engu síður, að sú menntun sem þið hafið aflað ykkur á síðustu árum mun úreldest hraðar en nokkru sinni fyrr og þið munið stöðugt þurfa að hugsa um með hvaða hætti þið getið eftir ykkur. Ég vil þó hvetja ykkur til að leggja í þetta ferðalag með bjartsýni og opnum huga. Í þeim umbreytingum eru mörg tækifæri sem munu gera ykkur kleift að gera algerlega nýja hluti, sama hvort það felst í því að finna upp nýjar aðferðir í framleiðslu, betri kennsluháttum í

grunnskólum, nýjum leiðum í heilbrigðisþjónustu með aðstoð gervi-greindar, rekstri á rafrænum lögfræðistofum, nýrri afþreyingu, öflugum alþjóðlegum fyrirtækjum sem ekki eru til nema í stafrænum heimi, löggæslu í netheiminum, uppbyggingu sjálfbærra og umhverfisvænna byggðarlaga, að taka þátt í innleiðingu orkuskipta eða í því að sálfræðipækkingu ykkar, til viðbótar við menntun um mannkynssögu og menningu, lífeðlisfræði, taugalíffræði, tungumál og skipulag, takist að skapa algerlega nýtt líkan fyrir vinnustaði og umhverfi þeirra. Tækifærin eru nánast óendanleg – það er ykkar að grípa þau og láta drauma ykkar rætast.

### Kæru kándídatar

Þið hafið gefið allt til að ljúka ykkar námi – og stundum jafnvel eitthvað meira af orku en þið hafið raunverulega átt. Því hefur oft verið lítil tími til að sinna öðru fólki eða hugðarefnum. Ég verð þó að segja að síðustu árgangar nemenda við HA hafa verið einstaklega kraftmiklir og öflugir í að láta gott af sér leiða og taka þátt í virkri hagsmunabaráttu stúdenta. Nemendur við Háskólann á Akureyri hafa verið sérstaklega áberandi og öflugir í starfi sínu fyrir Landssamtök Íslenskra Stúdenta (LÍS) og hafa með þátttöku sinni haft bein og óbein áhrif á þróun gæðakerfa háskólanna, styrkt réttindi nemenda og stutt við samnemendur í gegnum erfiða tíma. Sá öflugi hópur nemenda sem hefur staðið vörð um ykkar eigin hagsmuni á miklar þakkir skildar og hefur jafnframt öðlast dýrmæta reynslu í að hafa áhrif á samfélag sitt. Þau hafa verið miklar og góðar fyrirmyndir um það hvernig unnt er að tengja saman annasama vinnudaga og samfélagslega þátttöku.

### Ágætu gestir

Samfélagið sem við búum í er spegilmynd af okkur sjálfum og á samfélagsmiðlum endurspeglast skoðanir og lífsgildi þar sem við keppumst við að ná í staðfestingu á okkar eigin ágæti eða koma nýjustu áhrifum á framfæri svo við getum sagt að við séum að breyta heiminum – með einni Instagram-mynd í einu. Í þessu nýja og flókna samfélagi „fjöl“miðlunar kemur skýrt fram að ef við látum ótta og reiði vera upplýsingum og samkennd yfirsterkari munum við lifa í fátækara samfélagi í víðum skilningi. Um heim allan hefur farið bylgja stjórnmála (sem reyndar er alls ekki ný af nálinni) sem hægt er að kenna við populisma eða lýðhyggju. Eitt megineinkenni slíkrar stefnu er að búa til óvin í einfaldaðri heimsmynd sem snýst um okkur á móti þeim, hinum, þessum vondu. Við erum hin réttu, þau eru hin röngu. Í þessum nýja heimi lýðhyggjunnar er það skylda hvernar þjóðar að vernda sína hagsmuni fyrst og helst loka sig af frá víðtæku alþjóðlegu samstarfi í nafni misskilins sjálfstæðis og sjálfsstjórnar. Það versta er að með stuttum lestri sagnfræðiriti um 19. og 20. öldina er auðvelt að



## BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS Á HÁSKÓLAHÁTÍÐ 15. JÚNÍ

sjá hvert þessi nýja stefna mun leiða okkur – hún mun leiða okkur til mannvönsku, illsku og styrjalda. Heimurinn er mun flóknari en svo að hægt sé að stilla öllum upp sem vinum eða óvinum, okkur á móti þeim.

### Ágætu kandídatar

Það er spurning hvort það sé „rétti stemmarinn“ að tala um styrjaldir og mannvönsku við jafn hátíðlega athöfn og við höfum hér í dag, en stundum verðum við að minna á grunngildi og láta í okkur heyra til að tryggja að það verði ekki frá okkur tekið sem við aldrei megum missa – frelsið til að fá að vera við sjálf.

Og nú þegar þið hafið lokið ykkar fyrstu háskólagráðu standið þið á þeim merku tímamótum að þurfa að taka enn stærri ákvarðanir. Hvert á að halda næst? Á að stefna á frekara nám eða skella sér í uppgrip til að greiða yfirdráttarlán námsáranna? Ætlið þið að veita fjölskyldu og vinum alla athygli í sárabót fyrir tapaðan tíma á námsárunum? Er ykkar tími kominn til að slaka á og aðrir geta þá séð um að byggja upp samfélagið? Staðreyndin er sú að við verðum öll, og þið unga fólkið sérstaklega, að takan virkan þátt í að móta og byggja upp samfélag okkar. Við verðum að taka þátt í samræðunni, ekki sem nettröll sem skríða fyrir framan lykllaborðin eftir miðnættið, heldur sem upplýstir einstaklingar sem hlusta og ræða saman þangað til samfélagið kemst að niðurstöðu um það hvað sé rétt og hvað sé rangt. Svo hefjum við hringinn á ný; þetta er stöðugt samtal um samfélag okkar og grunn-gildin, og hvernig við viljum nota þau til að byggja upp frjálst, öflugt samfélag. Ekki láta hjá líða að mæta á kjörstað, ekki láta hjá líða að gera athugasemdir við frumvörp og lög sem sett eru fram og – sem er kannski mikilvægara – ekki láta hjá líða að gera jákvæðar athugasemdir við ný lög eða stefnur sem settar eru fram á Alþingi á hverjum tíma. Nútíminn býður uppá auðveldar leiðir til þess að við séum öll virk sem þátttakendur í samfélagi okkar, leiðir sem við getum notað til að hafa jákvæð áhrif. Við getum þó líka valið þær til að vera virk í athugasemdum, en hvernig verður samfélag okkar ef við leyfum virkum að einoka lykllaborðin og færa miðnæturorðræðunetröllin yfir í raunheima. Það er á okkar ábyrgð að skapa gott samfélag og ég vil hvetja ykkur, kæru kandídatar, til að vera virk í uppbyggingu ykkar bæjarfélags, taka þátt í mótun íslensks samfélags og muna að þið eruð hluti af þínulitlu samfélagi íbúa á þínulitlum hnetti í alheiminum hvers eina leið til að deyja ekki út er að vinna saman, í sátt og samlyndi, til lausnar á þeim miklu áskorunum sem við stöndum frammi fyrir.

### Kæru kandídatar, samstarfsfólk og gestir

Síðasta starfsár hefur á margan hátt verið erfitt fyrir okkur vegna álags, sístækkandi skóla og aukinna krafna sem til okkar eru gerðar sem opinberrar alþjóðlegrar menntastofnunar. Ekkert var þó erfiðara en að missa

einn af okkar eigin starfsmönnum sem lést eftir skammvinna baráttu við krabbamein síðla vetrar. Við minnumst Ágústar Þórs Árnasonar, eins af frumkvöðlum háskólasamfélagsins og samstarfsfélaga, fyrir kraft hans og vilja til að efla Háskólann á Akureyri og heimspekilega rýni á tilgang okkar og markmið.

### Kæru kandídatar og gestir nær og fjær

Við stöndum frammi fyrir þeirri áskorun að skilgreina með hvaða hætti við viljum hafa aðgengi að íslenskum háskólum. Það er verkefni sem bíður okkar allra að leysa. En á sama tíma gleymum við ekki því sem vel er gert. Háskólarnir eru öflugar menntastofnanir sem enn ná að bjóða uppá nám sem er fyllilega sambærilegt við nám sem almennt býðst í öðrum löndum. Með eflingu rannsóknarþáttarins og meiri tengingu við alla hluta samfélagsins munum við ná að bæta hag okkar allra, sama hvar við búum. Þetta væri ekki hægt nema fyrir þá staðreynd að við höfum byggt upp öflugan mannauð sem er reiðubúinn að leggja mikið á sig til að viðhalda gæðum náms og rannsókna í umhverfi sem á margan hátt er takmarkað. Ég vil því þakka öllu starfsfólki Háskólans á Akureyri fyrir óeigingjarnt starf og tryggt við skólann okkar sem við viljum svo gjarnan geta boðið sem flestum til að stunda nám við, með stuðningi stjórnvalda, svo unnt sé að tryggja gæði náms og tryggja að við leggjum ekki sífellt auknar byrðar á herðar sama starfsfólksins, sömu kennara og sömu stoðþjónustueininga. Við treystum á stuðning ykkar allra.

### Ágætu kandídatar

Ykkur, fjölskyldum ykkar og ástvinum óska ég til hamingju. Takk fyrir að hafa verið með okkur síðustu árin og fyrir að hafa valið HA sem ykkar háskóla. Ég minni samt á að þetta er áfangi í leit ykkar að góðu og innihaldsríku lífi – og leitin heldur áfram. Hvert sem sú leit ber ykkur óska ég ykkur góðs gengis í frekara námi eða starfi.



# BRAUTSKRÁNING FRÁ HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI

**Brautskráning kánídáta fór fram tvo daga í röð, 14. og 15. júní.** Kánídáta úr framhaldsnámi voru brautskráðir þann 14. júní og kánídáta úr grunnnámi voru brautskráðir á Háskólahátíð 15. júní. Þetta er annað árið í röð sem það fyrirkomulag var haft.

Heiðursgestur Háskólahátíðar var Vilborg Arna Gissurardóttir, ævintýrakona og pólfari, og flutti hún heilnæma og einlæga ræðu þar sem hún hvatti kánídáta til að setja sér markmið og leggja hart að sér til að ná þeim. Kynnar voru Berglind Ósk Guðmundsdóttir og Guðmundur Gunnarsson, bæði á Háskólahátíðinni og brautskráningu framhaldsnáms.

Tvisvar á ári, 15. febrúar og 15. október, fá þeir stúdentar sem hafa lokið námi brautskráningarskríteini afhent þó að formleg brautskráning fari ekki fram nema í júní.



## **Föstudaginn 14. júní brautskráðust 116 kánídáta úr framhaldsnámi**

Þeir skiptust þannig milli fræðasviða:

Heilbrigðisvísindasvið: 25

Hug- og félagsvísindasvið: 67

Viðskipta- og raunvísindasvið: 24

**33 kánídáta fengu skírteini sín í október 2018 og febrúar 2019.**

**Alls brautskráðust því 149 úr framhaldsnámi á skólaárinu 2018-2019.**

## **Á háskólahátíð laugardaginn 15. júní brautskráðust 304 kánídáta úr grunnnámi**

Þeir skiptust þannig milli fræðasviða:

Heilbrigðisvísindasvið: 63

Hug- og félagsvísindasvið: 168

Viðskipta- og raunvísindasvið: 73

11 kánídáta fengu skírteini sín í október 2018 og febrúar 2019.

**Alls brautskráðust því 315 úr grunnnámi skólaárið 2018-2019.**

### **Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í grunnnámi hlutu:**

Hjúkrunarfræði: Arna Hrönn Árnadóttir

Iðjuþjálfunarfræði: Eva Snæbjörnsdóttir

Félagsvísindadeild: Anna Sigríður Ólafsdóttir

Kennaradeild: Ásgrímur Helgi Gíslason

Lagadeild: Úrsúla María Guðjónsdóttir

Sálfræðideild: Ester Guðbjörnsdóttir

Auðlindadeild: Eva María Ingvadóttir

Viðskiptadeild: Nanna Lind Stefánsdóttir

**Viðurkenningu Zontaklúbbs Akureyrar** fyrir framúrskarandi ritgerð um aukin réttindi kvenna og/eða jafnrétti hlaut Ólöf María Brynjarsdóttir.

Háskólahátíð var í beinni útsendingu frá sjónvarpsstöðinni N4 og því gátu allir landsmenn fylgst með.

Góðvinir Háskólans á Akureyri og háskólinn buðu upp á veitingar í móttöku fyrir alla viðstadda að lokinni brautskráningu báða dagana. Hátíðarhöldin náðu vel út fyrir veggja háskólans í góðu veðri.

## BRAUTSKRÁNING FRÁ HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI



Axel Trausti Gunnarsson, ML í lögfræði flutti ávarp fyrir hönd kandiðata þann 14. júní 2019



Heiða Björg Guðjónsdóttir, B.Ed. í kennarafræði, flutti ávarp fyrir hönd kandiðata á Háskólahátíð 15. júní



Heiðursgestur á Háskólahátíð var Vilborg Arna Gissurardóttir, ævintýrakona og pólfari, og flutti hún ávarp



# HÁSKÓLAHÁTÍÐ - BRAUTSKRÁNING

Laugardaginn 13. júní kl. 15 á sjónvarpstöðinni N4

---

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

### **B.S. Iðjuþjálfunarfræði**

Aðalheiður Þorsteinsdóttir  
Aldís Anna Þorsteinsdóttir  
Andrea Björt Ólafsdóttir  
Ásta Margrét Jónsdóttir  
Díana Kristín Sigmarsdóttir  
Elíngunn Rut Sævarsdóttir  
Elísabet Ósk Jónsdóttir  
Eva Björk Birgisdóttir  
Eyðís Helga Garðarsdóttir  
Freyja Gunnarsdóttir  
Guðbjörg Guðmundsdóttir  
Guðlaug Þórlindsdóttir  
Guðrún Agla Gunnarsdóttir  
Guðrún Lilja Jóhannsdóttir  
Heiðdís Rós Svavarsdóttir  
Helga Dröfn Jónsdóttir  
Herdís Júlía Júlíusdóttir  
Hildur Hjartardóttir  
Hólmfríður Einarsdóttir  
Inga Margrét Benediktsdóttir  
Margret Elva Sigurðardóttir  
Sigríður Arna Lund  
Steinunn Þorsteinsdóttir  
Sunna Hlynsdóttir  
Sylvía Dögg Ástþórsdóttir  
Sylvía Halldórsdóttir  
Valgerður Þórunn Ásgeirsdóttir  
Þórhildur Sölvadóttir

### **B.S. Hjúkrunarfræði**

Adama Ndure  
Aðalheiður Ósk Valdimarsdóttir  
Alma Egilsdóttir  
Anna Árnadóttir  
Anna Karen Sigurjónsdóttir  
Auður Garðarsdóttir  
Ása Hrund Eiríksdóttir  
Ásmundur Rúnar Ívarsson  
Berglind Ýr Gunnarsdóttir  
Bergrún Guðmundsdóttir

Birna Ásgeirsdóttir  
Birna Steingrímsdóttir  
Bjarndís Helga Blöndal  
Dagný Rún Þórgrímsdóttir  
Elísabet Ragna Hannesdóttir  
Elísabeth Tanja Gabrielludóttir  
Eva Núra Abrahamsdóttir  
Eva María Gísladóttir  
Eva Magnúsdóttir  
Eyrún Ósk Stefánsdóttir  
Guðríður Lilja Lýðsdóttir  
Guðrún Lilja Jónsdóttir  
Halla Björt Ármannsdóttir  
Halldóra Da Costa Ágústsdóttir  
Herdís Jóna Birgisdóttir  
Herdís Elín Þorvaldsdóttir  
Hrafnhildur Rut Hauksdóttir  
Inga Lára Guðmundsdóttir  
